



Sámur

BLAÐ HUNÐARÉKTARFÉLAGS ÍSLANDS

3. tbl. 36. árg. desember 2013





© NEMMI / STA / NTB/CC

Hundavernd VÍS tryggir hundinn þinn

Hið óvænta gerir ekki boð á undan sér og því er mikilvægt að hafa hundana rétt tryggða. Líftrygging er góður kostur fyrir þá sem vilja líftryggja hundinn sinn. Sjúkrakostnaðartrygging færir hundinum bestu meðhöndlun sem völ er á ef hann veikist eða

slasast. Auk líf- og sjúkrakostnaðartrygginga býður VÍS upp á afnotamissistryggingu, umönnunartryggingu og ábyrgðartryggingu fyrir hunda. Dýravernd VÍS tryggir einnig hesta og ketti og hún kostar minna en þú heldur.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | Sími 560 5000 | VIS.IS



Stjórn HRFÍ

Formaður:

Jóna Th. Viðarsdóttir

Varaformaður:

Herdís Hallmarsdóttir

Gjaldkeri:

Delia Howser

Meðstjórnendur:

Arinbjörn Friðriksson,

Brynja Tomer,

Guðmundur A. Guðmundsson

og Ólafur E. Jóhannsson.

Ábyrgðarmenn:

Fríður Esther Pétursdóttir

Jóna Th. Viðarsdóttir

Ritstjóri:

Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Auglýsingastjóri:

Magnús Sævar Magnússon

Ritnefnd:

Anja Björg Kristinsdóttir,

Berglind Magnúsdóttir,

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Inga Björk Gunnarsdóttir,

Heiðrún Villa Ingudóttir

og Jóhanna Reykjalín

Prófarkalestur:

Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Yfirlestur og önnur aðstoð:

Fríður Esther Pétursdóttir og

Jóna Th. Viðarsdóttir

Umbrot:

Linda Björk Jónsdóttir

Sámur kemur út þrisvar

sínum á ári. Aðsent

efni í blaðið er á ábyrgð

höfundar og þarf

ekki að lýsa skoðun

ritnefndar eða stefnu

félagsins. Eftirprentun er

bönnuð nema að

fengnu leyfi höfundar.

Útgefandi:

Hundaræktarfélag Íslands

Síðumúla 15

108 Reykjavík

Sími: 588-5255

Vefsíða: www.hrfi.is

Netfang: hrfi@hrfi.is

ISSN 1027-4235

Sámur 3. tbl 36. árg 2013

Frá ritstjóra

Hundar eru ekki jólagjafir. Ég vona að allir sem lesi þennan pistil geri sér grein fyrir því. Því miður er til fólk sem lætur sér detta til hugar að gefa sínum nánustu hund í jólagjöf án þess að vera búíð að




hugsa málið til hlítar. Hvað ef að viðkomandi er svo ekki tilbúinn að skuldbinda sig til 12-15 ára? Langar ekki í hund? Er með ofnæmi fyrir hundum? Hefur ekki efni á að eiga hund? Svona mætti lengi telja. Hundar eru ekki jólagjafir frekar en önnur dýr sem þarfnast mikillar umhyggju og ræktendur sem auglýsa hvolpa sem jólagjafir...ég ætla ekki að hafa nein orð um þá enda er hætta á að ég skrifi eitthvað sem á ekki heima í pistli sem þessum!

Hins vegar er allt annað mál þegar búíð er að hugsa málið í þau og hundurinn er „jólagjöf“ fjölskyldunnar það árið. Þannig var það þegar fjölskyldan mín fékk sinn fyrsta hund, árið 1988 þegar ég var aðeins 5 ára gömul. Þá var Sara Klara okkar, 8 vikna svört labrador-tík, jólagjöf fjölskyldunnar. Hún fæddist í október, var tilbúin til afhendingar í desember og þess vegna kölluðum við hana „jólagjöfina okkar“. Okkur hafði langað í hund í mörg ár en vorum ekki í aðstöðu til að fá okkur hund fyrir en Sara Klara kom til okkar. Nokkrum árum áður höfðum við hitt mömmu Söru Klöru, hana Síbu og son hennar, Gordó og er óhætt að segja að þau mæðgin hafi heillað okkur upp úr skónum. Við biðum lengi eftir því að Síba myndi eignast hvolpa og loksins varð úr því og við pöntuðum strax hvolp úr gotinu. Það er ein besta ákvörðun sem fjölskyldan hefur tekið enda erum við á kafi í hundasportinu í dag!

Ég óska ykkur öllum, kæru lesendur, gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Munið að hlúa vel að ferfætlingunum um áramótin og gerið viðeigandi ráðstafanir.

Jólakveðja,

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, ritstjóri



Forsíðumynd:

Forsíðumynd að þessu sinni prýðir íslenska fjárhunds-tíkin *Sunnusteins Vissa*. Eigandi hennar er Þorsteinn Thorsteinson sem jafnframt tók myndina

Efnisyfirlit

Frá ritstjóra.....	3
Stofn íslenska fjárhundsins á Íslandi.....	4
Ráðstefna félags hundapjálfa í Evrópu.....	10
Handfóstrun hvolpa.....	12
Hanna Arnórsdóttir, dýralæknir.....	16
Snati og nýja barnið okkar.....	18
Alþjóðleg hundasýning HRFÍ í september.....	20
Þjónustuhundur ársins 2013.....	28
Aftekshundur ársins 2013.....	29
Alþjóðleg hundasýning HRFÍ í nóvember.....	30
Stigahæstu ársins 2013.....	42
Nýjir meistarar.....	38
Hundaræktandinn, Soffía Kwaszenko.....	44
Að venja hund á yfirvegun.....	48
Undaneldisrákinn.....	50
Tegundakynning, Weimaraner.....	52
Hundasvæði.....	54
Blómadropar fyrir hunda(I-P).....	56
Frá Unglingadeild.....	60
Ekki gera málamíðlanir varðandi taugakerfi hundsins.....	64
Frá Hundaræktarfélagi Íslands.....	66
Deildarfréttir.....	68



Stofn íslenska fjárhundsins á Íslandi

Höfundur: Þorsteinn Thorsteinson

Upplýsingar úr ræktunarforritinu LatHunden

Ræktunarstefna ISIC

ISIC, Icelandic Sheepdog International Cooperation, er samstarfs-
vettvangur landa um allt það er snýr að íslenska fjárhundinum,
velferð hans og ræktun í nútíð og framtíð.

Aðildarlönd ISIC hafa samþykkt alþjóðlega ræktunarstefnu fyrir
íslenska fjárhundinn en meginþáttur hennar snýr að verndun
og varðveislu stofnsins og byggir stefnan á ráðleggingum
sérfræðinga, þeim Dr. Per Erik Sundgren og Dr. Pieter Oliehoek.

Ræktunarstefnu ISIC er ætlað að styðja ræktun heilbrigðra
hunda með góða vinnueiginleika og dæmigerða lund íslenska
fjárhundsins og eru helstu atriði hennar eftirfarandi:

1. Erfðagrunnur

Með framtíð íslenska fjárhundsins í huga er nauðsynlegt að
viðhalda erfðabreytileika tegundarinnar en markmiðið er
að viðhalda og ná erfðagrunni heildarstofnsins (e. Effective
population size) í 150-200 sem er nægjanlega hátt svo
erfðabreytileiki glattist ekki að ráði.

- a. ISIC mælir því með að fjöldi afkvæma einstakra
undaneldishunda verði ekki fleiri en 35 og að hver hundur
eignist ekki meira en helmingi fleiri barnabörn.
- b. ISIC mælir með að fjöldi afkvæma einstakra undaneldistika
verði ekki fleiri en 25.

Þessar tölur eiga við allt æviskeið hunda og eru óháðar því í hvaða
landi þeir búa.

2. Heilbrigði

Einungis ætti að rækta frá heilbrigðum hundum.

- a. ISIC mælir með að mjaðmaniðurstaða ræktunardýra sé þekkt
og markmiðið er að rækta einungis frá hundum með
A eða B mjaðmir.
- b. ISIC mælir með að öll ræktunardýr séu augnskoðuð og séu
án arfgengra sjúkdóma.

3. Lund

Svo viðhalda megi lund íslenska fjárhundsins er mælt með
að hundar fari í skapgerðarmat (MH) áður en ræktað er frá
þeim. Stefnt er að gerð tegundarprófils út frá niðurstöðum
skapgerðarmats íslenska fjárhundsins.

Gagnagrunnur

Segja má að kjarni ISIC samstarfsins felist í alþjóðlegum gagnagrunni yfir alla ættbókfærða íslenska fjárhunda í aðildarlöndunum. Samstarf sem þetta er talið einstakt í hundaheiminum og gríðarlega mikilvægt til framtíðar litið þegar hugsað er um þann takmarkaða erfðagrunn sem stofn íslenska fjárhundsins byggir á.

Öll aðildarlönd ISIC eiga og nota LatHunden, forrit sem sænski erfðafraeðingurinn Dr. Per-Erik Sundgren hannaði. Forritið býður upp á ýmsa möguleika til greiningar á stofni íslenska fjárhundsins, í hverju landi fyrir sig og í framtíðinni sömuleiðis á heildarstofninum.

Staða stofns íslenska fjárhundsins á Íslandi

Lesi má margskonar upplýsingar um stofn íslenska fjárhundsins á Íslandi út úr LatHunden en í gagnagrunni forritsins hjá DÍF eru allir ættbókfærðir íslenskir fjárhundar hjá HRFÍ allt frá því skráningar hófust.

Meðaltals-skyldleikastuðull í ræktun íslenska fjárhundsins á Íslandi árið 2012 var 3,6% og að meðaltali voru um 4 hvolpar í goti. Nánari lista yfir skráningar, skyldleikastuðul og gotstærð má finna í töflu 1. Skyldleikastuðullinn segir til um þann erfðabreytileika sem glatast og hafa verður í huga að raunveruleg innræktun er hærri þar sem við útreikninga eru einungis skoðaðar 5 kynslóðir og ekki tekið tillit til fyrri innræktunar. Æskilegast er því að miða við að skyldleikastuðull sé að jafnaði ekki hærri en 2-2,5% við þörun.

Hægt er að skoða yfirlit yfir ræktun undanfarinna ára, sjá töflu 2. Ánægjulegt er að sjá að engin skráð got eru undan hvolpum yngri en 1 árs en alls hafa þó 14 rakkar og 11 tikur, fædd á árunum 2003-2012, verið notuð til undaneldis fyrir tveggja ára aldur. Að meðaltali eignast undaneldisrakkar 10,7 afkvæmi en sá rakki fæddur á tímabilinu, sem á flest, á alls 40 skráð afkvæmi og er slíkur hundur skilgreindur sem Matador. Að meðaltali eignast undaneldistíkur 7,6 afkvæmi en þar er metið 22 sem er innan ráðlagðra marka. Skyldleikastuðull undaneldisdýra, bæði rakka og tíka, er 5,1%.

Miðhluti töflu 2 er tileinkaður svokölluðum Matadorum en taka skal fram að inni í þessum hluta töflunnar eru ekki einungis hundar fæddir á árunum 2003-2012 heldur einnig næsta kynslóð á undan. Matadorar draga nafn sitt af nauti sem notað var ótæpilega til undaneldis og reyndist vera arfberi fyrir sjúkdóm í eistum (e. inherited testicular hypoplasia). Þegar þetta kom í

All dogs registered from 2003-2012

Total =	984	i %
Males =	497	50,5
Females =	487	49,5
Breeding Males =	55	11,1
Breeding females =	78	16
Litter size =	4,3	

Year	No.	Inbreeding %	Litter size
2003	104	4,7	4,3
2004	97	4,5	4,4
2005	89	3,5	3,4
2006	90	6,3	4,7
2007	107	4,1	4,9
2008	111	5,1	3,8
2009	77	4,6	4,8
2010	91	3,9	4,1
2011	142	2,9	4,6
2012	76	3,6	4,2
M =	98,4	4,3	4,3

Generations in pedigree = 5

Tafla 1: Yfirlit yfir fjölda skráninga, skyldleikastuðul og gotstærð árin 2003-2012

ljós voru þessi slæmu gen útbreidd um allan nautgripastofninn sökum ofnotkunar og tók það áratuga val við ræktun að losa stofninn við þessi slæmu gen. Allar götur síðan hafa ofnotuð undaneldisdýr verið kölluð Matadorar.

Grundvallarreglan er sú að enginn undaneldishundur ætti að eignast fleiri en sem jafngildir 5% allra skráðra hvolpa undan hundum sem tilheyra sömu kynslóð. Ráðleggingar LatHunden eru því reiknaðar út frá fjölda skráninga í tegundinni undanfarin 5 ár. Útreikningar í forritinu sýna að ákjósanlegast væri ef einstakir undaneldishundar myndu ekki eignast fleiri en 11 afkvæmi en jafnframt að ásættanlegur hámarksfjöldi afkvæma einstakra undaneldishunda er 27.

Allir undaneldishundar sem eignast fleiri en 27 afkvæmi, eða fleiri en 54 barnabörn (2x 27), eru skilgreindir sem Matadorar. Ávallt skal þó hafa í huga að við þessa útreikninga er einungis litið á stofn íslenska fjárhundsins á Íslandi, ekki heildarstofn íslenska fjárhundsins sem er nauðsynlegt að gera til framtíðar litið.

Athyglisvert er að sjá að sá hundur sem á flest skráð afkvæmi hefur feðrað 65 hvolpa en hann á þó einungis 56 barnabörn og einungis brot af þeim fór áfram í ræktun. Metið í fjölda barnabarna er 179 en sá hundur átti 34 afkvæmi. Tafla 2 leiðir einnig í ljós að Matadorar eru feður 34% allra skráðra hvolpa og 54% skráðra hvolpa eru barnabörn Matadora.

Í dag eru 12 undaneldishundar skilgreindir sem Matadorar en sjá má lista yfir þá í töflu 3. Hafa skal í huga að á listanum eru hundar fæddir allt frá 1992 – 2007 og ekki er nóg að horfa einungis á fjölda afkvæma heldur ætti sömuleiðis að skoða fjölda barnabarna. Jafnvel fjöldi barnabarna einn og sér segir þó ekki ávallt alla söguna um það hve dreifð gen viðkomandi hunds eru/verða um ræktunarstofninn. Mjög misjafnt er hve mörg afkvæmi einstakra undaneldishunda (og tíka) halda áfram í ræktun og það sama á við um barnabörnin. Hér ætti einnig að hafa í huga að í sumum tilvikum hafa ræktendur selt alla hvolpa úr goti til annarra landa og þá mun engin framræktun verða úr þeim gotum hér á landi.

Kynslóðabil (e. generation interval) skiptir máli og hefur áhrif á tap erfðabreytileika sem á sér stað milli kynslóða. Kynslóðabilið sem sjá má í töflu 2 er fundið út frá fjölda ára milli fyrsta gots foreldra og meðalaldri afkvæma þeirra þegar þau eignast sitt fyrsta got. Í dag er kynslóðabilið frá 4,6 – 6,6 ár eftir því hvernig það er reiknað. Þetta er gott að hafa í huga því aukið kynslóðabil

BREEDING WITH DOGS BORN IN PERIOD

	Males	Females
Mean age at 1st mating =	1168	1249
Lowest age at 1st mating =	367	407
1st litter before 1 year =	0	0
1st litter before 2 year =	14	11
Average no. of progeny =	10,7	7,6
Largest no. of progeny =	40	22
Own inbreeding % =	4,8	5,1

Breeding use of "Matadors"

Max advisable no. pups =	11
Max. acceptable no. pups =	27
Largest no. pups =	65
Largest no. grandchildren =	179
"Matadors" no. =	12
"Matadors" % =	11
Matador pups in % =	34
Matador grandchildren % =	52

GENERATION INTERVAL

	Days	Years
Father to sons =	2420	6,6
Father to daughters =	2285	6,2
Mother to sons =	1663	4,6
Mother to daughters =	1750	4,8
Parents to progeny =	2025	5,5

Tafla 2: Ræktun á árunum 2003-2012

hægir á glötun erfðabreytileika úr stofninum. Íslenskir hundar eru ekki fullproskaðir fyrr en 2-3 ára og það þarf ekkert endilega að rækta frá hundum/tikum strax við tveggja ára aldurinn.

Í töflu 4 má sjá tíðnitöflu yfir fjölda hvolpa í goti en í stærsta goti undanfarinna ára voru 8 hvolpar og meðalaldur tíka þegar þær áttu got var 4,3 ár.

Innræktun hefur áhrif á frjósemi rétt eins og sjá má skýrt í töflu 5 en taflan sýnir einmitt stig innræktunar og áhrif hennar.

Taflan er sett upp eftir því sem kallað eru

„**Ræktunargerðir**“ (e. mating type):

Gerð I = foreldrar minna skyldir en systkinabörn ($F_x < 6,25\%$);


Gerð II = foreldrar eins mikið skyldir og systkinabörn en minna skyldir en hálsystkini ($F_x = 6,25-12,24\%$);

Gerð III = foreldrar eins mikið skyldir og hálsystkini en minna skyldir en alsystkini ($F_x = 12,5-24,99\%$);

Gerð IV = foreldrar eins mikið skyldir og alsystkini eða foreldri og afkvæmi ($F_x \geq 25\%$).

Taflan sýnir án vafa að meðaltalsgotstærð minnkar samhliða aukinni innræktun enda er stærð gota að meðaltali 4,1 í Gerð I en einungis 2,8 í Gerð 4.

Hægt er að kalla fram í LatHunden margvíslegar upplýsingar til viðbótar, sem sagt fjölda barnabarna sem undaneldisdýr hafa eignast allt frá því skráningar hófust og til dagsins í dag. Töflur 6 og 7 sýna yfirlit yfir undaneldishunda annars vegar og undaneldistíkur hins vegar sem eiga 50 eða fleiri barnabörn.



Tafla 4: Frjósemi

Ræktunargrunnur (e. Effective Population Size) er mælikvarði til að meta samfelld tap á erfðabreytileika. Reiknaður ræktunargrunnur verður því minni sem innræktun er meiri samanborið við fjölda ræktunardýra en meginreglan er að ef ræktunargrunnur fellur niður fyrir 50 þá sé allur stofninn í hættu. Ræktunargrunni er skipt í tvennt, það er hagnýtan ræktunargrunnur (e. Utilized Effective Population Size) og tiltækan ræktunargrunnur (e. Available Effective Population Size). Sjá töflu 8.

Útreikningar á hagnýtum ræktunargrunni byggjast á því hvernig ræktendur hafa notað hunda sína við ræktunina. Í dag er hagnýtur ræktunargrunnur stofns íslenska fjárhundsins á Íslandi 56 og því yfir þeim mörkum sem Per-Erik Sundgren nefnir sem hættumörk.

Tiltækur ræktunargrunnur byggir á sömu gildum og hagnýti ræktunargrunnurinn en tveimur kynslóðum síðar eftir handahófskennda „pörun“ ræktunardýra í forritinu. Tiltæki ræktunargrunnurinn segir því til um þá möguleika sem eru til staðar leggi ræktendur sig fram til viðhalds þess erfðabreytileika sem stofninn býr yfir. Í dag er tiltækur ræktunargrunnur á bilinu 48-78.

Ekki er nefnd ákveðin tala því þessir útreikningar byggjast á handahófskenndum pörunum í tvær kynslóðir. Þar af leiðandi þarf að framkvæma útreikningana nokkrum sinnum og finna

meðaltal. Hagstæðasta útkoman fyrir stofninn okkar í dag er tiltækur ræktunargrunnur upp á 78 en sú óhagstæðasta er einungis 48 sem veldur nokkrum áhyggjum. Ljóst er að einstök undaneldisdýr eru orðin það algeng í bakgrunni ræktunardýra að erfitt getur verið að finna maka sem ekki hefur þessa sömu hunda í sínum bakgrunni og því mikilvægt að við leggjum okkur fram um að nýta vel þann erfðabreytileika sem stofninn býr yfir og nota til ræktunar áður ónotaða hunda.

Útfráútreikningumáræktunargrunnierhægtaðgreina þau áhrif sem einstakir karlhundar hafa á stofninn. Forritið „parar“ hunda síðustu 10 ára við allar tíkur sem eignuðust got á síðustu 5 árum, greinir bakgrunn þannig „gota“ og reiknar út skyldleikastuðulinn.


The Mating type include all 2nd and 3rd litters in the database

Mating type				
	1	2	3	4
No. litters	334	166	121	44
Inbreeding %	2,8	8,7	17,1	30,4
Litter size	4,1	3,9	3,8	2,8


Tafla 5: Ræktunargerðir

Ættb.nr.	Nafn	Fd.	Skyldleikastuðull (%)	Afkvæmi	Barnabörn
IS02514/92	Kolur frá Húsatóftum	30.5.1992	2,3	39	28
IS03035/94	Týr frá Húsatóftum	4.2.1994	2,3	65	56
IS04150/96	Ýrar Akkur	26.3.1996	3,7	34	179
IS04367/97	Kolgrímur	23.11.1996	7,2	42	109
IS04739/97	Gjósku Vaskur	12.8.1997	0,9	31	60
IS05329/99	Hektor	7.1.1999	3,5	50	162
IS06265/01	Leiru Þórshamar Týri	23.2.2001	7,7	16	55
IS07505/03	Blandon von Hoytts Snati	16.4.1995	5,6	21	66
IS07513/03	Stjörnuljósa Mána Snarpur	25.7.2003	5,5	28	33
IS07616/04	Kirkjufells Kappi	29.9.2003	5,9	34	56
IS09862/06	Stefsstells Skruður	12.5.2006	2	40	22
IS11384/07	Stefsstells Stefmir	23.8.2007	4,6	36	0

Tafla 3: Skilgreindir Matadorar á Íslandi fyrir árin 2003-2012



Tafla 6: Undaneldishundar sem eiga 50 eða fleiri barnabörn



Tafla 7: Undaneldistukur sem eiga 50 eða fleiri barnabörn

Meðaltals-skyldleikastuðull þessara „gota“ er skoðaður og áhrif hundanna á stofninn sýnt sem hlutfall (%) frá meðaltali hans. Því er æskilegt að útkoman sé neikvæð, það er í mínus, því þeir hundar munu leggja af mörkum til lækkunar á skyldleikastuðli stofnsins. Jákvæð útkoma merkir hins vegar að viðkomandi hundur er skyldari ræktunartíkunum en meðaltal stofnsins. Þau gen sem sá hundur ber eru því þegar útbreidd í stofninum og notkun hans til ræktunar mun lækka ræktunargrunninn og þannig stuðla að glötum á erfðabreytileika.

Langflestir hundar í stofninum eru hlutlausir (e. neutral), það er þeir eru nálægt meðaltali stofnsins svo notkun þeirra í ræktun stuðlar hvorki að auknum erfðabreytileika né glötun hans. Samkvæmt forritinu er æskilegt að forðast að nota nokkra hunda en þónokkuð margir fá stimpilinn OK, það er notkun þeirra til ræktunar myndi leggja af mörkum til lækkunar á skyldleikastuðli stofnsins og þar með stærra ræktunargrunni.



Tafla 8: Ræktunargrunnur

Listi yfir þá hunda sem fá stimpilinn OK í dag má finna í töflu 9. Ávallt skal þó hafa í huga þegar þessi listi er skoðaður að þarna er ekki tekið tillit til heilbrigðis eða annarra þátta sem geta haft áhrif á ákvarðanir við ræktun. Einungis er því litið á ættbókina og hugsað um viðhald þess erfðabreytileika sem stofninn býr yfir og er svo mikilvægt svo íslenski fjárhundurinn megi lifa og verði áfram eins heilbrigður og hann er í dag.

Hafa verður í huga að það hlutfall (%) sem hundunum hefur verið gefið er einungis til viðmiðunar og breytist þegar forritið er uppfært og getur breyst um nokkur stig á milli útreikninga þar sem þeir byggjast á fyrrgreindum útreikningum á ræktunargrunni.

Einnig má ekki gleyma að eftir er að mjaðmamynda og augnskoða flesta þessa hunda sem er skilyrði fyrir skráningu afkvæma þeirra í ættbók. Engum hundi var viljandi sleppt af listanum og á listanum eru því hundar búsettir erlendis, hundar með mjaðmalos, eineistungar og hundar sem ekki eru lengur á lifi eða eru ekki aðgengilegir til ræktunar af öðrum orsökum.

Þá skal taka fram að þó hundar fái ekki hagstæða útkomu í þessum útreikningum fyrir stofninn á Íslandi gæti niðurstaðan orðið allt önnur væru þeir búsettir erlendis og sömu útreikningar gerðir fyrir stofn viðkomandi lands. Nánast öruggt er þó að hundar sem fá hagstæða útkomu í þessum útreikningum fyrir stofninn á Íslandi, það er í mínus, fái eins hagstæða útkomu í öðrum löndum. Það verður því sérstaklega athyglisvert að sjá þegar svona listi verður gerður fyrir heildarstofn íslenska fjárhundsins innan ISIC landanna.

Að lokum skal nefna að forritið býður ekki upp á svona útreikninga nema 10 ár aftur í tímann. Þar af leiðandi eru engir hundar eldri en 10 ára á listanum en þónokkur dæmi eru um eldri undaneldishunda á undanförunum árum sem sýnir vel hve heilbrigður hundur íslenski fjárhundurinn er.

Lokaorð

Við megum ekki sofna á verðinum og verðum að leggja okkur fram til viðhalds þess erfðabreytileika sem stofn íslenska fjárhundsins býr yfir. Forrit eins og LatHunden getur gefið okkur, ræktendum íslenska fjárhundsins, gagnlegar upplýsingar sem við ættum að kynna okkur og nýta við val í ræktun.

Þessar upplýsingar sem við höfum aðgengilegar um stofn þjóðarhundsins á Íslandi segja þó einungis hálfra söguna. Sérstaklega áhugavert verður að skoða þær niðurstöður sem fást þegar heildarstofn íslenska fjárhundsins innan ISIC-landanna verður kominn í LatHunden. Árlega eru margir íslenskir hvolpar fluttir frá landinu en einungis örfáir íslenskir fjárhundar hafa verið fluttir til Íslands og afkvæmi þriggja innfluttra má einmitt finna á listanum yfir þá hunda sem mest myndu leggja af mörkum til viðhalds erfðabreytileika stofnsins hér á landi. Innflutningur íslenskra fjárhunda til Íslands er því tvímælalaust eitthvað sem líta mætti til í framtíðinni enda má víða finna gullfallega íslenska fjárhunda utan landssteinanna.

Skyldleikastuðull, fjöldi afkvæma, ræktunargrunnur og aðrar upplýsingar sem LatHunden veitir okkur eru dýrmæt viðbót við þær upplýsingar sem eru aðgengilegar fyrir ræktendur og áhugafólk um íslenska fjárhundinn. Endanlegar ákvarðanir við val undaneldisdýra munu þó, hér eftir sem hingað til, vera hjá ræktendum sjálfum og niðurstöður úr forriti eins og LatHunden munu aldrei koma í stað heilbrigðrar skynsemi og sjálfsákvörðunarrettar hvers ræktanda fyrir sig.

Tafla 9: Rakkar sem myndu leggja af mörkum til skyldleikastuðuls stofns íslenska fjárhundsins á Íslandi

	Nr.	Nafn	Fd.	HD	Land					
-38%	IS07693/04	Frónar Þór	28.10.2003		Danmörk	-41%	IS10181/06	Kersins Bjartur II	31.10.2006	Finnland
-38%	IS07694/04	Frónar Óðinn	28.10.2003		Ísland, Grunarfjörður	-41%	IS10182/06	Kersins Orion	31.10.2006	Ísland, Reykjanesbær
-38%	IS07695/04	Frónar Ægir	28.10.2003		Ísland, Reykjavík	-41%	IS10183/06	Kersins Bárður	31.10.2006	Upplýsingar vantar
-38%	IS07696/04	Frónar Grettir	28.10.2003		Ísland, Grunarfjörður	-31%	IS10437/07	Þjakkur	23.9.2006	Ísland, Stykkishólmur
-39%	IS07741/04	Kersins Prins	1.12.2003	C	Ísland	-52%	IS10571/07	Hnokki	18.1.2007	Ísland, Hveragerði
-39%	IS07743/04	Kersins Mikkel	1.12.2003		Danmörk	-42%	IS10579/07	Þórdunu Norðan Bylur	10.2.2007	Ísland, Reykjavík
-39%	IS07747/04	Kersins James Bond	1.12.2003	C	Ísland, Dalvík	-42%	IS10580/07	Þórdunu Norðan Garri	10.2.2007	Dáinn
-27%	IS07767/04	Hnúks Breki	13.1.2004		USA	-50%	IS11240/07	Vetrarbrautar Erró	5.5.2007	Ísland, Selfoss
-27%	IS07768/04	Hnúks Bangsi	13.1.2004		Ísland, Reykjavík	-33%	IS11416/07	Grettir	23.8.2007	Ísland, Reykjavík
-27%	IS07769/04	Hnúks Baldur	13.1.2004		Ísland, Seltjarnanes	-52%	IS11509/08	Eldhamars Októ	29.9.2007	C Ísland, Breiðdalsvík
-50%	IS07921/04	Safir	4.10.2003		Ísland, Selfoss	-41%	IS11745/08	Kersins Baldur	26.1.2008	B Ísland, Akureyri
-50%	IS07922/04	Baron	4.10.2003		Ísland, Selfoss	-41%	IS11746/08	Kersins Lási	26.1.2008	Ísland, Dalvík
-50%	IS07925/04	Kastró	4.10.2003		Ísland, Kópavogur	-41%	IS11747/08	Kersins Lappi	26.1.2008	B Ísland, Flúðir
-50%	IS07926/04	Tinni	4.10.2003		Þýskaland	-39%	IS11751/08	Sindra Jökull	7.2.2008	B2 Þýskaland
-37%	IS08005/04	Máni	21.4.2004	C	Ísland, Reykjavík	-39%	IS11752/08	Sindra Jarl	7.2.2008	B1 Ísland, Reykjavík
-37%	IS08008/04	Prins	21.4.2004	C	Ísland, Reykjavík	-39%	IS11755/08	Sindra Jaki	7.2.2008	D Ísland, Reykjavík
-43%	IS08151/04	Reykjadals Óðinn	6.8.2004		USA	-50%	IS12180/08	Vetrarbrautar Tumi	17.5.2002	B Ísland, Akureyri
-43%	IS08153/04	Reykjadals Hrafn Dreki	6.8.2004	C	USA	-27%	IS12013/08	Lágafells Magni	17.3.2008	Grænland
-50%	IS08055/04	Sesar	24.5.2004		Upplýsingar vantar	-59%	IS12162/08	Móri	21.2.2008	Upplýsingar vantar
-50%	IS08056/04	Bassi	24.5.2004		Ísland, Selfoss	-59%	IS12164/08	Snati	21.2.2008	Ísland, Hvalsöllum
-50%	IS08057/04	Bangsi	24.5.2004		Ísland, Selfoss	-25%	IS12677/08	Fagrahvamms Huginn	6.9.2008	USA
-28%	IS08343/04	Eldhamars Tumi	17.9.2004		USA	-25%	IS12678/08	Fagrahvamms Muninn	6.9.2008	A1 USA
-28%	IS08345/04	Eldhamars Herkúles	17.9.2004		Ísland, Reykjavík	-48%	IS12711/08	Frónar Garpur	16.8.2008	Ísland, Grunarfjörður
-28%	IS08346/04	Eldhamars Freyr	17.9.2004	A	Ísland, Grunarfjörður	-30%	IS12773/08	Þórdunu Geyr	16.10.2008	Ísland, Mosfellsbær
-28%	IS08348/04	Eldhamars Lappi	17.9.2004		Ísland, Borgarfjörður	-30%	IS12774/08	Þórdunu Grani	16.10.2008	USA
-31%	IS08418/05	Garpur	29.6.2004		Ísland, Höfn í Hornafirði	-29%	IS12967/09	Spori	13.1.2007	Ísland, Kópavogur
-64%	IS08512/05	Vaskur	5.8.2004		Ísland, Reykjavík	-77%	IS13019/09	Stormur	15.11.2007	Danmörk
-64%	IS08514/05	Tumi	5.8.2004		Ísland, Reykjavík	-30%	IS13130/09	Frónar Kátur	22.8.2008	D Ísland, Reykjavík
-64%	IS08515/05	Vappi	5.8.2004		Ísland, Borganes	-77%	IS13171/09	Töfra Raggi Ljósgeisli	8.1.2009	Finnland
-64%	IS08516/05	Bangsi	5.8.2004		USA	-28%	IS13246/09	Ísrima Bjarki	19.3.2009	Ísland, Akureyri
-64%	IS08517/05	Týr	5.8.2004		Ísland, Hafnafjörður	-26%	IS13293/09	Spori	12.10.2008	Ísland, Snæfellsbær
-52%	IS08476/05	Gerplu Þjakkur	8.8.2004	A	Ísland, Reykjavík	-26%	IS13297/09	Stefsstells Hansi	3.3.2009	Ísland, Mostellsbær
-48%	IS08649/05	Vaskur	13.2.2005		Ísland, Garðarbaer	-26%	IS13298/09	Stefsstells Hávar	3.3.2009	C Ísland, Reykjavík
-48%	IS08651/05	Inni	13.2.2005		Ísland, Reykjavík	-26%	IS13299/09	Stefsstells Sponni	3.3.2009	Ísland, Selfoss
-41%	IS08849/05	Stjörnuljósa Kolskeggur	15.4.2005		Ísland, Selfoss	-26%	IS13300/09	Stefsstells Kolli Kola-Moli	3.3.2009	Ísland, Garðarbaer
-41%	IS08853/05	Stjörnuljósa Kolfinnur	15.4.2005		Ísland, Selfoss	-26%	IS13301/09	Stefsstells Vinur	3.3.2009	C Ísland, Selfoss
-33%	IS08879/05	Glanni	14.5.2005		Ísland, Hella	-33%	IS13764/09	Snjófells Óðinn	20.7.2009	B Ísland, Hveragerði
-33%	IS08880/05	Snati	14.5.2005		Ísland, Hella	-33%	IS13766/09	Snjófells Askur Alspora	20.7.2009	USA
-33%	IS08881/05	Sámur	14.5.2005		Ísland, Hvalsöllum	-29%	IS14227/10	Kersins Moli	25.11.2009	Ísland, Mosfellsbær
-66%	IS09083/05	Gerplu Snata Tryggur	15.5.2005	B	Ísland, Hvalsöllum	-29%	IS14228/10	Kersins Baltó II	25.11.2009	Ísland, Hölmavík
-46%	IS09101/05	Kersins Sproti	19.8.2005		Ísland, Reykjavík	-31%	IS14418/10	Töfra Tryggur Aron	25.1.2010	Austurríki
-46%	IS09102/05	Kersins Vinur	19.8.2005	C	Ísland, Selfoss	-31%	IS14419/10	Töfra Tinni Alexander	25.1.2010	Kanada
-46%	IS09103/05	Kersins Nætur Snati	19.8.2005	C	Ísland, Selfoss	-31%	IS14420/10	Töfra Tumi Arnór	25.1.2010	C Ísland, Stokkseyri
-46%	IS09104/05	Kersins Freyr	19.8.2005		Svíþjóð	-31%	IS14657/10	Heklu Frosti	7.2.2008	Ísland, Hella
-46%	IS09106/05	Kersins Kári	19.8.2005		Ísland, Reykjavík	-33%	IS14660/10	Fagrahvamms Váli	19.3.2010	A2 USA
-46%	IS09107/05	Kersins Kóngur	19.8.2005	A	Danmörk	-43%	IS14936/10	Íseyjar Moli	31.5.2010	Ísland, Reykjavík
-66%	IS09262/06	Trítlu Tumi	21.8.2005		Ísland, Borganes	-39%	IS15051/10	Heklu Finnur	1.7.2010	USA
-39%	IS09601/06	Sindra Mosi	25.1.2006	A	Ísland, Reykjavík	-39%	IS15052/10	Heklu Hugí	1.7.2010	Austurríki
-50%	IS09804/06	Vetrarbrautar Lappi	17.7.2005	C	Ísland, Akranes	-39%	IS15053/10	Heklu Spori	1.7.2010	Ísland, Kópavogur
-50%	IS09805/06	Vetrarbrautar Snati	17.7.2005		Ísland, Akureyri	-39%	IS15054/10	Heklu Týri	1.7.2010	Ísland, Hafnafjörður
-30%	IS09865/06	Mánaskálar Darri	1.6.2006		Ísland, Reykjavík	-53%	IS15220/10	Töfra Patti Prins	15.8.2010	Finnland
-30%	IS09866/06	Mánaskálar Dropi	1.6.2006		Ísland	-53%	IS15221/10	Töfra Pési Prúði Grámúli	15.8.2010	Ísland, Stokkseyri
-30%	IS09868/06	Mánaskálar Dagur	1.6.2006		Holland	-25%	IS15567/11	Kolur	6.10.2010	Ísland, Borganes
-43%	IS09871/06	Hvolpar	28.1.2006		Upplýsingar vantar	-39%	IS15614/11	Sindra Víkingur	5.12.2010	B1 USA
-27%	IS10148/06	Bási	28.7.2006		Ísland, Borgarfjörður	-39%	IS15615/11	Sindra Vindur	5.12.2010	Ísland, Reykjanesbær
-27%	IS10149/06	Askur	28.7.2006		Ísland, Tálknafjörður	-39%	IS15618/11	Sindra Vetur	5.12.2010	A Danmörk
-27%	IS10150/06	Rökkvi	28.7.2006		Ísland, Borganes	-34%	IS15653/11	Kersins Eiríkur Rauði	12.12.2010	USA
-27%	IS10151/06	Gutti	28.7.2006		Ísland, Kópavogur	-34%	IS15655/11	Kersins Mímír	12.12.2010	Ísland, Selfoss

-32%	IS15773/11	Íseyjar Blossi	16.2.2011	Ísland, Reykjavík
-32%	IS15775/11	Íseyjar Vígi	16.2.2011	Ísland, Reykjavík
-32%	IS15776/11	Íseyjar Bangsi	16.2.2011	Ísland, Mosfellsbær
-32%	IS15777/11	Íseyjar Blakkur	16.2.2011	Danmörk
-32%	IS15778/11	Íseyjar Bjartur	16.2.2011	Ísland, Kópavogur
-36%	IS15829/11	Jón Prímus	6.3.2011	Ísland, Hafnarfjörður
-36%	IS15830/11	Laxness	6.3.2011	C Ísland, Reykjavík
-66%	IS15896/11	Týri	3.11.2003	USA
-45%	IS15973/11	Arnarnúps Jarl	9.4.2011	Ísland, Reykjavík
-45%	IS15974/11	Arnarnúps Jökull	9.4.2011	Ísland, Selfoss
-36%	IS16024/11	Reykjadals Erpur Fróði	25.4.2011	B1 Ísland, Selfoss
-36%	IS16026/11	Reykjadals Eldur Jaki	25.4.2011	Ísland, Reyðarfjörður
-36%	IS16027/11	Reykjadals Eldjárn Logi	25.4.2011	Ísland, Reykjavík
-25%	IS16674/12	Arnarstaða Gotti	8.11.2011	Ísland, Kópavogur
-25%	IS16675/12	Arnarstaða Bjarmi	8.11.2011	Ísland, Reykjavík
-25%	IS16677/12	Arnarstaða Kopar	8.11.2011	Ísland, Akureyri
-63%	IS17148/12	Gáski	11.12.2011	Ísland, Reykjavík
-63%	IS17149/12	Bangsi	11.12.2011	Ísland, Reykjavík
-63%	IS17150/12	Bjartur	11.12.2011	Ísland, Reykjavík
-37%	IS18004/13	Stjörmuljósa Hugleikur	29.8.2012	Ísland, Selfoss
-37%	IS18003/13	Stjörmuljósa Rimmugýgur	29.8.2012	Ísland, Selfoss
-56%	IS18027/13	Gerplu Hjörtur	14.11.2012	Ísland, Reykjavík
-56%	IS18028/13	Gerplu Vaskur	14.11.2012	Ísland, Reykjavík
-44%	IS18044/13	Snjófells Mjölnir	4.12.2012	Ísland, Sauðákrókur
-44%	IS18045/13	Snjófells Dofri	4.12.2012	Frakkland
-29%	IS18077/13	Sómi	4.11.2007	C Ísland, Garðabær
-29%	IS18078/13	Rebbi	4.11.2007	Ísland, Reykjavík
-29%	IS18079/13	Nói	4.11.2007	Ísland, Garðabær
-29%	IS18080/13	Rökkvi	4.11.2007	Rökkvi, Garðabær
-50%	IS18115/13	Íseyjar Máni	16.1.2013	Dáinn
-50%	IS18116/13	Íseyjar Jökull	16.1.2013	USA
-50%	IS18117/13	Íseyjar Stormur	16.1.2013	Ísland, Sviþjóð
-50%	IS18119/13	Íseyjar Kaldi	16.1.2013	Ísland, Hella
-50%	IS18120/13	Íseyjar Porri	16.1.2013	Ísland, Reykjavík
-44%	IS18338/13	Fagrahvamms Rimmugýgur	5.3.2013	Ísland, Dalvík
-44%	IS18339/13	Fagrahvamms Ölvisnautur	5.3.2013	Ísland, Reykjavík
-44%	IS18340/13	Fagrahvamms Fjörsváfni	5.3.2013	USA



Ráðstefna félags hundapjálfa í Evrópu „PDTE“ (Pet Dog Trainers in Europe)

Höfundur: Jóhanna Reykjalin

Ljósmynd: Jóhanna Reykjalin

Helgina 28.-30. september 2012 fóru tveir íslenskir hundapjálfarar til Edinborgar á ráðstefnu hjá félagi hundapjálfa í Evrópu, eða Pet Dog Trainers in Europe (PDTE). Voru þetta fróðlegir fyrirlestrar og skemmtilegar samverustundir með um 50 öðrum hundapjálfurum alls staðar að. Jóhanna Reykjalin (HundaHanna) segir hér frá ferðinni og því helsta sem fram kom á ráðstefnunni.



Lioncharm-Bishara „Söru“ finnst náttúrufrömu mjög skemmtileg!

Það er alltaf einstakur fiðringur sem fer um mann þegar maður þakkar í töskur fyrir hunda-ferðalag. Þau eru bara einhvern veginn öðruvísi en önnur ferðalög. Við Olga Björk Friðriksdóttir tókum stefnuna á Glasgow en ég ákvað að vera sniðug og draga manninn minn með og eyða lengri tíma í Skotlandi. Það var því rúmlega viku dvöl sem beið mín. Hundaráðstefna og kallinn með - gerist ekki betra!

Dagskráin hófst á föstudeginum þegar við mættum á Grosvenor Hilton í Edinborg þar sem ráðstefnan fór fram. Á hótelinu var móttaka ráðstefnugesta, afhending ráðstefnugagna og veitingar.

Við hittum samnemanda okkar úr hundaskólanum í Bretlandi, Sarah Peters, sem kom með okkur á ráðstefnuna. Dagskráin var þéttsetin en um 20 fyrirlestrar voru í boði. Ætla ég að segja frá þremur áhugaverðum fyrirlestrum en erfitt var að velja hverja ég ætti að taka fyrir, enda flestir fyrirlestrarnir afskaplega áhugaverðir.

Ráðstefnan hófst með fyrirlestri Winkie Spears frá Bretlandi um náttúrulega hundafimi. Það var mjög skemmtilegt að sjá myndir frá henni og hugmyndirnar ólguðu í höfðinu á mér um hvernig við gætum nýtt íslenska náttúru til að efla sjálfstraust hunda, styrkja vöðva sem

sjaldan eru notaðir og hjálpa hundum að yfirstíga hræðslu. Hlutir, eins og að fara í gegnum, hoppa yfir, hoppa upp á, fara framhjá eða einfaldlega snerta er eitthvað sem flestir hundar hafa gott af en auðvitað þarf að hafa heilsu hundanna í forgrunni og taka tillit til þess ef þeir eru ekki líkamlega hraustir. Það spratt upp umræða um klær á hundum og hversu ákafir eigendur eru að klippa klærnar (skiljanlega, parketið mitt kvartar að minnsta kosti þegar klærnar eru orðnar of langar á ridgeback-tíkinni minni) en klærnar skipta miklu máli fyrir hunda þegar kemur að jafnvægi og gripi. Sérstaklega er gott að hafa þetta í huga í hálfu en klærnar geta komið í veg fyrir að fæturnir renni í sundur og vöðvar togni.

Carolin Reger frá Þýskalandi sagði frá verkefni sínu „Aktion Schnuffelgarten“ sem þýða mætti yfir á íslensku sem einfaldlega „þefgarðar“. Vakti það athygli mína að í stórborg í Þýskalandi væri hægt að hefja slíkt verkefni sem krefst trausts og virðingu að hálfu hundaeigenda. Verkefnið snýst um að hundaeigendur opna garða sína fyrir aðra hundaeigendur sem koma með hundinn sinn í stutta eða langa „þef-heimsókn“. Eigandinn bregður sér af bæ á meðan og sér til þess að hundurinn á heimilinu trufla ekki gestinn. Þarna getur eigandinn slakað á meðan hundurinn þefar í rólegheitum í nýjum aðstæðum. Það er mikilvægt að muna að þetta er til að róa hunda niður, örva þá andlega og veita þeim útrás fyrir eðlilega þef-þörf. Það er ekki ætlast til þess að húseigandinn sé heima eða hleypi hundinum sínum út að hitta gestinn! Sjálf hef ég góða reynslu af þessu þar sem ég hef ráðlagt fólki með einmana hunda eða hunda sem eigendur telja vera þunglynda eftir miklar breytingar eins og flutninga eða dauðsfall í fjölskyldunni að prófa þetta. Að fara með hundinn í

nýjan garð, þar sem hann fær að þefa í róleghheitum, getur skipt sköpum fyrir hund sem sýnir vanlíðan. Gaman væri að koma þessu verkefni á laggirnar hérna á Íslandi og býð ég fram aðstoð mína ef einhver hefur áhuga á að halda utan um verkefnið!

Þriðji fyrirlesturinn sem ég ætla að segja ykkur frá var fluttur af Agnes Vaelidalo frá Noregi en hún vinnur að rannsókn á púlshraða hunda í ýmsum aðstæðum. Fyrir hundapjálfa eins og okkur, sem leggjum mikla áherslu á líðan hundsins, var þetta einstaklega áhugaverður fyrirlestur og studdi annað sem við höfum lært. Agnes notar í rannsóknina Polar hjartsláttarmæli og sérstakt tölvuforrit sem hún lét forritara hanna fyrir sig. Hún sýndi okkur myndbönd frá rannsókninni sem hefur ekki enn verið birt opinberlega þar sem hún er enn að safna gögnum. Þær niðurstöður sem komnar eru nú þegar koma eflaust mörgum á óvart. Ef púlsinn hjá hundum þýtur oft upp veldur það streitu sem hefur bæði skammtíma- og langtíma áhrif. Púlsinn hjá hundum fer eðlilega upp

þegar hundur er glaður, æstur, væntir einhvers, hræddur og svo mætti áfram telja. Eðlilegur hvíldarpúls hjá hundum er í kringum 80-90 slög. Agnes prófaði að mæla hunda þegar þeir mættu ókunnugri manneskju sem gekk beint á móti þeim (líkt og gerist þegar við mætum fólki á gangstéttum). Hjartsláttur hundanna fór að meðaltali upp um 10,47%. Ef manneskjan hins vegar tók sveig fram hjá hundunum lækkaði púlsinn að meðaltali um 5,34%! Þetta er því lítil breyting sem við getum gert til að hafa áhrif á líðan hundsins, að einfaldlega taka örlitinn sveig framhjá fólki þegar við mætum því á göngu enda er það mun náttúrulegri hegðun fyrir hundinn heldur en að mæta fólki beint. Hún skoðaði hundana líka í aðstæðum eins og þegar eigendur köstuðu priki/bolta fyrir þá. Það varð til þess að hjartsláttur fór að meðaltali úr 150 (þegar hundurinn beið eftir því að prikinu yrði kastað) upp í 220 þegar hann hljóp af stað! Ef eigendur köstuðu nammi fyrir hundana og létu þá þefa upp af grasinu lækkaði púlsinn að meðaltali úr 150 slögum niður fyrir 100!

Önnur smávægileg breyting sem við getum gert til að auka vellíðan hundsins okkar er að beygja okkur í hnjónum í stað þess að beygja okkur yfir hundinn, til dæmis þegar við festum á hann hálsólina. Þegar við beygjum okkur yfir hundinn fer púlsinn að meðaltali úr 80 upp í 140 en þegar við beygjum okkur í hnjónum fer púlsinn úr 85... í 85! Það að beygja sig í hnjónum hafði því engin streituvaldandi áhrif á hundana. Þessi rannsókn er afskaplega áhugaverð og hlakka ég mikið til þegar hún birtist opinberlega en Agnes bjóst við að ljúka henni árið 2014.

Eins og fyrr sagði vildi ég óska að ég gæti sagt frá öllum fyrirlestunum sem voru hver öðrum áhugaverðari en ég vona að þessi frásögn mín hafi verið bæði fróðleg og skemmtileg. Að mínu mati er það mikilvægur partur af því að vera virkur hundapjálfi, að mæta á ráðstefnur og sækja frekari námskeið til að vita hvað er í gangi í öðrum löndum og hvaða rannsóknum er verið að vinna að tengdum hundum.

Tilvalið fóður fyrir ræktendur

Reproduction & Puppy

Family (29/17)

Orkurík næring fyrir hvolpafullar tíkur og hvolpa

Sérstök uppskrift gerir Family einstaklega gott fyrir hvolpafullar og mjólkandi tíkur. Einnig fyrir hvolpa upp að 8 vikna aldri. Family er með hátt prótein hlutfall og hátt kjöt innihald.

- Styrkir tíkina á síðustu vikum meðgöngu
- Uppfyllir háa orkuþörf á mjólkurskeiði
- Viðbótarfóður fyrir hvolpa frá 4 vikna aldri
- Uppeldi á smáum tekgundum til 8 mánaða alders

Þegar tíkin mjólkar ekki nægilega mikið ráðleggjum við notkun á okkar næringaríku og bragðgóðu Josera hvolpamjólk.

Pakkastærð Family: 15 kg / Puppy starter, bucket: 2,5 kg

Heilfóður fyrir tíkur og hvolpa

Samsetning:

alifuglakjötmjöl (36%); hrisgrjón; mais mjöl; sykurrófukvoða; vokvarfið alifuglaprótein; mais glúteín; kalíum klóríð; síkóríuduft; natríum klóríð.

Án litar-, bragð- og rotvarnarefna.



Umboðsaðili Josera í Íslandi er:



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

Útsölustaðir:

Landstólpi, Gunnbjarnarholti
Landstólpi, Egilsstöðum
Vélaval, Varmahlíð

Fákasport, Akureyri
Byko, Selfossi
Netverslun: hundaverold.com



Handfóstrun hvolpa

Höfundur: Inga Björk Gunnarsdóttir

Ljósmyndir: Aron Örn Þrastarson

Það geta verið margar ástæður fyrir því að ræktandi þarf að grípa inn í fóðrun og umönnun mjög ungra hvolpa, til dæmis að tíkin hafi dáðið, hún framleiðir ekki mjólk eða hún hafni einum eða fleiri hvolpum. Einnig þarf að hjálpa til ef gotið er mjög stórt eða ef hvolpur er á einhvern hátt ekki hæfur til að taka þátt í bardaga lífsins um að komast á góðan spena.

Sama hver ástæðan er þarf ræktandinn að vita að þetta er mjög tímafrekt og lýjandi starf en jafnframt mjög gefandi. Svo að vel takist til er mikilvægt að þekkja vel grunnþarfir mjög ungra hvolpa. Hér á eftir verður stiklað á því helsta varðandi fóðrun og umhirðu hvolpa sem ekki njóta umhyggju móður sinnar.

Hlýtt umhverfi

Fyrstu þrjár vikurnar geta hvolpar ekki stjórnað líkamshita sínum. Þeir eru mjög fljótir að kólna ef tíkin eða gotsystkini halda ekki á þeim hita. Ástæðurnar fyrir þessu auðvelda hitatapi eru mikið yfirborð húðar, hornlag húðar lélegt, lítil líkamshita, lélegt blóðflæði til útlíma og þeir geta ekki skolfið sér til hita. Því er mikilvægt að sjá þeim fyrir hlýju og þurru bæli, hægt er að nota hitapoka, hitaperu (ekki neðar en 1 m frá gólfi) eða

rafmagnsteppi. Sama hvaða lausn er valin þarf alltaf að gæta þess vel að ekki sé þó of mikill hiti þannig að hætta sé á að hvolparnir brenni eða ofhitni og ofþorni. Forðast ætti trekk og staðsetja því gotkassann ekki nálægt dyrum eða gluggum. Hægt er að ganga úr skugga um hvort að trekkur sé með því að kveikja á kerti og sjá hversu stöðugur loginn er.

Fyrstu fjóra dagana ætti að reyna að hafa hitann í gotkassanum á milli 30-32°C. Hægt og rólega yfir næstu 5-10 daga ætti

að minnka hitann niður í 28-29°C. Í þriðju viku er hæfilegt að lækka hitann niður í 27°C og fyrir 4-8 vikna gamla hvolpa er nægjanlegt að hitinn sé 20°C. Ef nokkrir hvolpar eru saman er hugsanlega hægt að lækka hitann enn meir því þeir halda hita hver á öðrum með því að kúra saman. Ef um einn hvolp er að ræða þarf að gæta þess að minnka ekki hitann of hratt. Hátt hitastig hjá hvolpunum getur einnig komið í veg fyrir að Herpes-vírus nái sér á strik.

Eðlilegur líkamshiti hvolpa er 38°C. Ef líkamshitinn fer niður fyrir 34°C er orðið lífshættulegt ástand og nauðsynlegt að ná hita í hvolpinn sem fyrst. Við 34°C og undir hætta allar hreyfingar þarmanna, meltingin stöðvast í kjölfarið og hvolpurinn deyr. Erfitt er að snúa þessari þróun við og því er afar mikilvægt að forðast það með öllum ráðum að hvolpar kólni niður. Fara verður samt varlega í að hækka aftur líkamshitann því ef hann hækkar of hratt getur það verið lífshættulegt. Mátulegt er að hækka líkamshitann um 2°C á klukkustund. Ein ástæða þess að tók hafnar hvolpi getur verið sú að líkamshiti hans sé orðinn þetta lágur.

Vökvaskortur

Hvolpar verða fljótt þurrir ef þeir fá ekki að drekka fljótt eftir fæðingu og að minnsta kosti á tveggja tíma fresti upp frá því. Hægt er að kanna hvort hvolpur sé að þorna upp og munnvatnsframleiðslan að minnka með því að finna hvort gómar og tunga séu stöm og þurr. En besta og auðveldasta ráðið er að toga upp húðina á hálsinum aftan við hnakkann, ef húðin helst uppi er hvolpurinn orðinn þurr. Meta þarf hvert tilvik fyrir sig hvort nauðsynlegt sé að fara með hvolpinn til dýralæknis og fá vökva undir húð.

Blóðsykursfall

Ef hvolpur fær ekki að drekka nógu oft fyrstu dagana getur orðið blóðsykursfall. Eftir því sem ástandið versnar verður hvolpurinn meira og meira slappur og viðbragðslítill. Ef ekkert er að gert koma vöðvakippir eða krampar og hvolpurinn missir meðvitund. Ef hvolpur sýnir þessi einkenni er gott að setja nokkra dropa af sýrópi á tunguna. Við þetta fer blóðsykurinn upp og hvolpurinn hjarnar við.

Úrgangslösun

Móðurlausir hvolpar þurfa aðstoð við að losa hægðir og þvag. Tíkurnar örva hvolpana til að pissa og skíta með því að sleikja kvið þeirra og í kringum endaparminn. Ef tíkin er ekki til staðar verður ræktandinn að taka að sér að örva hvolpinn svo hann fái ekki harðlífi og stiflist. Best er að nota mjúkan klút eða bómullarhnoðra sem hefur verið vættur með volgu vatni eða matarolíu. Strjúka þarf kviðinn og endaparmssvæðið eftir hverja matargjöf fyrstu tvær vikurnar. Góð regla er að fara ekki með bómulinn frá endaparmi að þvagrás (rakkar) heldur að byrja á kviðnum og enda við endaparm. Þegar hvolpurinn er 14-21 dags gamall getur hann losað sig við úrgang án hjálpar. Fylgjast ætti samt vel með og hafa í huga að ef hvolpur vælir og missir áhugann á að sjúga pelann getur verið að hann sé fullur af hægðum.

Broddmjólkinn

Fyrstu 36 tímarnir í lífi hvolpanna eru mjög mikilvægir hvað næringu varðar. Heilbrigðir hvolpar fara strax á spena og eftir það á fárra klukkustunda fresti.

Tíkin framleiðir broddmjólk fyrstu tvo dagana eftir got og er hún mjög hitaeyninga- og próteinrík. Auk þess að innihalda vítamín þá er það mikilvægasta við hana öll mótefni sem hvolpurinn fær til varnar sjúkdómum. Þess vegna er mjög mikilvægt að hvolpar fari á spena fyrstu klukkutíma ævi sinnar til að fá að njóta kosta broddmjólkurinnar.

Til að hvolparnir fái mótefni frá móður úr broddmjólkinni verða þeir að komast á spena á fyrstu 12 tímum ævi sinnar. Eftir þessa 12 tíma tekur magi þeirra ekki upp mótefni. Ef móðirin framleiðir ekki nóga mjólk fyrir gotið er í lagi að byrja að gefa hvolpamjólk eftir þessa 12 tíma en fram að því er mjög mikilvægt að þeir fái broddmjólkina.

Efljóst er að hvolparnir fái ekki broddmjólkina er hægt er að gefa sermi frá tikinni, eða annarri tik, og gefa þeim í munn. Þetta ferli þarf að eiga sér stað eins fljótt og hægt er og dýralæknar geta útbúið sermið.

Eftir þetta stutta tímabil broddmjólkurinnar er mikilvægt að hvolparnir fái viðeigandi mjólk til að vaxa og dafna. Undir öllum venjulegum kringumstæðum er þessum kröfum mætt af mjólk tíkarinnar en ef ekki þá er það á ábyrgð ræktandans að grípa inn í og gefa hvolpamjólk, annað hvort alfarið eða sem viðbót.

Hvolpamjólk

Best er að gefa þurrmjólk sem er sérhönnuð fyrir hvolpa en ef þarf að búa til mjólk, til dæmis í neyðartilvikum, er hægt að notast við heimagerða hvolpamjólk.

Meltanleiki mjólkur fyrir hvolpa ætti að vera að minnsta kosti 90%. Það er erfitt að framleiða mjólk sem er alveg sambærileg við tókarmjólk en nokkrar tegundir komast nærri því. Næringarinnihald á milli tegunda getur þó verið mismunandi og því er nauðsynlegt að skoða vel innihaldslýsingu þurrmjólkurinnar. Gott er að ræða við dýralækni eða reynda ræktendur varðandi val á þurrmjólk.

Kostur þurrmjólkurinnar er sá að næringarinnihald er ávallt það sama og hægt er að treysta því að það sé nægjanlegt til að styðja við vöxt og þroska hvolpanna. Sumir vilja þó búa til sína eigin hvolpamjólk en það getur reynst erfitt að vita næringargildi hennar nákvæmlega.

Tókarmjólk inniheldur mikla fitu, lítinn laktósa og mátulegt magn próteins. Kúamjólk inniheldur hinsvegar mikinn laktósa en minna af próteini og fitu. Það er vissulega hægt að blanda næringarefnum út í kúamjólkina til að auka magn fitu og próteins en hún mun alltaf innihalda of mikinn laktósa sem getur valdið niðurgangi hjá hvolpunum. Þess vegna birti ég uppskrift af heimagerðri mjólk sem neyðaruppskrift, það er að segja ef á þarf að halda þar til hægt er að kaupa sérhannaða þurrmjólk fyrir hvolpa.



Pelagjöf

Hæfilegt magn er u.þ.b. 40 ml á hvert kíló líkamspyngdar, mest 5% af líkamspyngd. Sem sagt 500 gr hvolpur má fá 25 ml 6-8 sinnum á dag.

Líkamshiti hvolpa

Við fæðingu 34-35°C

Innan 24 tíma 35-36°C

Fyrsta vikan 35,5-36,5°C

Önnur vikan 36,5-37,5°C

Þriðja vikan 37,5-38,0°C

Neyðaruppskrift af hvolpamjólki

1 ½ bolli *, „evaporated“ mjólk eða fersk geitamjólk og sleppa þá vatninu.

(Ég hef stolist til að nota kúamjólk (sleppi vatninu) og komist upp með það þar sem ég nota þessa uppskrift eingöngu í neyð í stuttan tíma).

1 bolli soðið vatn

1 tsk góð olía (helst kaldpressuð)

2 hráar eggjarauður

1 msk hrein jógúrt

½ tsk maís-sýróp (eða annað sýróp)

Ekki er talið gott að nota hunang sem sætu fyrir hvolpa því að í hunangi geta verið gró bótúlín bakteríunnar sem hvolpur með óprosað ónæmiskerfi gæti sýkst af. Það er hins vegar talið í lagi að gefa fullorðnum hundum hunang.

**Evaporated mjólk er niðursoðin mjólk sem býið er að sjóða niður þannig að allt vatn er farið úr henni og eftir verður hálfgerður mjólkurkraftur.*



Boxer-hvolpur að fá pela sem viðbótargjöf.

Pelagjöfin

Auðvelt er að gefa pela þegar hvolpar eru sterkir og með mikið sogviðbragð – þeir munu sjúga pelann þar til þeir eru saddir. Pelagjöf getur þó haft í för með sér vandamál, til dæmis uppköst, niðurgang, uppþembu eða að mjólk fari í öndunarveg. Ef þessi vandamál koma upp ætti að skoða vel hvort rangt sé staðið að pelagjöfinni.

Til að forðast bakteríusýkingar, sem geta valdið uppköstum og niðurgangi, er mjög mikilvægt að halda öllu umhverfi hvolpanna hreinu. Sjóðið pela og túttur og blandið helst bara fyrir hverja gjöf þannig að blandan sé sem ferskust. Ekki endurhita gamlar laganir. Góð regla er að sjóða alltaf vatnið sem er notað í blönduna en leyfa því að kólna aðeins áður en þurrefnum er blandað saman við.

Blöndun mjólkurinnar þarf að vera hárrétt. Ef hún er of sterk getur hún valdið uppköstum, niðurgangi og uppþembu. Hins vegar ef hún er of veikt blönduð þarf að gefa meira til að sjá hvolpinum fyrir þeim heitaeiningum sem hann þarf. Fylgist vel með þyngdaraukningu hvolpsins til að meta hvort fæðumagnið sé rétt.

Hitastig mjólkurinnar er mikilvægt og ætti alltaf að vera við líkamshita. Hvolpar vilja ekki mjólk nema hún sé við rétt hitastig, það er 38°C. Köld mjólk getur orsakað uppköst en mjólk

sem er of heit brennir vitaskuld munn hvolpsins.

Mikilvægt er að ekki buni of mikil mjólk úr túttunni því það getur valdið því að hvolpinum svelgist á og hann getur fengið sýkingu í lungun. Of mikið flæði mjólkur getur einnig valdið uppþembu og uppköstum. Hins vegar ef hvolpurinn er mjög veikburða er gott að mjólkin flæði vel þannig að hann hafi ekki of mikið fyrir því að sjúga því annars verður hann þreyttur og gefst jafnvel upp. Flæðið þarf því alltaf að veiga og meta í hverju tilviki fyrir sig.

Nauðsynlegt er að eiga pela og túttur sem henta hvolpum. Túttarnar frá Royal Canin eru með merki á sem segja til um hversu mikið flæðið er. Þannig er hægt er að velja hversu mikið flæðið er úr pelanum þegar hvolpurinn sýgur með því að snúa honum og velja hæfilega stórt gat fyrir hvern hvolp fyrir sig.

Til að fá hvolpin til að taka pelann í byrjun er gott að setja fingurinn inn í munnvikið og opna þannig munninn, kreista nokkra dropa af mjólk á tunguna og setja því næst túttuna upp í hann. Þetta ætti að duga til þess að hann fari að sjúga pelann. Ef þarf að gefa pela í langan tíma og ef hvolpurinn er ekki gráðugur þá er gott að hafa það í huga að fara ekki alltaf með fingurinn á sama stað til að opna munninn, gómurinn er mjög mjúkur

og endurtekinn þrýstingur á sama stað, á tveggja tíma fresti í marga daga, gæti skekkt góminn. Þetta er örugglega ekki vísindalega sannað en mín reynsla hefur kennt mér að setja ekki alltaf fingurinn í munninn á sama stað.

Ekki ætti að ofreisa hvolp þegar verið er að gefa honum pela, hann ætti alltaf að vera sem næst þeirri stellingu sem hann væri í ef hann væri á spena hjá móðurinni, því annars getur farið vökvi í lungun.

Til að stuðla að góðum vexti ætti að gefa hvolpamjólk fram að minnsta kosti sex vikna aldri. Eftir þann tíma þurfa þeir ekki mjólk en vissulega er leyfilegt að gefa hvolpamjólk áfram í einhvern tíma. Um 3-4 vikna aldurinn þarf að kynna hvolpana fyrir föstu fæði. Hægt er að búa til graut úr hvolpamjólki og maukuðu hráu kjóti, þurrfóðri eða svokölluðum hvolpagraut.

Ormahreinsa þarf hvolpana um það leyti sem þeir fara að borða fasta fæðu. Fáíð ráðleggingar hjá dýralækni um tegundir ormalyfja og fjölda skipta sem ætti að hreinsa þá fram til átta vikna aldurs.

Sonda

Náttúrulegasta aðferðin, og auðveldasta, til að koma móðurlausum hvolpum á legg er að finna þeim stað hjá mjólkandi tík. Sjaldgæft er þó að finna fósturmæður sem geta tekið við öðrum hvolpum og því er pelagjöf algengasta leiðin til að bjarga þeim. Hins vegar er erfitt að bjarga veikburða hvolpum með pelagjöf, til dæmis þeim sem hafa orðið fyrir súrefnisskortum í fæðingu eða fæddum aðeins fyrir tímenn, því þeir ná ekki að innbyrða nógu mikla mjólk til að vaxa. Þá er hægt að nota sondu-aðferðina eða sprautu. Ef sprauta er notuð þarf að gæta þess að sprauta ekki of miklu þannig að hvolpinum svelgist á. Það má ekki setja meira magn í munn hvolpsins fyrr en hann hefur kyngt.

Í sondu-aðferðinni er hins vegar slanga þrædd niður í magann frá munn og mjólkinni sprautað í slönguna. Dýralæknar ættu að vera tilbúnir til að kenna ræktandanum ef þetta er besta leiðin fyrir hvolpin til að nærast og halda lífi. Mikilvægt er að fólk geri þetta ekki án

tilsagnar í fyrsta sinn. Sumir kjósa jafnvel frekar að gefa alltaf hvolpum mjólk með sondu frekar en pela þar sem sú aðferð tekur skemmri tíma, sérstaklega ef um heilt got er að ræða. Munið að með þessari aðferð ert það þú sem ákveður hversu mikið mjólkurmagn fer í magann, en ekki hvolpurinn, og því er mikilvægt að gæta þess vel að yfirfylla ekki hvolpin – gefa oft og lítið í einu. Þegar sonda er gefin er engu að síður mikilvægt að hitastig mjólkurinnar sé rétt.



Sonda

Að fylgjast með vexti og þroska

Að fylgjast vel með vexti hvolpanna fyrstu átta vikurnar gefur þeim gott forskot á að verða heilbrigðir og vel nærðir hundar í framtíðinni. Hvolpar tvöfalda þyngd sína á fystu 7-10 dögum og eftir það bæta þeir á sig 5-10% af fæðingarþyngd sinni á dag. Hægt er að áætla hvað er nægjanleg þyngdaraukning með því að gera ráð fyrir um það bil 2gr/kg af æskilegri þyngd fullorðins dýrs. Dæmi: 10 kg fullorðinn hundur = 20 gr á dag. Hvolpar sem eru

á pela geta þyngst hægar en þeir sem eru hjá móður sinni og er óþarfi að hafa áhyggjur af því.

Vigtíð hvolpana daglega, allavega fyrstu þrjár vikurnar, nauðsynlegt er að nota tölvueldhúsvog, skrifa niður þyngdina og reikna út hversu mikið hvolpurinn þyngist á dag. Ef ykkur finnst hann þurfa að þyngjast hraðar bætið aðeins við magnið sem hann fær í hverri gjöf. Eftir þrjár vikur er nóg að vigta þriðja hvern dag. Ef hvolpur þyngist ekki nóg getur eftirfarandi verið að; mjólkinn sem þið eruð að gefa er ekki nógu næringarrík, ekki er nægjanlegt magn gefið, ekki er rétt staðið að mjólkurgjöfinni eða einhver undirliggjandi heilsuþrestur er hjá hvolpinum.

Ég vona að þessi atriði um handfóstrun hvolpa verði nýliðum að einhverju gagni, sjálfsagt hefði verið hægt að tína til fleiri atriði um þetta ferli en hér ákvað ég að láta staðar numið. Að lokum langar mig að þakka Kristni R. Ólafssyni fyrir hjálpinar við að þýða „handreared puppies“ yfir á íslensku.

Heimildir:

http://www.akc.org/breeders/resp_breeding/Articles/babyfood.cfm
<http://leerburg.com/bottlefeeding.htm>
(Ljósmynd birt með leyfi þeirra)
<http://bunkblog.net/foods-safe-for0dogs/can-dogs-eat-honey>
Fyrirlestur á vegum Royal Canin á Íslandi 11. apríl 2011
<http://www.petwave.com/Dogs/Health/Canine-Herpesvirus/Treatment.aspx>



Hanna Arnórsdóttir, dýralæknir

Höfundur: Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Hanna Arnórsdóttir, dýralæknir, er annar eigenda Dýraspítalans í Garðabæ. Hún hefur starfað sem dýralæknir á Íslandi síðan 1997. Hanna hefur alltaf verið mikill dýravínur og ákvað snemma að hennar framtíðarstarf yrði við dýralækningar.

Sámi lék forvitni á að vita meira um Hönnu og dýralæknastarfið.

Hvenær vaknaði áhuginn á starfinu hjá þér?

Eins lygilega og það hljómar þá var ég 6 ára þegar ég sagðist ætla að verða dýralæknir. Ég var utan í öllum dýrum sem ég kom auga á, gjörsamlega óþolandi örugglega. Ég veit ekki hvað ég kom með marga flækingsketti heim og grátbað um að fá að eiga þá. Hundahald var jú bannað í höfuðborginni á mínum bernskuárum en ég lét mig ekki muna um að ganga yfir í Kópavog til að heilsa upp á ferfætta vini mína. Ég fékk að fara á hestbak hjá hinum og þessum hesthúsakarli, þetta var allt svo einfalt þá. Þessi áhugi minn á dýrum hefur ekkert minnkað og sumir telja mig hálfklickaða ábyggilega. En mér er allveg sama um það.

Hvernig menntun þarf til að verða dýralæknir? Hvernig var henni háttað í þínu tilfelli?

Ég lauk stúdentsprófi af náttúrufræðisviði og fór þaðan beint í dýralæknanám í Kaupmannahöfn. Námið er þannig uppbyggt að maður lýkur BSc gráðu eftir þrjú ár og kandidatsprófi tveimur og hálfu til þremur árum síðar. Ég lauk síðan sérnámi í sjúkdómum hunda og katta sem var tveggja ára nám til viðbótar.

Flestir sækja þetta nám til

Norðurlandanna; Danmerkur og Noregs en dýralæknar á Íslandi hafa einnig stundað nám í Þýskalandi, Austurríki, Skotlandi, Slóvakíu og í fleiri löndum.

Hvað hefurðu starfað lengi sem dýralæknir og hvernig líkar þér við starfið?

Ég hef starfað hérlendis frá 1997 og get ekki sagt annað en að ég sé í mínu



draumastarfi. Áhugi minn á dýrum og vísindum gerir það óendanlega fjölbreytt og skemmtilegt. En að sama skapi er það mjög krefjandi, maður þarf sífellt að vera að auka við þekkingu sína og starfið getur líka verið slítandi líkamlega og andlega. Vísindin eru mögnuð og margslungin og ekki hægt að fá leið á þeim. Svo er nærveran við dýrin gott sálarlyf.

Áttu einhver dýr?

Já, ég á nokkur dýr. Fjölskyldan á þrjú hunda í dag og einn kött en enga hesta lengur. Kötturinn er 5 ára húsköttur og heitir Jó-Nína, svo er það hún Emma sem er 8 ára dvergschnauzer, Erika sem er 5 ára dobermann og einn kjarngóður blendingur af border collie og sennilega labradorkyni, hann Mikki, sem var ættleiddur inn í hópinn síðasta vor, þá 2 ára.

Geturðu lýst dæmigerðum degi í vinnunni?

Engir tveir dagar eru eins en ef ég á að gera tilraun þá gæti dagurinn hafist

kl. 8 við að taka á móti þeim sjúklingum sem koma inn í aðgerðir eða rannsóknir. Til dæmis eru teknar blóðprufur eða röntgenmyndir og þeir sem eiga að fara í aðgerðir eða rannsóknir sem krefjast svæfingar/deyfingar eru undirbúnir. Síðan er haldið í þau verk, sem eru í mínum verkahring þann daginn, sem gjarnan eru hjartarannsóknir, ómskoðanir, ýmsar smáaágerðir eða stærri aðgerðir, speglanir og svo framvegis. Einnig þarf að vinna úr þeim niðurstöðum sem koma, færa inn í sjúkaskrá, skrá inn lyf og svara í símatíma.

Sum dýr koma inn í meðhöndlun yfir daginn, til dæmis vegna alvarlegra meltingarsjúkdóma. Dýr þorna oft upp í slíkum tilfellum og þurfa vökvagjöf og aðra lyfjagjöf í æð eða verkjastillingu.

Einn dag í viku er ég fram á stofu fyrir hádegi og sinni þeim sjúklingum sem koma í skoðun með eigendum sínum. Eftir hádegi taka við fleiri sjúklingar á stofu, útskrift á þeim sem komu um morguninn og áframhaldandi meðhöndlun á inni-liggjandi sjúklingum. Við erum með frábærar dýrahjúkkur og aðstoðarfólk sem láta þetta allt ganga upp með okkur, sinna dýrunum í uppvöknun og sjá til þess að þeim líði vel. Dagarnir breytast gjarnan jafnóðum því við erum bráðamóttaka ásamt því að vera heilsugæsla og sjúkrahús. Þannig geta komið inn dýr sem þurfa til dæmis fæðingarhjálp eða keisaraágerð, slösuð dýr og dýr sem þurfa bráðameðferð við einhverjum kvillum. Þannig getur bókuð dagskrá algjörlega riðlast.

Hvað finnst þér skemmtilegast við starfið?

Það sem er skemmtilegast er og verður alltaf dýrin fyrir mér. Ég hef oft spurt mig að því sjálf eftir langa og stranga daga af hverju ég fari ekki að gera eitthvað annað, vinni frá kl. 8-16, enginn kúkur og ekkert piss, enginn hausverkur og heilabrot yfir flóknum tilfellum. En maður er sílærandi nýja hluti, fagið er í stöðugri og góðri þróun og mjög magnað hvað dýrin færa manni mikla gleði og ánægju. Manni leiðist aldrei, og þá meina ég aldrei. Tíminn líður afskaplega hratt í vinnunni. Svo kynnist maður mörgu reglulega góðu fólki, dýraeigendum.

Hvað er það erfiðasta við starfið?

Er eitthvað eitt sem stendur upp úr?

Það er auðvitað erfitt að horfa í augun á heilbrigðu dýri sem maður fær beiðni um að aflífa. Við erum sem betur fer komin í góð sambönd við Dýrahjálpi en allur þessi fjöldi af til dæmis ungum köttum sem komið er með í aflífum er ömurlegt. Ef allir myndu sinna því að gera kettina ófrjóa gæti framboðið minnkað og best væri ef minna framboð en eftirspurn yrði af gæludýrum.

Einnig finnst mér erfitt þegar mann rekur í strand. Er það ekki eins í mörgum öðrum störfum, manni finnst maður alltaf þurfa að geta leyst allt? En stundum er það þannig að við komumst ekki lengra í meðferð, þannig er það víst líka með mannlækna. Maður lærir þó alltaf eitthvað á hverju tilfalli, líka þeim sem við fáum ekki bjargað.

Kemur það oft fyrir að þú sért beðin um að lóga heilbrigðum dýrum?

Já, sérstaklega köttum en jú, of oft hundum einnig. Það hefur þó minnkað töluvert finnst mér eftir að Dýrahjálpi kom til, sérstaklega hvað varðar hunda.

Finnst þér Íslendingar almennt hugsa vel um dýrin sín?

Já, það verð ég að segja. Ég hef verið á ráðstefnum og námskeiðum erlendis þar sem ömurlegu ástandi er lýst og er fegin því að þurfa ekki að mæta því í sama mæli hér þó auðvitað komi fyrir tilfalli varðandi vanrækslu eða illa meðferð dýra. Oft er vanþekkingu um að kenna og við verðum bara að vera duglegri að koma upplýsingum áleiðis.

Það að taka að sér dýr felur í sér þá skuldbindingu að sjá því að minnsta kosti fyrir lágmarkslæknisþjónustu, sinna þörfum þess hvað varðar eðlilegt atferli og félagskap við manninn og fóðra það á heilnæmu fæði sem hæfir tegund og aldri dýrsins.

Hundar eru félagsverur og bindast sínu fólki sterkt. Fyrir þeim er þetta ekki tímabundið samband.

Íslendingum til hróss má þó segja að þeir búa yfir samkennd með dýrum umfram margar aðrar þjóðir.

Hverjir eru algengustu heilsukvillar hunda?

Ætli það séu ekki meltingarvandamál í saklausari kantinum, tímabundinn niðurgangur og/eða uppköst. Hundar eru jú forvitnir og elta gjarnan nefið á sér út í ógöngur þegar kemur á því að smakka á einhverju sem ekki er gott fyrir þá. Einnig má nefna minniháttar áverka, skurði á þófum og önnur slys.

Hvað finnst þér mikilvægast þegar kemur að uppeldi og aðbúnaði hvolpa?

Hér gildir orðatiltækið: „Lengi býr að fyrstu gerð“. Það verður ekki of oft tíundað hversu mikilvægt það er að hvolparnir njóti góðs atlætis, að hreint sé í kringum þá og að næg samvera við manninn (margar ólíkar manngerðir) sé tryggð í uppvextinum. Hvolpar, sem eru afskiptir og aldir upp í miklum þéttleika þar sem skortur er á hreinlæti og kynnast ekki eðlilegu heimilislífi inni á heimili, eru í mun meiri hættu á því að þróa með sér hegðunartengd vandamál. Við sjáum mikinn mun á hvolpum sem koma úr heimauppeldi, þar sem unnið er með umhverfshljóð og hvolparnir hitta allar gerðir af fólki í uppvextinum og hinum, sem eru einangraðir á hundabúum eða afskiptir í útihúsum. Það er mjög mikilvægt að fólk kynni sér aðstæðurnar sem hvolparnir alast upp í þegar þeir skoða hvolpana, við eigum ekki að styrkja starfsemi sem sinnir ekki þessum hluta hvolpauppeldis.

Hversu mikilvægir eru þessir þættir fyrir framtíð hvolpsins og eigandans?

Þeir eru mjög mikilvægir. Það koma mun síður upp vandamál í samskiptum þeirra á milli eða í samskiptum hundsins við önnur dýr eða fólk.

Dýr, sem eru með tilhneingingu til kvíðaraskana, geta fengið stuðning frá umhverfinu í uppvextinum til að vinna á því en dýr, sem eru afskipt hjá hvolpauppalanda sem heldur þeim við einangruð skilyrði, fá engan slíkan stuðning og eru því mun líklegri til að þróa kvíðann með sér í stað þess að vinna bug á honum.

Hvað finnst þér um hundahald Íslendinga? Er eitthvað sem hægt er að breyta eða bæta?

Í sjálfa sér stendur landinn sig almennt vel. Það er að segja að þeir sem eiga hunda hugsa almennt vel um þá. Ef eitthvað er hægt að setja út á þá er það hvatvísinn sem einkennir svo oft Íslendinga, þeir hugsa ekki málið til enda, langar í hund, fá sér hann og svo kemur eitthvað upp á sem gerir það að verkum að hundurinn verður yfirgefinn af fjölskyldunni. Já, hann er yfirgefinn, að minnsta kosti hlýtur honum að líða þannig á meðan framtíð hans er óljós.

Svo er það þetta klassíska að hunda-eigendur mættu vera duglegri að hirða upp eftir hundana og gæta þess að þeir gangi ekki lausir innan bæjarmarka eða annars staðar þar sem þeir geta valdið ótta eða jafnvel tjóni (til dæmis fari í fé). Hins vegar verð ég að nefna að samfélagið mætti verða hundvænna, ekki líta á hunda sem aðskotahluti í samfélaginu heldur sem hluta af því ásamt eigendum sínum. En við hundeigendur verðum að vinna í því sjálf með því að sýna ábyrgð í hundahaldinu.

Hundurinn hefur verið tryggur förunautur mannsins í tugi þúsundir ára. Í dag búa hundar með mannfólkinu út um allan heim, oft sem hluti af fjölskyldunni. Fyrir mörg okkar væri heimur án hunda óhugsandi. En ef við sjáum þetta með augum hundsins þá stendur hann frammi fyrir því að fylgja okkur eftir í hinum síbreytilega heimi. Heimi þar sem hann er stundum í algjörlega óeðlilegum aðstæðum fyrir hund og það sem við upplifum sem enga ógn getur verið mikil ógn í hans augum. Okkar heimur verður þeirra heimur án þess að þeir hafi alltaf forsendurnar á hreinu til að bregðast rétt við.

Með sífjölgaðum hundum er ekki óeðlilegt að við upplifum oftar árekstra milli hunda eða hunda og manna en það er undarlegt samt hversu sjaldan það gerist miðað við hvað við erum oft léleg að lesa í táknmál hundsins. Við getum bætt okkur þar og verið duglegri að koma þeirri vitneskju áfram, til dæmis inn í kennslu í leikskólum og skólum. Það breiðist fljótt út á þann hátt.

Snati og nýja barnið okkar

Höfundur: Jóhanna Reykjalín

Ef þú ert nýbakað foreldri eða átt von á barni getur verið mikill kvíði til staðar um það hvernig hundurinn tekur á móti barninu. Í þessari grein ætla ég að fara yfir nokkur atriði sem geta hjálpað hundinum að takast á við þær breytingar sem í vændum eru – en líka nokkra punkta sem gott er að hafa í huga áður en þið kynnið hundinn fyrir barninu (og öfugt).



Áð mörgu er að hyggja áður en hundurinn er kynntur fyrir nýja fjölskyldumeðlimnum. Barnið á myndinni heitir Örn Ingi Þorvaldsson og með honum er pug-tikin, Sunna Dís. Ljósmynd. www.erling.is

Undirbúningurinn fyrir komu erfingjans og fyrstu kynni hundsins við barnið hefst löngu áður en barnið kemur í heiminn.

Flestir foreldrareru komnir með barnavagn, vöggju (oft á hjólum), ömmustól (sem ruggar) og annað sem tengist barninu. Allt þetta er nýtt fyrir hundinum og því er gott að hafa í huga hvort hundurinn sé að forðast þessa hluti (áður en barnið kemur), hvort hann sæki í þá eða einfaldlega hundsí þá. Ef hundurinn tekur til dæmis alltaf sveig fram hjá vöggunni sem stendur tóm á gólfinu getur það gefið til kynna að honum líki ekki við þetta „ferlíki“ og sé að forðast það. Þá getur reynt gott fyrir eigendur að hvetja hundinn til að snerta vögguna, þefa af henni og jafnvel ganga við hlið hennar meðan hún er keyrð um (ef hún er á hjólum). Þá ætti hundinum að líða betur þegar barnið er komið í vögguna og fer jafnvel að gráta í henni.

Annað sem er mjög mikilvægt að hafa í huga er að hundar þekkja okkar rútínu betur en við sjálf. Þegar barn kemur inn á heimilið breytist mikið í lífi foreldranna og þar með í lífi hundsins. Sumir hundar eiga erfitt með að skilja slíkar breytingar, verða óöruggir sem getur sýnt sig í allskyns óæskilegri hegðun. Sumir ganga jafnvel svo langt að segja að hundurinn verði „afbryðisamur“ út í barnið en það er að mörgu leyti rétt en líka rangt.

Gott er því að brjóta upp rútínuna áður en barnið kemur. Ef hundurinn er vanur morgungöngu snemma á morgnana er góð hugmynd að reyna að hliðra henni aðeins til. Ef hann er vanur að fá alltaf að borða á nákvæmlega sama tíma er gott að breyta því, gefa stundum aðeins fyrr og stundum aðeins seinna. Smávægilegar breytingar áður en barnið kemur geta hjálpað hundinum að takast á við hinar miklu breytingar sem verða þegar barnið er komið.

Klassískt er að taka heim með sér af sjúkrahúsinu notaða bleyju eða annað sem lyktar af nýju barni en þar sem sængurlegan er farin að verða svo stutt er þetta ráð hugsanlega að verða úrelt fyrir suma foreldra en þó gott að hafa í huga. Þegar barnið sjálf kemur svo heim er mikilvægt að láta hundinn ekki halda að þetta sé eitthvað hættulegt með því að halda honum alfarið frá barninu. Hvereigandi verður þó að meta það fyrir sig og sinn hund hvernig best er að kynna þau. Flestir hundar eru rólegir þegar kemur að því að skoða svona kríli og finnst bleyjan langáhugaverðust. Leyfðu hundinum að skoða barnið, þefa af því og pota aðeins í það með nebbanum. Ekki hafa áhyggjur af hreinlætinu – þú þurrkar bara barninu með blautþurrku ef hundurinn hefur rekið út úr sér tunguna.

Barnið mun að öllum líkindum koma til með að liggja á teppi á gólfinu. Fyrir mér er mikilvægt að foreldrar ákveði í sameiningu hvort hundurinn fái að liggja á teppinu með barninu eða hvort það sé bannað. Líklegt er að hundurinn sæki í teppið þegar það er komið á gólfid og því er gott að vera búin að kenna honum annað hvort að liggja fyrir utan teppið eða jafnvel setja dúkku á mitt teppið og kenna honum hversu nálægt dúkkunni hann má fara.

Burt séð frá því hversu gamalt barnið er þá skal alltaf varast það að skamma hundinn í kringum það því það getur einfaldlega orðið til þess að hundurinn fær andúð á barninu. Miklu betra er að leiðbeina hundinum og leyfa honum að þefa, snerta og skoða barnið. Ef hann er of ágengur nægir að setja höndina á milli hans og barnsins og þannig gefa honum til kynna að nú sé hann kominn of nálægt. Það er alltaf gott að hafa í huga að gera jákvæða tengingu milli barnsins og hundsins, það er að góðir hlutir gerast þegar barnið er nálægt.

Gangi ykkur sem allra best í nýja hlutverkinu!

Hundur vilja ekki gervitennur þeir vilja Dentastix®



Hundur myndu þessum smábitum um allt að 80%
tártafara minna



AA

Besti hundur sýningar 1. sæti

RW-13 Sankti-Ice How Much Wood Would a Woodchuck Chuck St. Bernharðshundur síðh.Eigandi: Guðný Vala TryggvadóttirRæktandi: Guðný Vala Tryggvadóttir

Alþjóðleg hundasýning HRFÍ í september

Höfundar: Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Guðrún Margrét Baldursdóttir

Ljósmyndir: Ágúst Ágústsson

Alþjóðleg hundasýning HRFÍ var haldin helgina 7.-8. september. 720 hundar af 86 tegundum voru skráðir til leiks. Dómaramenn voru sex talsins; Laurent Pichard frá Sviss, Hans Van den Berg frá Hollandi, Agnes Ganami frá Ísrael, Eeva Rautala frá Finnlandi, Frank Kane frá Englandi og Svein Helgesen frá Noregi. 22 ungir sýnendur voru skráðir, í yngri og eldri flokki, og kom það í hlut Frank Kane að dæma keppni ungra sýnenda.

Ekkert neikvætt!

Agnes Ganami frá Ísrael var yfir sig ánægð með sýninguna. Hún hefur dæmt áður á Íslandi og sagði móttökurnar og alla framkvæmd dvalar hennar hafa verið til fyrirmyndar. Hún sagðist hreinlega ekki geta sagt neitt neikvætt um hundana eða sýninguna.

Dagsformið mikilvægt

Agnes dæmdi besta hund sýningar og valdi í fyrsta sæti síðhærðan st. bernharðshund. Hún sagði hundinn hafa einstaklega góðar hreyfingar og jafnframt væri hann greinilega mjög heilbrigður. Hún sagði að allir hundarnir í keppninni um besta hund sýningar hefðu átt skilið sinn stað í hópnum og í raun væri það aðeins lítið sem skildi

að milli hver væri valinn í sæti og hver ekki. Þar geti dagsformið skipt miklu. Hún sagði að við værum greinilega á réttri leið og vonaði að hún ætti eftir að koma aftur til Íslands að dæma.

Góður andi meðal sýnenda

Frank Kane frá Englandi sagðist vera sérlega ánægður með þann góða anda og íþróttamannslegu hegðun sem hann upplifði á sýningunni. „Fólk hlustaði alltaf vel á skoðanir mínar og það sem ég hafði að segja. Mér gafst tækifæri á að útskýra ákvarðanir mínar fyrir því og þar af leiðandi gafst þeim tækifæri á að heyrja rökstuðning minn.“

Weimaraner af tveimur tegundargerðum

Frank Kane hefur mikla þekkingu á tegundum í tegundahópum 7 og 8 og hefur gefið út bók um þær tegundir þar sem hann útskýrir vel og vandlega tegundarmarkmið og eðli hversrar tegundar. Hann dæmdi meðal annarra enskan cocker spaniel og kvaðst ánægður með heildargæði tegundarinnar á Íslandi. Weimaraner-hundarnir skiptust í tvær tegundargerðir að hans sögn; léttu og smáa hunda og hunda með meiri og sterkari bein en sú síðarnefnda er hin rétta tegundargerð. Frank var mjög hrifinn af tíkinni sem var valinn besti hundur tegundar sem var að hans mati virkilega falleg og af mjög miklum gæðum.

Vorsteh af miklum gæðum

Vorsteh-hundarnir voru mjög góðir að sögn Frank. „Í tegundinni voru skráðir til leiks mjög lofandi og fallegir ungir hundar sem voru allir úr sama goti en móðir þeirra, mjög falleg meistaratík, var einnig sýnd. Ég var mjög ánægður með besta hund tegundar sem sigraði tegundahóp 7 og ég tel hann eiga bjarta framtíð.“ Frank dæmdi einnig stríhærða vorsteh en aðeins tveir voru skráðir sem voru að hans mati gæðahundar. „Ég dæmdi líka lofandi ungar vizslur og enska setter hvolpa sem ég var ánægður með.“ Frank sagði að gordon setter væri frekar erfið tegund í ræktun. „Það er erfið að ná fram góðum beinum og fyllingu í tegundinni ásamt góðum framparti og hreyfingum.“

Glæsileg saluki-tík

Frank dæmdi tvær af mjóhundategundunum, saluki og írskan úlfhund. „Saluki-tíkin var besti hundur tegundar. Mjög glæsileg og með réttar hreyfingar. Besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni var mjög fallegur rakki en það sem tíkin hafði fram yfir hann var meiri glæsileiki.“ Einn írskur úlfhundur var skráður og sagði Frank hann eiga bjarta framtíð. „Hann er með mjög gott brjóst miðað við aldur, enn með örlítið flata topplínu en ég tel að hann eigi eftir að þroskast vel.“

Góð skapperð í rough collie

Shetland sheepdog voru af mismunandi tegundargerð en Frank var mjög hrifinn af blue merle tíkinni sem varð besti hundur tegundar. Einnig dæmdi hann rough collie og var mjög ánægður með skapperð þeirra. „Þeir eru oft svo feimnir en hér var skapperðin góð. Ég var mjög hrifinn af tíkinni sem varð besti hundur tegundar. Hún gæti verið örlítið fylltari og með meiri feld en hún var falleg.“ Border collie er ein af þeim tegundum sem Frank finnst hvað skemmtilegast að dæma en hann dæmdi tegundina á heimssýningunni í París 2011. „Ég var hrifnari af tíkunum en rökkunum enda veitti ég fimm tíkum meistaraefni. Tíkin sem sigraði var af réttri stærð og með fallegar, heilbrigðar hreyfingar.“

Sumir boxer-hundar of lágfættir

Frank fannst heldur erfið að dæma boxer-hundana en þar vantaði upp á stærð og fyllingu, að hans mati, sérstaklega meðal tíkanna. „Ég hefði viljað sjá betri augu og meira litarefni í augnkrókum en þetta er ekki ákjósanlegt í tegundinni. Sumir voru of lágfættir af mínu mati og einnig vantaði upp á hlutföllin í höfðunum en höfuðlagið fannst mér vera vandamál.“



Besti hundur sýningar 2. sæti
RW-13 ISCh Ryslip Celtic Tiger at Craigycor
Welsh corgi pembroke
Eigandi: Kristlaug Elin Gunnlaugsdóttir
Ræktandi: Mrs. Caty Elizabeth Cartlidge



Besti hundur sýningar 3. sæti
ISCh Snætinda Isafold
Íslenskur fjárhundur
Eigandi: Sunna Líf Hafþórsdóttir / Hafþór Snæbjörnsson /
Unnur Sveinsdóttir
Ræktandi: Hafþór Snæbjörnsson / Unnur Sveinsdóttir



Besti hundur sýningar 4. sæti
ISShCh Buckholt Cecil
Labrador retriever
Eigandi: Torfi Sigurjónsson
Ræktandi: F A Mount



C.I.B. ISCh Anyka Bootylicious Babe
Siberian husky
Eigandi: Örn Eiríksson
Ræktandi: Mrs S Baker



Besti hvolfpur sýningar lau. 4-6 mán 1. sæti
Amazing Gold Hamingju Perla - Golden retriever
Eigandi: Kristjana Jónsdóttir
Ræktandi: Kristjana Jónsdóttir



Besti hvolfpur sýningar lau. 6-9 mán 1. sæti
Eldhuga Driving Miss Daisy
Amerískur cocker spaniel
Eigandi: Dace Liepina
Ræktandi: Bryndís Pétursdóttir

Á framtíðina fyrir sér!

Briard-tíkin sem varð besti hundur tegundar náði að heilla Frank. „Hún er aðeins 15 mánaða og ég held að hún eigi eftir að vera sigursæl þegar hún fær meira sjálfstraust í hringnum.“ Hann var ekki jafn hrifinn af samoyed. „Ég varð fyrir vonbrigðum með þá hunda sem ég dæmði. Þeir voru of lágfættir og þungir. Samt sem áður held ég að tíkin úr ungliðaflokki eigi eftir að þroskast vel og eiga góða framtíð.“

Stórglæsilegur corgi

Besti hundur tegundar í bulldog var í góðu formi að sögn Frank og hreyfði sig vel. „Öldungurinn var einnig mjög fallegur. Af mjög góðri tegundargerð, með fallett höfuð og með góðan afturpart.“ Frank var mjög hrifinn af besta hundi tegundar í corgi sem sigraði tegundahóp 1. „Stórglæsilegur hundur sem var af fullkominni tegundargerð og miklum gæðum.“

Úrslit sýningar

Frank dæmði keppnina um besta ræktunarhóp dagsins og sagðist hafa verið sérlega hrifinn af tveimur hópum. „Ég var mjög hrifinn af vorsteh-hópnum og afgnan hound-hópnum sem hefðu báðir getað unnið. Ég vil óska ræktendum þessara hópa til hamingju.“

Í úrslitum tegundahóps 1 sagði Frank corgi-hundinn verðugan sigurvegara. „Ég hélt að briard-tíkin yrði honum „ógn“ en með meiri reynslu og sjálfstrausti mun hún veita öðrum hundum harða keppni.“ Frank sagðist einnig hafa verið hrifinn af schäfer-hundinum.

Öldungarnir voru margir hverjir í frábæru líkamlegu ástandi að sögn Frank sem fannst einkar gaman að dæma þá. „Öldungarnir eru stolt eigenda sinna. Ég valdi sex frábæra öldunga úr hópnum og var mjög hrifinn af þeim öllum.“

Frábærir ungir sýnendur

Frank dæmði yngri og eldri flokk ungra sýnenda og var mjög ánægður með heildina og sagði hann að Ísland „ræktaði“ greinilega fallegar, ungar stúlkur sem væru frábærir sýnendur. Frank sagði að góður ungur sýnandi ætti að vera yfirvegaður og náttúrulegur. „Maður á helst aldrei að taka eftir góðum sýnanda, hundurinn á alltaf að vera aðalatriðið.“

Hann var mjög hrifinn af stúlkunni sem sigraði yngri flokkinn en hún sýndi chow chow af mikilli færni. „Í eldri flokki valdi ég fjóra sýnendur sem allir hefðu getað sigrað. Það voru einungis örlítill smáatriði sem gerðu útslagið. Ég myndi treysta þeim öllum fyrir mínum eigin hundum, það er ekki spurning!“

Nýtt blóð nauðsynlegt

Aðspurður um ráð fyrir íslenska hundamenningu sagði Frank að við þyrftum nýtt blóð í sumum tegundum til að ná fram hinni réttu tegundargerð. Það myndi hjálpa stofninum og genafjölbreytileikanum. „Farið til útlanda og horfið á tegundina ykkar í harðri samkeppni þar sem margir hundar eru skráðir til leiks og skoðið sérstaklega hina réttu tegundargerð.“

Skipulag til fyrirmyndar

Laurent Pichard frá Sviss var ánægður með skipulag sýningarinnar, dæmdi marga fallega hunda og sagðist hafa notið þess að vera hér. Hann var mjög hrifinn af sýnendunum hér á landi sem voru mjög góðir að hans mati. Einnig var hann ánægður með það að fólk tók dómum hans almennt mjög vel. Hann tók það sérstaklega fram að gæði weimaraner hefðu greinilega batnað síðan hann dæmdi hér síðast. „Ég dæmdi tegundina ekki að þessu sinni en í ræktunarhópnum sem ég sá í úrslitum voru virkilega fallegir einstaklingar.“

Hann dæmdi fjölmargar tegundir. Ein þeirra var siberian husky sem var ein fjölmennasta tegund sýningarinnar. Laurent var mjög ánægður með heildargæði tegundarinnar og sagði að fólk væri greinilega að vinna saman innan tegundarinnar, sem væri frábært.

Laurent ræktar amerískan cocker spaniel og dæmdi tegundina hér á landi fyrir nokkrum árum síðan. „Ég varð fyrir örllitlum vonbrigðum með tegundina en síðast þegar ég dæmdi þá hér á landi voru gæðin mun meiri.“ Golden retriever var af svipuðum gæðum og á flestum stöðum í heiminum. Hann sagði að alltaf væru einhver vandamál í svona fjölmennri og vinsælli tegund og að tegundargerðirnar væru þar af leiðandi margar.

Whippet of stórir

Hann dæmdi tvær af mjóhundategundunum, whippet og afghan hound og var hrifnari af þeirri síðarnefndu. „Whippet-hundarnir voru margir hverjir of stórir. Þeir eiga ekki að líta út eins og „litlir greyhound“. Afghan hound voru almennt af góðum gæðum og ég var sérstaklega hrifinn af ungu rauðu tíkinni sem varð besta tík tegundar.“

Aðeins einn leonberger var skráður á sýninguna og var Laurent mjög hrifinn af honum. „Þessi meistarahundur er virkilega fallegur og góður fulltrúi tegundarinnar. Hann er með mjög heilbrigðar hreyfingar og af góðri tegundargerð. Ég vona að það sé til falleg tík fyrir hann hér á landi. Ég verð að segja að það munaði litlu að hann sigraði tegundahópinn.“

Einn affenpincher var skráður og sagði Laurent hann vera af góðri tegundargerð og með fallett höfuð.

Ánægður með besta hund sýningar

Laurent dæmdi úrslit í tegundahópnum 2 og 10. Sigurvegari tegundahóps 2 var einnig valinn besti hundur sýningar en það var st. bernhardshundurinn. „Ég var mjög ánægður þegar hann var valinn besti hundur sýningar. Hann var með fallegar, heilbrigðar hreyfingar og mjög vel sýndur. Ég var, eins og áður sagði, einnig mjög hrifinn af leonbergerhundinum.“ Afghan hound varð hlutskarpastur í tegundahópi 10. „Það voru tveir framúrskarandi hundar í tegundahópi 10, afghan hound og saluki. Ég hefði viljað hafa saluki-tíkina örllítið lengri en hún var mjög falleg.“

„Eigið hrós skilið“

Svein Helgesen frá Noregi var mjög ánægður með sýninguna og gestrisni Hundaræktarfélags Íslands. „Það var hugsað svo vel um okkur! Mér fannst svo gaman að sjá alla fallegu hundana ykkar, þið eigið hrós skilið.“



Besti hvolfpur sýningar sun. 4-6 mán 1. sæti
Íxilandía Hrafnkatla
Border terrier
Eigandi: Jónína Sif Eypórsdóttir
Ræktandi: Jónína Sif Eypórsdóttir



Besti hvolfpur sýningar sun. 6-9 mán 1. sæti
Eyberg Ice Drogon
Siberian husky
Eigandi: María Björk Guðmundsdóttir
Ræktandi: Auður Eyberg Helgadóttir



Tegundahópur 3: 1. sæti
RW-13 ISCh Sub Terram Apple Jack
Border terrier
Eigandi: Jónína Sif Eypórsdóttir
Ræktandi: Ulrika & Roger Berge



Tegundahópur 7: 1. sæti
Bendishunda Funi
Vorsteh, snögghærður
Eigandi: Einar Páll Garðarsson /
Sigríður Oddný Hrólfsdóttir
Ræktandi: Einar Páll Garðarsson /
Sigríður Oddný Hrólfsdóttir



Tegundahópur 9: 1. sæti
Himna Simbi
Chihuahua, snögghærður
Eigandi: Svanhildur F. Jónasdóttir
Ræktandi: Sigurbjörg Vignisdóttir



Tegundahópur 10: 1. sæti
C.I.B. ISCh Alphaville's Stand By Me
Afghanhound
Eigandi: Sunniva Hrund Snorradóttir
Ræktandi: Yvonne Ljungkvist & Tommy Karlsson

Heildgæði cavalier góð

Svein dæmdi eina af fjölmennustu tegundum sýningarinnar, cavalier king charles spaniel og var ánægður með heildargæðin. Pug voru af misjöfnum gæðum að hans mati. Hann kvaðst hins vegar ánægður með besta hund tegundar í shih tzu sem honum fannst vera góður fulltrúi tegundarinnar. Chinese crested voru í góðum hlutföllum og með fallegar hreyfingar en þó vantaði upp á mýkt húðarinnar. „Þetta virðist vera vandamál alls staðar, bæði hér og erlendis. Ræktendur ná ekki að rækta fram réttu húðgerðina og þar vantar upp á mýktina.“

Íslenski fjárhundurinn kom á óvart

Íslenski þjóðarhundurinn var dæmdur af Svein sem sagði gæði þeirra hafa komið sér ánægjulega á óvart. „Ég dæmdi marga mjög fallega hunda og gæðin voru mjög góð. Þeir voru af góðri tegundargerð og hreyfðu sig vel. Ég hef ekki séð þessi gæði í öðrum löndum.“ Hann var mjög ánægður með besta hund tegundar sem sigraði tegundahóp 5 og varð í 3. sæti í úrslitum um besta hund sýningar. Svein var þó ekki jafn hrifinn af pomeranian og var enginn sem hreif hann sérstaklega. „Því miður voru gæðin ekki nógu mikil.“

Svein kvaðst mjög hrifinn af siberian husky, þó hann hefði ekki dæmt tegundina, og sagði að greinilega væru margir góðir einstaklingar innan tegundarinnar hér á landi.

Hann dæmdi úrslit um besta hvolp sýningar í yngri flokki en fyrri daginn sigraði siberian husky hvolpur sem hann var mjög hrifinn af og þann seinni varð amerísk cocker spaniel-tík hlutskörpust. „Mjög falleg tik með rétta topplínu og fallegar hreyfingar.“

Svein sagðist engin ráð hafa fyrir okkur. „Allt er frábært hérna. Ég var mjög ánægður með andrúmsloftið á sýningunni og fannst gaman að sjá allt fólkíð sem horfði á úrslit sýningarinnar.“

Ánægð með labrador retriever

Eeva Rautala frá Finnlandi dæmdi meðal annars labrador retriever, fjölmennustu tegund sýningarinnar en þess má geta að Eeva hefur ræktað tegundina í mörg ár. Hún var ánægð með gæði tegundarinnar í heild og þá hunda sem lentu í fyrstu sætum. Hún sagðist helst vilja ráðleggja labrador eigendum og sýnendum að kynna sér betur þær aðferðir sem notaðar væru við að sýna tegundina. Það ætti ekki að sýna allar tegundir eins og það hefðu greinilega verið margir sem ekki hefðu kunnað réttu handtökin. Að öðru leyti sagðist hún vera sátt við sýninguna í heild sinni.

Snyrtingu ábótavant

Hans Van den Berg dæmdi meðal annars schnauzer og sagðist vera ánægður með gæðin á hundunum. Ef það væri eitthvað sem hægt væri að benda á væri það snyrtingin á hundunum. Margir þeirra hefðu verið rakaðir að hluta, sem væri alrangt í þessari tegund.

Hann hefur komið áður til Íslands til að dæma og sagðist alltaf fá frábærar móttökur og vel væri hugsað um dómara á meðan á dvöl þeirra stæði. Þetta hefði verið einstaklega skemmtileg helgi.



Besti ræktunarahópur sýningar lau. 1. sæti
Vorsteh, snöggh.
Bendishunda-ræktun
Ræktandi: Einar Páll Garðarsson / Sigríður Oddný Hrólfsdóttir



Besti afkvæmahópur sýningar lau. 1. sæti
Weimaraner
RW-13 C.I.E. ISShCh AMCH Kasamar Antares & afkvæmi



Besti ræktunarahópur sýningar sun. 1. sæti
Siberian husky
Miðnætur-ræktun
Ræktandi: Stefán Arnarson



Besti afkvæmahópur sýningar sun 1. sæti
Siberian husky
C.I.B. ISCh Anyka Bootylicious Babe & afkvæmi



Ungir sýnendir - Yngri flokkur:
1. sæti - Agatha Elín Steinþórsdóttir með Chow chow



Ungir sýnendir - Eldri flokkur:
1. sæti - Erna Sigríður Ómarsdóttir með Tibetanskan spaniel

Heildarúrslit

Úrslit sýningar 7. – 8. September 2013

Alls voru skráðir til þátttöku 720

hundar af 86 hundategundum.

Dómarar að þessu sinni voru: Hans

Van den Berg (Holland), Agnes

Ganami (Israel), Eeva Rautala

(Finnland), Laurent Pichard

(Sviss), Frank Kane (Bretland) og

Svein Helgesen (Noregur).

Alls tóku 22 ungir sýnendur á

aldrinum 10-12 og 13-17 ára þátt

og kepptu um titilinn besti ungi

sýnandinn. Dómari að þessu sinni

var Frank Kane (Bretland).

Besti hundur sýningar 1. sæti

RW-13 Sankti-Ice How Much Wood

Would a Woodchuck Chuck IS16910/12

St. Bernhárðshundur síðh.

Eigandi: Guðný Vala Tryggvadóttir

Ræktandi: Guðný Vala Tryggvadóttir

Besti hundur sýningar 2. sæti

RW-13 ISCh Ryslip Celtic Tiger

at Craigycor IS16661/12

Welsh corgi pembroke

Eigandi: Kristlaug Elin Gunnlaugsdóttir

Ræktandi: Mrs. Caty Elizabeth Cartledge

Besti hundur sýningar 3. sæti

ISCh Snætinda Ísafold IS13995/09

Íslenskur fjárhundur

Eigandi: Sunna Líf Hafþórsdóttir / Hafþór

Snæbjörnsson / Unnur Sveinsdóttir

Ræktandi: Hafþór Snæbjörnsson

/ Unnur Sveinsdóttir

Besti hundur sýningar 4. sæti

ISShCh Buckholt Cecil IS14908/10

Labrador retriever

Eigandi: Torfi Sigurjónsson

Ræktandi: F A Mount

Besti öldungur sýningar 1. sæti

C.I.B. ISCh Anyka Bootylicious

Babe IS09327/06

Siberian husky

Eigandi: Örn Eiríksson

Ræktandi: Mrs S Baker

Besti öldungur sýningar 2. sæti

RW-13 C.I.B. ISCh Silenzio's

Theresia IS09957/06

Papillon

Eigandi: Ásta María Guðbergsdóttir

Ræktandi: Britt-Marie Hansson

Besti öldungur sýningar 3. sæti

RW-13 C.I.E. ISShCh Cararua

Aristocrat IS08405/05

Írskur setter

Eigandi: Arinbjörn Friðriksson/

Margrét G. Andrésdóttir

Ræktandi: Jóna Theodóra Viðarsdóttir

Besti öldungur sýningar 4. sæti

RW-13 C.I.B. ISCh Arnarstaða

Romsa IS08550/05

Íslenskur fjárhundur

Eigandi: Guðriður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Ræktandi: Guðriður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Tegundahópur 1: 1. sæti

RW-13 ISCh Ryslip Celtic Tiger

at Craigycor IS16661/12

Welsh corgi pembroke

Eigandi: Kristlaug Elin Gunnlaugsdóttir

Ræktandi: Mrs. Caty Elizabeth Cartledge

Tegundahópur 1: 2. sæti

Gjósku Osbourne-Tyson IS16617/12

Schäfer, snögghærður

Eigandi: Aðalheiður Þorsteinsdóttir

Ræktandi: Arna Rúnarsdóttir

Tegundahópur 1: 3. sæti

Heydalur's AukinÁst IS17247/12

Briard

Eigandi: Berglind Gestsdóttir

Ræktandi: Stella Sif Gísladóttir

Tegundahópur 1: 4. sæti

Robba Dan Isadora IS13863/09

Shetland sheepdog

Eigandi: Guðmunda Haraldsdóttir

Ræktandi: Róbert Daniel Jónsson

Tegundahópur 2: 1. sæti

RW-13 Sankti-Ice How Much Wood

Would a Woodchuck Chuck IS16910/12

St. Bernhárðshundur síðh.

Eigandi: Guðný Vala Tryggvadóttir

Ræktandi: Guðný Vala Tryggvadóttir

Tegundahópur 2: 2. sæti

Albarossi'k Givenchy Ice-Cube IS18612/13

Dvergschnauzer, svartur/silfur

Eigandi: Oksana Shalabai / Lára

Bjarney Kristinsdóttir / Margrét

Kjartansdóttir / María Björg Tamimi

Ræktandi: Markevich O. & V.

Tegundahópur 2: 3. sæti

ISCh RW-13 Bölelejonet Slow

Floating Water IS15906/11

Leonberger

Eigandi: Malin Wídarsson

Ræktandi: Anne Marie Krigh

Tegundahópur 2: 4. sæti

RW-13 ISShCh Mir-Jan's Campari IS15214/10

Risaschnauzer, svartur

Eigandi: Ragnhildur Gísladóttir

Ræktandi: Mirosława Kuster

Tegundahópur 3: 1. sæti

RW-13 ISCh Sub Terram

Apple Jack IS16622/12

Border terrier

Eigandi: Jónína Sif Eypórsdóttir

Ræktandi: Ulrika & Roger Berge

Tegundahópur 3: 2. sæti

RW-13 ISCh Rosetopp's Icran IS14803/10

Yorkshire terrier

Eigandi: Sigrún Gréta Einarsdóttir

/ Þórarinn Pálsson

Ræktandi: Klara Guðrún Hafsteinsdóttir

Tegundahópur 3: 3. sæti

ISCh Paradise Passion The

One To Love IS14714/10

Silky terrier

Eigandi: Alda Gyða Úlfarsdóttir

Ræktandi: Elísabet Kristjánsdóttir

Tegundahópur 4: 1. sæti

RW-13 Sundsdal's Wee Kind

Of Magic IS17591/12

Dachshund, miniature, snögghærður

Eigandi: Arinbjörn Friðriksson

/ Margrét G. Andrésdóttir

Ræktandi: Gitte, Juul & Kent Sundsdal

Tegundahópur 4: 2. sæti

RW-13 ISCh Lioncharm African

Awena IS15329/10

Rhodesian ridgeback

Eigandi: Þorkell Olgeirsson

Ræktandi: Merete Myrheim

Tegundahópur 4: 3. sæti

RW-13 Íslands-Nollar

Citronpepper IS15877/11

Basset fauve de Bretagne

Eigandi: Súsanna Poulsen

Ræktandi: Súsanna Poulsen

Tegundahópur 4: 4. sæti

Árbæjar Nökkvi IS14698/10

Dachshund, miniature, síðhærður

Eigandi: Gunnhildur Einarsdóttir

Ræktandi: Edda Björk Ólafsdóttir

Tegundahópur 5: 1. sæti

ISCh Snætinda Ísafold IS13995/09

Íslenskur fjárhundur

Eigandi: Sunna Líf Hafþórsdóttir / Hafþór

Snæbjörnsson / Unnur Sveinsdóttir

Ræktandi: Hafþór Snæbjörnsson

/ Unnur Sveinsdóttir

Tegundahópur 5: 2. sæti

ISCh RW-13 Miðnætur Rum

Tum Tugger IS15981/11

Siberian husky

Eigandi: Ágúst Már Viggósson

Ræktandi: Stefán Arnarson

Tegundahópur 5: 3. sæti

RW-13 Dropasteins Trouble

O Seven IS17690/12

Chow chow

Eigandi: Hildur Hödd Stefánsdóttir

Ræktandi: Tryggvi Erlingsson /

Ingibjörg Svana Runólfsdóttir

Tegundahópur 5: 4. sæti

C.I.B. ISCh Chayo Blue Blood IS15120/10

Alaskan malamute

Eigandi: Tara Sif Haraldsdóttir

/ Styrmir Vignisson

Ræktandi: Miss S. L. Ellis

Tegundahópur 7: 1. sæti

Bendishunda Funi IS17722/12

Vorsteh, snögghærður

Eigandi: Einar Páll Garðarsson /

Sigríður Oddný Hrólfssdóttir

Ræktandi: Einar Páll Garðarsson /

Sigríður Oddný Hrólfssdóttir

Tegundahópur 7: 2. sæti

ISCh Huldu Bell von Trubon IS15339/10

Weimaraner, snögghærður

Eigandi: Kristín Jónasdóttir

Ræktandi: Hulda Jónasdóttir

Tegundahópur 7: 3. sæti

RW-13 ISShCh Eðal Ilmur IS16142/11

Írskur setter

Eigandi: Hreiðar Karlsson / Elin Gestsdóttir

Ræktandi: Hreiðar Karlsson / Elin Gestsdóttir

Tegundahópur 7: 4. sæti

Yrja IS11776/08

Vorsteh, strýhærður

Eigandi: Lárus Eggertsson

Ræktandi: Hreimur Garðarsson

Tegundahópur 8: 1. sæti

ISShCh Buckholt Cecil IS14908/10

Labrador retriever

Eigandi: Torfi Sigurjónsson

Ræktandi: F A Mount

Tegundahópur 8: 2. sæti

RW-13 ISCh Eldhuga Stand

By Me IS16003/11

Amerískur cocker spaniel

Eigandi: Bryndís Pétursdóttir

/ Guðmundur Bjarnason

Ræktandi: Bryndís Pétursdóttir

/ Guðmundur Bjarnason

Tegundahópur 8: 3. sæti

RW-13 Lokkur frá Götu IS16469/11

Enskur springer spaniel

Eigandi: Edda Sigurðsson

Ræktandi: Edda Sigurðsson

Tegundahópur 8: 4. sæti

RW-13 ISShCh Great North Golden

Sunrise Glacier IS13880/09

Golden retriever

Eigandi: Ásdis Björk Guðmundsdóttir

Ræktandi: Steinunn Guðjónsdóttir

Tegundahópur 9: 1. sæti

Himna Simbi IS16218/11

Chihuahua, snögghærður

Eigandi: Svanhildur F. Jónasdóttir

Ræktandi: Sigurbjörg Vignisdóttir

Tegundahópur 9: 2. sæti

RW-13 ISCh Royal Frise Dolly

Doll IS16740/12

Bichon frise

Eigandi: Sigrún Vilbergisdóttir

Ræktandi: Lazar A. Diana

Tegundahópur 9: 3. sæti

RW-13 C.I.B. ISCh Tíbráar Tinda

Prayer Wheel Spinner IS13867/09

Tíbetanskur spaniel

Eigandi: Kolbrún Jónsdóttir

Ræktandi: Auður Valgeirsdóttir

Tegundahópur 9: 4. sæti

RW-13 ISCh Ljúflings Dýri IS14630/10

Cavalier king charles spaniel

Eigandi: María Tómasdóttir

Ræktandi: María Tómasdóttir

Tegundahópur 10: 1. sæti

C.I.B. ISCh Alphaville's Stand
By Me IS11487/08
Afghanhound
Eigandi: Sunniva Hrund Snorradóttir
Ræktandi: Yvonne Ljungkvist
& Tommy Karlsson

Tegundahópur 10: 2. sæti

ISCh Gehela's Badieh Malikh IS14690/10
Saluki, fringed
Eigandi: Guðmunda Magnea Friðriksdóttir
Ræktandi: Heidi Veronica Larsen

Tegundahópur 10: 3. sæti

Leifturs Skúta IS17474/12
Whippet
Eigandi: Gunnur Sif Sigurgeirsdóttir
Ræktandi: Gunnur Sif Sigurgeirsdóttir

Tegundahópur 10: 4. sæti

Edgar Sawtelle Ardfhuil
O'marksbay IS18625/13
Írskur úlfhundur
Eigandi: Kristín Halla Sveinbjarnardóttir
Ræktandi: Wille Knut Olav
og Larsen Övind Berg

Besti hvolpur sýningar lau. 4-6 mán 1. sæti

Amazing Gold Hamingju Perla IS18366/13
Golden retriever
Eigandi: Kristjana Jónsdóttir
Ræktandi: Kristjana Jónsdóttir

Besti hvolpur sýningar lau. 4-6 mán 2. sæti

Íslands-Berg Sweetest Thing IS18573/13
Franskur bulldog
Eigandi: Ólöf Elíasdóttir
Ræktandi: Ólöf Elíasdóttir

Besti hvolpur sýningar lau. 4-6 mán 3. sæti

Kastala Wonderful RockStar IS18518/13
Papillon
Eigandi: Sigrún Vilbergisdóttir
Ræktandi: Sigrún Vilbergisdóttir

Besti hvolpur sýningar lau. 4-6 mán 4. sæti

Sólstorms What's This Life For IS18546/13
Labrador retriever
Eigandi: Sólrún Dröfn Helgadóttir
Ræktandi: Sólrún Dröfn Helgadóttir
/ Ármarr J. Guðmundsson

Besti hvolpur sýningar lau. 6-9 mán 1. sæti

Eldhuga Driving Miss Daisy IS18395/13
Amerískur cocker spaniel
Eigandi: Dace Liepina
Ræktandi: Bryndís Pétursdóttir

Besti hvolpur sýningar lau. 6-9 mán 2. sæti

Butterfly's Kisses Rudolph The Red
Nosed Reindeer IS18188/13
Papillon
Eigandi: Jóna Karlotta Herbertsdóttir
Ræktandi: Jóna Karlotta Herbertsdóttir

Besti hvolpur sýningar lau. 6-9 mán 3. sæti

Teresajo Bingo IS18277/13
Shih tzu
Eigandi: Teresa Joanna Troscianko
Ræktandi: Teresa Joanna Troscianko

Besti hvolpur sýningar lau. 6-9 mán 4. sæti

Stekkjardals Gaius IS18139/13
Labrador retriever
Eigandi: Hákun Jógvanson Djurhuus
Ræktandi: Erla Heiðrún Benediktsdóttir

Besti ræktunarhópur sýningar lau. 1. sæti

Vorsteh, snöggh.
Bendishunda-ræktun
Ræktandi: Einar Páll Garðarsson /
Sigríður Oddný Hrólfssdóttir

Besti ræktunarhópur sýningar lau. 2. sæti

Afghanhound
Glitnir-ræktun
Ræktandi: Valgerður Júlíusdóttir

Besti ræktunarhópur sýningar lau. 3. sæti

Papillon
Hálsakots-ræktun
Ræktandi: Ásta María Guðbergisdóttir

Besti ræktunarhópur sýningar lau. 4. sæti

Tíbetanskur spaniel
Tíbráar-Tinda-ræktun
Ræktandi: Auður Valgeirsdóttir

Besti afkvæmahópur sýningar lau. 1. sæti

Weimaraner
RW-13 C.I.E. ISShCh AMCH
Kasamar Antares & afkvæmi

Besti afkvæmahópur sýningar lau. 2. sæti

Vorsteh, snöggh.
RW-13 C.I.B. ISCh Rugdelias
Qlm Lucienne & afkvæmi

Besti afkvæmahópur sýningar lau. 3. sæti

Labrador retriever
ISShCh Musical's The Hostage & afkvæmi

Besti hvolpur sýningar sun. 4-6 mán 1. sæti

Ixilandia Hrafnkatla IS18671/13
Border terrier
Eigandi: Jónína Sif Eypórsdóttir
Ræktandi: Jónína Sif Eypórsdóttir

Besti hvolpur sýningar sun. 4-6 mán 2. sæti

Raq-Na Rock's Hrafnkatla IS18513/13
Siberian husky
Eigandi: Kolbrún Arna Sigurðardóttir
Ræktandi: Kolbrún Arna Sigurðardóttir

Besti hvolpur sýningar sun. 4-6 mán 3. sæti

Kingsen's Finest Klemenz IS18595/13
Dachshund, miniature, síðhærður
Eigandi: Rafn Karlsson
Ræktandi: Hallveig Karlsdóttir

Besti hvolpur sýningar sun. 4-6 mán 4. sæti

Laufeyjar Lappi IS18444/13
Íslenskur fjárhundur
Eigandi: Linda Laufey Bragadóttir
Ræktandi: Linda Laufey Bragadóttir

Besti hvolpur sýningar sun. 6-9 mán 1. sæti

Eyberg Ice Drogon IS18359/13
Siberian husky
Eigandi: María Björk Guðmundsdóttir
Ræktandi: Auður Eyberg Helgadóttir

Besti hvolpur sýningar sun. 6-9 mán 2. sæti

Kolskeggs Litla Rauðhetta IS18177/13
Dvergschnauzer, svartur
Eigandi: Líney Björk Ívarsdóttir
Ræktandi: Líney Björk Ívarsdóttir

Besti hvolpur sýningar sun. 6-9 mán 3. sæti

Dagdrauma Secret Obsession IS18185/13
Pomeranian
Eigandi: Kristín Elísa Guðmundsdóttir
Ræktandi: Kristín Elísa Guðmundsdóttir

Besti hvolpur sýningar sun. 6-9 mán 4. sæti

Undrlands Grand Scheme IS18203/13
Shetland sheepdog
Eigandi: Arnmundur Kr. Jónasson
Ræktandi: Lilja Dóra Halldórsdóttir

Besti ræktunarhópur sýningar lau. 1. sæti

Siberian husky
Miðnætur-ræktun
Ræktandi: Stefán Arnarson

Besti ræktunarhópur sýningar lau. 2. sæti

Dvergschnauzer, svartur
Svartwalds - ræktun
Ræktandi: María Björg Tamimi

Besti ræktunarhópur sýningar lau. 3. sæti

Pomeranian
Callevy's- ræktun
Ræktandi: Evy Ákesson/Fredrik Nilsson

Besti ræktunarhópur sýningar lau. 4. sæti

Risascnauzer, svartur
Heljuheims- ræktun
Ræktandi: Ragnhildur Gísladóttir

Besti afkvæmahópur sýningar lau. 1. sæti

Siberian husky
C.I.B. ISCh Anyka Bootylicious
Babe & afkvæmi

Besti afkvæmahópur sýningar lau. 2. sæti

Risaschnauzer, svartur
RW-13 ISShCh Mir-Jan's Campari & afkvæmi

Besti afkvæmahópur sýningar lau. 3. sæti

Schäfer, snöggh.
RW-13 C.I.B. ISCh Welincha's
Yasko & afkvæmi

Besti afkvæmahópur sýningar lau. 4. sæti

Australian shepherd
Thornapple Seduction & afkvæmi

Ungir sýnendur - Yngri flokkur:

1. sæti - Agatha Elin Steinþórsdóttir með Chow chow
2. sæti - Sigrún Sandra Valdimarsdóttir með Papillon
3. sæti - Glódís Rún Sigurðardóttir með Australian shepherd
4. sæti - Elena Mist Theodorósdóttir með Labrador retriever

Ungir sýnendur - Eldri flokkur:

1. sæti - Erna Sigríður Ómarsdóttir með Tíbetanskun spaniel
2. sæti - Hilda Björk Friðriksdóttir með Schnauzer
3. sæti - Theodóra Róbertsdóttir með Vorsteh, strýh.
4. sæti - Birta Dröfn Valdsóttir með Papillon

Þjónustuhundur ársins 2013

Leiðsöguhundurinn Exo

Eigandi: Svanhildur Anna Sveinsdóttir

Leiðsöguhundurinn, Exo hefur bætt líf Svanhildar Önnu Sveinsdóttur mikið en hann fékk hún vorið 2010. Hann er hennar hjálpartæki þegar hún þarf að komast á milli staða og gerir henni kleift að komast af án annarrar aðstoðar til að sinna sínum daglegu og félagslegu störfum.

Svanhildur segir leiðsöguhundinn vera fyrst og fremst hjálpartæki og að hann hafi sannað gildi sitt margsinnis. Hann er jafnframt vinur hennar og hún segir hann veita sér mikinn félagsskap. Stuttu eftir að Svanhildur fékk Exo fékk hún að vita að hún fengi ekki að hafa hund í þeirri íbúð sem hún bjó í þá. Svanhildur þurfti að selja íbúðina sína og flutti rétt áður en lagabreyting gekk í gegn sem felur í sér að leiðsöguhundar skuli vera leyfðir alls staðar. Svanhildur og Exo búa núna á jarðhæð sem eru mun þægilegra fyrir þau bæði því þar eru engar tröppur og Exo fékk sitt pláss úti garði. Drífa Gestsdóttir, þjálfari leiðsöguhunda, fylgist með Exo og samvinnu þeirra Svanhildar og segir Svanhildur að það sé mjög gott að geta leitað til hennar eftir ráðum og aðstoð.



Leiðsöguhundurinn, Exo
Eigandi: Svanhildur Anna Sveinsdóttir

Ritstjóri og ritnefnd Sáms þakka af alhug eftirfarandi aðilum fyrir greinaskrif, ljósmyndir eða aðra aðstoð við útgáfu blaðsins:

Brynju K. Magnúsdóttur, Erling Aðalsteinssyni, Ernu S. Ómarsdóttur, Guðrúnju S. Tryggvadóttur, Hönnu Arnórsdóttur, Huldu Jónasdóttur, Juha Kares, Kristínu Jónasdóttur, Rakel Ósk Sigurðardóttur, Pétri Alan Guðmundssyni, Soffíu Kwaszenko, Söndru Björk Ingadóttur, Sóleyju Ósk Sigurgeirsdóttur, Þorsteini Thorsteinson

Afrekshundur ársins 2013

Íslenski fjárhundurinn, Stefsstells Skrúður

Eigandi: Vigdís Elma Cates

Stefsstells Skrúður er 7 ára gamall íslenskur fjárhundur. Skrúður kom inn í líf Elsu Lindar þegar hún var tveggja ára gömul. Nokkrir hundar voru fyrir á heimilinu og náði Elsa Lind strax góðu sambandi við þá alla en sambandið milli Skrúðs og Elsu Lindar varð samt alveg einstakt.

Elsa Lind er með ódæmigerða einhverfu sem lýsir sér þannig að hún fer inn í sinn eigin heim og tjáir sig lítið þó að það hafi breyst mikið á undanföru. Hún er líka með cerebral palsy (CP) sem þýðir að hún hefur ekki fulla stjórn á hreyfingum.

Skrúður laðaðist strax að Elsu Lind og því ákvað amma Elsu, Elma Cates, að hann yrði notaður til að þjálf hana við að læra að tala og seinna í að lesa. Í fimm ára deild og í fyrsta bekk fór Elsa Lind með mynd af hundinum í skólann, kennararnir drógu upp mynd af Skrúði og út frá því tókst þeim að fá Elsu Lind til að opna sig og byrja að hvísla. Í öðrum og þriðja bekk átti Elsa erfitt með að staldra lengi við námsbækurnar og þá sérstaklega við lestur. Þá stóð Skrúður sig vel, hann lagðist með henni í rúmið á kvöldin eða í sófann á daginn og hlustaði á hana lesa og smám saman fékk hún áhuga á lestri. Elsa er nú að byrja í fimmta bekk og er orðin fluglæs.

Elsa Lind hefur náð gríðarlegum árangri á stuttum tíma. Í upphafi árs í fyrra lét hún nægja að hvísla stutt að kennurunum en í lok skólaárs var hún farin að tala upphátt og hélt kynningu um alla hunda á heimilinu hátt og skýrt fyrir framan bekkinn. Þessi vinna með hundinn gefur henni viðurkenningu og styrkir hennar sjálfsmynd. Elsa Lind er orðin mjög sterk félagslega. Krakkarnir í hverfinu koma og spyrja eftir henni og Elsa fer út í leiki og oftast fer Skrúður með.

Til að byrja með voru samskipti milli Elsu og Skrúðs huglæg. Til



að fá hana til að tala upphátt fór hún að vinna með hundinum í hlýðni. Elsa þurfti þá að nota orð til að fá hann til að hlýða sér og leysa ýmis verkefni eins og að ganga á hæl, sitja, liggja, standa á göngu, liggja á göngu og hoppa yfir hindrun. Seinna, þegar hún var farin að stjórna honum úr fjarlægð, þurfti hún að tala hærra og það var upphafið að því að hún fór að tala í eðlilegri raddhæð.

Þetta er stanslaus vinna, að sögn Elmu. Elsa kemur til með að sýna hundinn framvegis því að þessari vinnu er aldrei lokið. Það þarf alltaf að þjálf hundinn og hana sjálfa. Hundurinn fer í erfiðari æfingar og hún fylgir honum eftir. Nú eru Elsa og Skrúður farin að æfa hundafími og gengur það ótrúlega vel. Skrúður einfaldlega horfir í augun á henni og bíður eftir skipun.



Besti hundur sýningar 1. sæti

RW-13 ISCh Bayero's Magic Dream - St. Bernharðshundur snöggh. Eigandi: Guðný Vala Tryggvadóttir Ræktandi: Lillevik May Inger & Hjeldnes Trond

Alþjóðleg hundasýning HRFÍ í nóvember

Höfundar: Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Guðrún Margrét Baldursdóttir

Ljósmyndir: Ágúst Ágústsson

Alþjóðleg hundasýning HRFÍ var haldin helgina 16.-17. nóvember síðastliðinn. 745 hundar af 83 tegundum voru skráðir á sýninguna. Dómarnir voru sex að þessu sinni; Paula Heikkinen-Lehkonen og Harri Lehkonen frá Finnlandi, Seamus Oates frá Írlandi, Gerard Jipping frá Hollandi, Tatjana Urek frá Slóveníu og Ásta María Guðbergsdóttir frá Íslandi. 27 ungir sýnendur voru skráðir í yngri og eldri flokki og var dómari Tatjana Urek.

St. bernharðshundarnir framúrskarandi

Írski dómarnir Seamus Oates dæmdi hér fyrir nokkrum árum en kvaðst ekki muna mikið eftir einstökum tegundum frá þeirri sýningu. Hann var yfir sig ánægður með sýninguna núna og nefndi sérstaklega hversu mikil gæði væru á hundunum á heildina litið og í sumum tegundum væru gæðin frábær. Þar vildi hann

sérstaklega nefna st. bernharðshundana en hann dæmdi tegundina og valdi síðan snögghærðan st. bernharðshund sem besta hund sýningar. Hann kvaðst hafa komið að stofnun st. bernharðshunda klúbbsins á Írlandi á áttunda áratug síðustu aldar og þetta væri hans tegund. Hundarnir hér á landi væru með því besta sem hann hefði séð á sínum ferli!

Seamus dæmdi margar tegundir á sunnudeginum og var almennt ánægður

með hundana. Hann sagðist hafa verið sérstaklega hrifinn af corgi hundunum og old english sheepdog og var mjög ánægður með góðan árangur þeirra í tegundahópi 1. Honum fannst border collie hundarnir ekkert sérstakir en dvergschnauzer hundarnir fannst honum yfirleitt af miklum gæðum.

Bestu hundar sýningar

Seamus dæmdi besta hund sýningar, eins og áður sagði, og kvaðst hafa verið ánægður með alla hundana í úrslitunum. Hann nefndi að snögghærður miniature dachshund væri mjög efnilegur og einnig væri welsh corgi pembroke hundurinn frábær en st. bernharðs-hundurinn hefði algerlega átt hug hans og hjarta.

Pomeranian misjafnir

Paula Heikkinen-Lehkonen frá Finnlandi var ánægð með skipulag sýningarinnar. „Allt gekk snurðulaust fyrir sig og starfsmennirnir voru framúrskarandi. Það eina sem ég get kvartað yfir er of há tónlist.“

Paula dæmdi fjölmargar tegundir á sýningunni og kvaðst ánægð með margar þeirra. Pomeranian fannst henni þó erfitt að dæma vegna þess af hve mismunandi tegundargerðum þeir voru. „Þeir voru mjög misjafnir. Í Ameríku er ein tegundargerð og á Englandi önnur. Það skiptir mig miklu máli að undir öllum feldinum sé sterkur líkami sem er rétt byggður.“ Hún var ekki hrifin af alaskan malamute sem voru margir hverjir allt of stórir.

Ánægð með tegundir í tegundahópi 8

Í tegundahópi 8 dæmdi Paula enskan springer spaniel, golden retriever, enskan cocker spaniel og amerískan cocker spaniel og var mjög hrifin af þessum tegundum. „Enski springer spaniel rakkinn sem sigraði var mjög fallegur. Hann er enn ungur og þar af leiðandi ekki fullþroskaður en virkilega fallegur fulltrúi tegundarinnar.“ Paula kvaðst ánægð með golden retriever en þó væru þeir misjafnir vegna þess að tegundin er mjög vinsæl og þar af leiðandi eru mismunandi tegundargerðir til staðar. Enskur cocker spaniel var að mati hennar frábær yfir heildina. „Ég var ótrúlega ánægð með þá. Besti hundur tegundar var virkilega fallegur, með frábæra topplínu og fallegt höfuð sem er sjaldséð í dag.“ Amerísku cocker spaniel-hundarnir voru mjög góðir að hennar mati. „Í tegundinni dæmdi ég marga fallega hunda sem hreyfðu sig vel. Þeir voru almennt með falleg höfuð og rétta topplínu.“

Snyrtingu ábótavant

Paula er hundasnyrtir og var ekki sátt við snyrtingu strílhærðu tegundanna sem hún dæmdi og nefndi þar risaschnauzer sem dæmi. „Ameríska snyrtingin hugnast mér ekki. Í þeirri tegund snyrtingar er of mikið hár á maga og fótum skilið eftir. Ég tók líka eftir þessu í hinum schnauzer-tegundunum.“

Paula dæmdi papillon sem var almennt af miklum gæðum en þó misstórir. „Sumir voru með of mjúkan feld og sumir með mjög mikinn feld. Papillon á ekki að vera mjög feldmikill hundur. Ég var mjög ánægð með sigurvegarana og gæðin almennt.“ Tegundirnar griffon bruxellois og petit brabancon voru dæmdar af Paulu og kom henni á óvart að sú síðarnefnda var betri en hin. Hún sagði griffon bruxellois af mismiklum gæðum en var þó mjög hrifin af besta hundi tegundar. „Það er gott fyrir tegundina að hægt sé að rækta þessar tvær tegundir saman.“



Besti hundur sýningar 2. sæti
RW-13 ISCh Ryslip Celtic Tiger at Craigycor
Welsh corgi pembroke
Eigandi: Kristlaug Elín Gunnlaugsdóttir
Ræktandi: Mrs. Caty Elizabeth Carlidge



Besti hundur sýningar 3. sæti
Huldu Lennox of Weimar
Weimaraner, snögghærður
Eigandi: Sigríður Júlía Quirk
Ræktandi: Hulda Jónasdóttir



Besti hundur sýningar 4. sæti
RW-13 Sundsdal's Wee Kind Of Magic
Dachshund, miniature, snögghærður
Eigandi: Arinbjörn Friðriksson & Margrét G. Andrésdóttir
Ræktandi: Gitte, Juul & Kent Sundsdal



Besti öldungur sýningar 1. sæti
C.I.E. ISShCh Lizabett Forest Dazzler HIT
Briard
Eigandi: Elín Lára Sigurðardóttir
Ræktandi: Mrs V E Jennings



Besti hvolfur sýningar lau. 4-6 mán 1. sæti
Leynigarðs Hugur
Labrador retriever
Eigandi: Katrín Halldórsdóttir
Ræktandi: Guðlaug Gísladóttir



Besti hvolfur sýningar lau. 6-9 mán 1. sæti
Raq Na Rock's Hrafnkatla
Siberian husky
Eigandi: Kolbrún Arna Sigurðardóttir
Ræktandi: Kolbrún Arna Sigurðardóttir

Snögghærður langhundur framúrskarandi

Síðhærðu langhundarnir voru nokkuð góðir að mati Paulu en sumir voru þó ungir og áttu þónokkuð í land hvað varðar líkamlegan þroska. Besti hundur tegundar í snögghærðum langhundum var framúrskarandi að hennar sögn. „Hann gæti unnið hvar sem er í heiminum. Það vantar örlítið upp á sjálfstraustið hjá honum en hann er gullfallegur að öllu leyti.“ Einn petit basset griffon vendén var skráður á sýninguna og var Paula yfir sig hrifin af honum. „Hann er virkilega fallegur hundur og á eftir að verða enn betri með auknum þroska. Feldgerðin er rétt og hreyfingarnar frábærar.“

Briard vakti hrifningu Paulu en þeir voru að hennar sögn af góðri tegundargerð, langir, sterkbyggðir og með fallegan feld. Sumir voru þó örlítið feimnir. Paula var sömuleiðis hrifin af shetland sheepdog í heild.

Frábærir hundar í úrslitum

Hundarnir sem kepptu til úrslita um besta hund sýningar gætu keppt hvar sem er í heiminum, að sögn Paulu. „Sigurvegarinn var ótrúlega fallegur og heilbrigður sem er svo erfitt að ná fram í tegundinni. Venjulega eru þeir bestu of litlir en þessi er af réttri stærð og getur svo sannarlega hreyft sig! Það er svo erfitt að ná fram stærðinni og heilbrigðinu í þessari tegund.“

Sýnendur mjög færir

Aðspurð um ráð okkur til handa nefndi Paula snyrtingu schnauzer-hundanna. „Mér líkar ekki þessi amerísku áhrif sem virðast vera á snyrtingu dvergschnauzer-hundanna.“ Paula var þó ánægð með framfarirnar sem hafa átt sér stað í mörgum tegundum og sagði gæðin mjög góð í mörgum tegundum hér. „Mér finnst ræktendur hafa almennt staðið sig vel hér á landi.“ Að lokum nefndi hún að henni fyndist frábært að sjá allt hæfileikaríka unga fólkið á sýningunni. „Mér finnst ótrúlegt hve marga góða sýnendur þið eigið hér. Það vissu allir hvað þeir áttu að gera í hringnum og það finnst mér magnað miðað við það að hér eru aðeins fjórar sýningar á ári!“

Tatjana Urek frá Slóveníu var að dæma hér á landi í fyrsta sinn. Hún kvaðst lítið hafa vitað um Ísland og hún hefði til dæmis ekki gert sér grein fyrir að hér væri ennþá einangrun fyrir innflutta hunda. Hún sagði að miðað við hversu erfitt og dýrt það hlyti að vera fyrir Íslendinga að stunda hundarækt þá hefðu gæðin á hundunum komið sér á óvart.

Gæðin misjöfn

Á laugardeginum dæmdi Tatjana stærstu tegund sýningarinnar, labrador retriever. Hún sagði að hundarnir hefðu verið misjafnir eins og í öðrum löndum en heildargæði hefðu verið mjög mikil og hún hefði verið ánægð með tegundina. Á sunnudeginum dæmdi hún tegundir úr tegundahópi 9, eða cavalier, coton de tuléar, havanese, malteser og shih tzu. Hún kvaðst hafa verið sérstaklega hrifin af shih tzu hundunum, sem væru af miklum gæðum. Shih tzu væri hennar tegund og það hefði glatt hana að sjá hversu góðir hundarnir voru. Cavalier king charles spaniel hundarnir sagði hún að hefðu verið af misjöfnum gæðum en hún hefði verið mjög ánægð með besta rakka og bestu tík. Maltese hundurinn, sem varð annar í tegundahópi 9,

var ágætur að hennar mati en með full-langt trýni og feldurinn þyrfti að vera betri. Havanese-hundarnir voru með allt of mjúkan feld, sem væri líklega vegna þess að of mikil hárnæring hefði verið notuð í feldinn fyrir sýninguna. Hún sagðist hafa reynt að útskýra þetta fyrir sýnendunum og vonaði að þeir hefðu skilið við hvað hún átti.

Fallegir hundar í úrslitum

Tatjana sagði að hundarnir sem voru í úrslitum hefðu verið frábærir að sínu mati, sérstaklega miðað við heildarstærð sýningarinnar. Hún kvaðst hafa verið sátt við alla hundana sem settir voru í sæti. Hún væri ekki dómari í tegundahópi 2 en það færi ekki á milli mála að besti hundur sýningar væri frábær einstaklingur. Einnig kvaðst hún hafa verið sérstaklega hrifin af corgi hundinum í öðru sæti og annar hvor þessara hunda hefði verið verðugur sigurvegari sýningarinnar.

Ungir sýnendur

Tatjana dæmdi einnig unga sýnendur en hún er mikil áhugamanneskja um unga sýnendur og dæmdi Norðurlandakeppni ungra sýnenda fyrir nokkrum árum.

Í yngri flokki voru að hennar mati margir mjög góðir sýnendur en aðra vantaði meiri reynslu. „Þau höfðu gaman að því sem þau voru að gera og það finnst mér mikilvægast. Það var óvænt ánægja að sjá að engir foreldrar voru að skipta sér af börnunum en það er mjög algengt erlendis.“ Hún sagði að almennt þyrftu sýnendur í yngri flokki að einbeita sér betur að því að hlusta á það sem dómari segði. Hún kvaðst mjög ánægð með sigurvegarann sem var stúlka sem sýndi australian shepherd. „Svo var önnur sem ég var mjög hrifin af en sú sýndi coton de tuléar. Með meiri reynslu verður hún örugglega ein af þeim bestu.“

Eldri flokkur ungra sýnenda var mjög góður og átti hún í miklum erfðleikum með að velja á milli þeirra. „Sú sem vann var frábær. Ég hafði það á tilfinningunni þegar hún kom fyrst inn í hringinn að hún myndi vinna. Sambandið á milli hennar og hundsins var frábært og allt gekk snurðulaust fyrir sig.“

Boxer af rétttri tegundargerð

Harri Lehtonen frá Finnlandi var ánægður með skipulag sýningarinnar og sagði engin vandamál hafa komið upp. Andrúmsloft sýningarinnar var mjög skemmtilegt að hans mati.

Hann dæmdi fjölmargar tegundir á sýningunni, til dæmis boxer, rottweiler og leonberger. „Ég var mjög hrifinn af sigurvegurinum í boxer sem voru af rétttri tegundargerð. Einnig var ég ánægður með bestu hunda tegundar í rottweiler, leonberger og auðvitað border terrier sem sigraði tegundahóp 3.“ Boxer var ein fjölmennasta tegundin sem hann dæmdi og besti ræktunarhópur tegundar samanstóð af hundum sem allir unnu sína flokka.



Besti hvölpur sýningar sun. 4-6 mán 1. sæti
Gjösku Rósant
Schäfer, snögghærður
Eigandi: Arna Rúnarsdóttir
Ræktandi: Arna Rúnarsdóttir



Besti hvölpur sýningar sun. 6-9 mán 1. sæti
Dare To Be Drunk on Wednesday
Chinese crested
Eigandi: Kristjana Margrét Svansdóttir
Ræktandi: Kristjana Margrét Svansdóttir



Tegundahópur 3: 1. sæti
RW-13 ISCh Sub Terram Apple Jack
Border terrier
Eigandi: Jónína Sif Eypórsdóttir
Ræktandi: Ulrika & Roger Berge



Tegundahópur 5: 1. sæti
ISCh Múla Hríma
Siberian husky
Eigandi: Olga Rannveig Bragadóttir
Ræktandi: Steindór V. Sigurjónsson



Tegundahópur 8: 1. sæti
RW-13 Lokkur frá Götu
Enskur springer spaniel
Eigandi: Edda Janette Sigurðsson
Ræktandi: Edda Janette Sigurðsson



Tegundahópur 9: 1. sæti
RW-13 ISCh Royal Frise Dolly Doll
Bichon frise
Eigandi: Sigrún Vilbergsdóttir
Ræktandi: Lazar A. Diana

Feldgerð rétt en snyrting ekki

Harri sagði feldgerð schnauzer-hundanna rétta en hefði þó viljað sjá þá betur snyrta. „Ég var hrifinn af irish soft coated wheaten terrier-tíkinni þó hún hafi ekki verið til í að sýna sig nægilega vel.“

Australian shepherd voru fjölmennir og fannst Harri tegundargerðin vera misjöfn eins og algengt er annars staðar í heiminum. Hann var þó nokkuð sáttur með tegundina í heild sinni. „Þeir þættir sem ég lagði mesta áherslu á voru stærðin, hlutföllin, styrkleikinn og hreyfingarnar.“ Besti hundur tegundar var sjö og hálfis árs tík sem hann var mjög hrifinn af.

Weimaraner í góðum málum

Harri dæmdi nokkrar tegundir úr tegundahópi 7. Ensku setter hundarnir sem voru skráðir voru allir hvolpar og var Harri nokkuð ánægður með besta hvolp tegundar. Vorsteh voru margir hverjir fallegir en þeir stríhærðu voru frekar ungir að hans sögn. „Margir weimaraner hundar voru skráðir og voru þeir almennt af mjög góðri tegundargerð. Amerísku áhrifin voru ekki of mikil. Besti hundur tegundar, sem sigraði tegundahópin og varð þriðji besti hundur sýningar, var með mjög góðar hreyfingar og í góðu jafnvægi. Fólkið í kringum tegundina var mjög íþróttamannslegt og andrúmsloftið í kringum hringinn var mjög gott.“

Harri var hrifinn af hundunum sem kepptu til úrslita um besta hund sýningar. „Ég var sérstaklega hrifinn af corgi og langhundinum, jafnvel þó að hann vildi ekki sýna sig fullkomlega. Einnig var ég ánægður að sjá weimaraner-hundinn sem ég dæmdi í verðlaunasæti.“

Að lokum sagðist Harri vera ánægður að sjá þróunina sem hefur orðið undanfarin ár á Íslandi. „Fyrir nokkrum árum voru bara tvær sýningar á ári og tveir dómamar. Haldið áfram þessu góða starfi hér.“

Frábært starfsfólk

Gerard Jipping frá Hollandi var mjög ánægður með alla framkvæmd sýningarinnar. Hann nefndi sérstaklega hversu gott starfsfólk var í hringnum hans báða dagana.

Hann dæmdi snögghærðan schäfer, sem hann var ánægður með á heildina litið. Afghan hound er hans tegund og var hann mjög hrifinn af besta hundi tegundar. Í whippet minntist hann sérstaklega á besta hvolp tegundar í flokki 4-6 mánaða sem hann kvaðst algerlega heillaður af.

Ánægður með siberian husky

Gerard dæmdi tvær stórar tegundir á laugardeginum, siberian husky og íslenskan fjárhund. Honum fannst husky hundarnir af miklum gæðum en hundur af þeirri tegund vann jafnframt tegundahóp 5. Hann kvaðst hafa verið stressaður að dæma þjóðarhundinn þar sem hann hefði ekki mikla reynslu af því að dæma íslenska hundinn. Honum fannst sér mikill sómi sýndur með því að fá að dæma tegundina og var almennt ánægður með hundana en fannst margir þeirra vera full stuttfættir.

Einstaklega heilbrigður st. bernharðshundur

Gerard kvaðst hafa verið sáttur við valið á besta hundi sýningar. Þetta væri einstaklega heilbrigður hundur með frábærar hreyfingar og gæðin í tegundinni væru greinilega mikil og á við það besta annars staðar í heiminum. Hann var einnig ánægður með corgi-hundinn í öðru sæti en fannst enskur springer spaniel hafa átt erindi í verðlaunasæti. Afghan-hundurinn var einnig verið í uppáhaldi hjá honum.

Hann sagði að hann hefði engin sérstök ráð til handa Íslendingum nema þau að halda áfram að vanda sig og þar væri sérstaklega mikilvægt að vanda valið á þeim hundum sem væru fluttir inn til ræktunar.

Frumraun Ástu Maríu á alþjóðlegri sýningu

Hin íslenska, Ásta María Guðbergsdóttir, er aðeins þrítug en hún lauk dómaranámi fyrir stuttu og er fyrst í hópi íslenskra dómaranema til að útskrifast sem dómari. Ásta María var ánægð með sýninguna í heild sem var að hennar mati mjög vel skipulögð.

Ánægð með sigurvegara í chihuahua

Ásta María dæmdi fjórar tegundir úr tegundahópi 9; chihuahua snögg- og síðhærðan, chinese crested og tíbet spaniel. Chinese crested-hvolpurinn var að mati Ástu bestur í sinni tegund og fannst henni hann mjög lofandi. Hún kvaðst ánægð með besta rakka og bestu tík í síðhærðum chihuahua. Í snögghærðum chihuahua var ungur rakki besti hundur tegundar. „Hann og annar rakki voru með dæmigert „attitude“ sem á að vera einkennandi fyrir tegundina en mér fannst vanta í marga hundana. Meistararakkinn var öldungur í mjög góðu líkamlegu ástandi. Meistaratíkin sem var besta tík var mjög falleg.“ Ásta sagði að höfuðlagið (eplalaga) væri einna mikilvægast í tegundinni og allir chihuahua-hundarnir sem sigruðu hjá henni voru með slíkt höfuðlag.

Í tíbet spaniel voru, að sögn Ástu, nokkrir mjög góðir einstaklingar og var hún mjög ánægð með bestu tík og besta rakka. „Þau voru bæði ótrúlega vel gerðir einstaklingar en á gólfinu hafði tíkin vinninginn vegna þess að hún bar sig örlítið betur en rakkinn.“

Umhverfisþjálfun og rétt bit mikilvægir þættir

Aðspurð um ráð sagði Ásta að ræktendur í chihuahua þyrftu að gæta þess að rækta frá hundum með rétt bit. „Nokkrir þeirra voru með rangt bit og einhverjir með skakka kjálka sem þarf sérstaklega að gæta að vegna þess að augntönnin á það til að stingast upp í góminn.“ Einnig mælti Ásta með betri umhverfisþjálfun fyrir chihuahua. „Það er svo mikilvægt tegundareinkenni að þeir sýni ekki hræðslu og beri skottið þar af leiðandi ekki eins og þeir eiga að gera.“



Tegundahópur 10: 1. sæti
C.I.B. ISCh Alphaville's Stand By Me
Afghanhound
Eigandi: Sunniva Hrund Snorradóttir
Ræktandi: Yvonne Ljungkvist & Tommy Karlsson



Besti ræktunarhópur sýningar lau. 1. Sæti
St. Bernharðs síðh.
Sankti-Ice
Ræktandi: Guðný Vala Tryggvadóttir



Besti afkvæmahópur sýningar lau. 1. Sæti
Siberian husky
C.I.B. ISCh Anyka Bootylicious Babe & afkvæmi



Besti ræktunahópur sýningar sun. 1. Sæti
Tíbet spaniel
Tíbráar Tinda
Ræktandi: Auður Valgeirsdóttir



Ungir sýnendur yngri flokkur 1. Sæti
Glódís Rún Sigurðardóttir



Besti afkvæmahópur sýningar sun. 1. Sæti
Schäfer, snögghærður
RW-13 C.I.B. ISCh Welincha's Yasko & afkvæmi



Ungir sýnendur eldri flokkur 1. Sæti
Theodóra Róbertsdóttir



Stjórn og starfsfólk Hundarækarfélags Íslands óskar öllum félagsmönnum sínum og öðrum velunnurum félagsins gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári. Fjölmargir félagsmenn hafa komið að störfum félagsins í sjálfböðavinnu á árinu sem er að líða. Þetta vinnuframlag er ómetanlegt og án ykkar væri starfsemi félagsins heldur fátækleg.

Kæru félagar, þetta viljum við þakka sérstaklega um leið og við vonumst eftir áframhaldandi góðu samstarfi á komandi ári.

Heildarúrslit

Úrslit sýningar 16. – 17. Nóvember 2013

Alls voru skráðir til þátttöku 745 hundar af 83 hundategundum. Dómarar að þessu sinni voru: Paula Heikkinen-Lehkonen (Finnland), Harri Lehkonen (Finnland), Seamus Otes (Írland), Gerard Jipping (Holland), Tatjana Urek (Slóvenía) og Ásta María Guðbergsdóttir (Ísland).

Alls tóku 27 ungir sýnendur á aldrinum 10-12 og 13-17 ára þátt og kepptu um titilinn besti ungi sýnandinn. Dómari að þessu sinni var Tatjana Urek (Slóvenía).

Besti hundur sýningar 1. sæti

RW-13 ISCh Bayero's Magic
Dream IS16400/11
St. Bernharðshundur snöggh.
Eigandi: Guðný Vala Tryggvadóttir
Ræktandi: Lillevik May Inger & Hjeldnes Trond

Besti hundur sýningar 2. sæti

RW-13 ISCh Ryslip Celtic Tiger
at Craigycor IS16661/12
Welsh corgi pembroke
Eigandi: Kristlaug Elin Gunnlaugsdóttir
Ræktandi: Mrs. Katy Elizabeth Cartlidge

Besti hundur sýningar 3. sæti

Huldu Lennox of Weimar IS15338/10
Weimaraner, snögghærður
Eigandi: Sigríður Júlía Quirk
Ræktandi: Hulda Jónasdóttir

Besti hundur sýningar 4. sæti

RW-13 Sundsdal's Wee Kind
Of Magic IS17591/12
Dachshund, miniature, snögghærður
Eigandi: Arinbjörn Friðriksson & Margrét G. Andrésdóttir
Ræktandi: Gitte, Juul & Kent Sundsdal

Besti öldungur sýningar 1. sæti

C.I.E. ISShCh Lizabett Forest
Dazzler HIT IS09684/06
Briard
Eigandi: Elin Lára Sigurðardóttir
Ræktandi: Mrs V E Jennings

Besti öldungur sýningar 2. sæti

C.I.B. ISCh Anyka Bootylicious
Babe IS09327/06
Siberian husky
Eigandi: Örn Eiríksson & Stefán Arnarson
Ræktandi: Mrs S Baker

Besti öldungur sýningar 3. sæti

RW-13 C.I.B. ISCh Himna Sól IS07176/03
Chihuahua, síðhærður
Eigandi: Sigurbjörg Vignisdóttir
Ræktandi: Sigurbjörg Vignisdóttir

Besti öldungur sýningar 4. sæti

C.I.B. ISCh Heimsenda Indjana
Fjöður IS08981/05
Australian shepherd
Eigandi: Anna Björg Nielsdóttir
Ræktandi: Björn Ólafsson
Tegundahópur 1: 1. sæti
RW-13 ISCh Ryslip Celtic Tiger
at Craigycor IS16661/12
Welsh corgi pembroke
Eigandi: Kristlaug Elin Gunnlaugsdóttir
Ræktandi: Mrs. Katy Elizabeth Cartlidge

Tegundahópur 1: 2. sæti

RW-13 C.I.B. ISCh Sweet Expression's
Major Catch IS13876/09
Old english sheepdog
Eigandi: Anna Jónsdóttir &
Hrefna Björk Jónsdóttir
Ræktandi: Mr M.& Mrs R. Wibier

Tegundahópur 1: 3. sæti

Gjösku Mylla IS15817/11
Schäfer, snögghærður
Eigandi: Arna Rúnarsdóttir
Ræktandi: Arna Rúnarsdóttir

Tegundahópur 1: 4. sæti

C.I.E. ISShCh Lizabett Forest
Dazzler HIT IS09684/06
Briard
Eigandi: Elin Lára Sigurðardóttir
Ræktandi: Mrs V E Jennings

Tegundahópur 2: 1. sæti

RW-13 ISCh Bayero's Magic
Dream IS16400/11
St. Bernharðshundur snöggh.
Eigandi: Guðný Vala Tryggvadóttir
Ræktandi: Lillevik May Inger & Hjeldnes Trond

Tegundahópur 2: 2. sæti

RW-13 ISShCh Bjarkeyjar
Meant To Be IS13555/09
Boxer
Eigandi: Þróstur Ólafsson
Ræktandi: Inga Björk Gunnarsdóttir

Tegundahópur 2: 3. sæti

Ruiz Ritta Di Altobello IS18082/13
Dobermann
Eigandi: Anton Kristinn Þórarinnsson
Ræktandi: Malbasa Dejan

Tegundahópur 2: 4. sæti

Qule-Quli's Ero IS16373/11
Rottweiler
Eigandi: Benedikt Viggósson
Ræktandi: Riisem Hege & Per Ketil

Tegundahópur 3: 1. sæti

RW-13 ISCh Sub Terram
Apple Jack IS16622/12
Border terrier
Eigandi: Jónína Sif Eypórsdóttir
Ræktandi: Ulrika & Roger Berge

Tegundahópur 3: 2. sæti

Lucretgia De Saragoir IS18593/13
West highland white terrier
Eigandi: Sigríður Christensen
Ræktandi: Gonzalez Irizabal, Jose Angel,

Tegundahópur 3: 3. sæti

ISCh Paradise Passion The
One To Love IS14714/10
Silky terrier
Eigandi: Alda Gyða Úlfarsdóttir
Ræktandi: Elísabet Kristjánsdóttir

Tegundahópur 3: 4. sæti

RW-13 ISCh Rosetopp's Icran IS14803/10
Yorkshire terrier
Eigandi: Sigrún Gréta Einarsdóttir & Þórarinn Pálsson
Ræktandi: Klara Guðrún Hafsteinsdóttir

Tegundahópur 4/6: 1. sæti

RW-13 Sundsdal's Wee Kind
Of Magic IS17591/12
Dachshund, miniature, snögghærður
Eigandi: Arinbjörn Friðriksson & Margrét G. Andrésdóttir
Ræktandi: Gitte, Juul & Kent Sundsdal

Tegundahópur 4/6: 2. sæti

Red Hot Chili V. Tum-Tums
Vriendjes IS18614/13
Petit basset griffon vendeen
Eigandi: Karen Ösp Guðbjartsdóttir
Ræktandi: G.M. Huikeshoven

Tegundahópur 4/6: 3. sæti

Luna Caprese Immagine Allo
Speccio IS17327/12
Dachshund, miniature, síðhærður
Eigandi: Hallveig Karlsdóttir
Ræktandi: Lamarca Francesco

Tegundahópur 4/6: 4. sæti

RW-13 Íslands-Nollar
Citronepepper IS15877/11
Basset fauve de Bretagne
Eigandi: Súsanna Poulsen
Ræktandi: Súsanna Poulsen

Tegundahópur 5: 1. sæti

ISCh Múla Hríma IS13775/09
Siberian husky
Eigandi: Olga Rannveig Bragadóttir
Ræktandi: Steindór V. Sigurjónsson

Tegundahópur 5: 2. sæti

RW-13 Dropasteins Trouble
O Seven IS17690/12
Chow chow
Eigandi: Hildur Hödd Stefánsdóttir
Ræktandi: Ingibjörg Svana
Runólfssdóttir & Tryggvi Erlingsson

Tegundahópur 5: 3. sæti

Arnarstaða Nagli IS15768/11
Íslenskur fjárhundur
Eigandi: Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir
Ræktandi: Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Tegundahópur 5: 4. sæti

CANCh Sunterra Stop N Stare IS17587/12
Pomeranian
Eigandi: Vera Kristborg Stefánsdóttir
Ræktandi: Douglas Stratton

Tegundahópur 7: 1. sæti

Huldu Lennox of Weimar IS15338/10
Weimaraner, snögghærður
Eigandi: Sigríður Júlía Quirk
Ræktandi: Hulda Jónasdóttir

Tegundahópur 7: 2. sæti

Bendishunda Darri IS17721/12
Vorsteher, snögghærður
Eigandi: Einar Páll Garðarsson & Sigríður Oddný Hrólfssdóttir
Ræktandi: Einar Páll Garðarsson & Sigríður Oddný Hrólfssdóttir

Tegundahópur 7: 3. sæti

Eðal Íri IS16143/11
Írskur setter
Eigandi: Guðrún Rut Hreiðarsdóttir
Ræktandi: Hreiðar Karlsson

Tegundahópur 7: 4. sæti

RW-13 Ice Artemis Uranus IS17108/12
Vorsteher, strýhærður
Eigandi: Valdimar Bergstað
Ræktandi: Lárus Eggertsson

Tegundahópur 8: 1. sæti

RW-13 Lokkur frá Götu IS16469/11
Enskur springer spaniel
Eigandi: Edda Janette Sigurðsson
Ræktandi: Edda Janette Sigurðsson

Tegundahópur 8: 2. sæti

ISShCh Mánasteins Birta IS15363/10
Labrador retriever
Eigandi: Guðrún Rakei Svandísardóttir
Ræktandi: Svandís Magnúsdóttir

Tegundahópur 8: 3. sæti

Eldhuga Dirty Secret IS16446/11
Amerískur cocker spaniel
Eigandi: Bryndís Pétursdóttir & Guðmundur Bjarnason
Ræktandi: Bryndís Pétursdóttir & Guðmundur Bjarnason

Tegundahópur 8: 4. sæti

Bjarkeyjar Thank You For
The Music IS15603/11
Enskur cocker spaniel
Eigandi: Þróstur Ólafsson
Ræktandi: Inga Björk Gunnarsdóttir

Tegundahópur 9: 1. sæti

RW-13 ISCh Royal Frise Dolly
Doll IS16740/12
Bichon frise
Eigandi: Sigrún Vilbergsdóttir
Ræktandi: Lazar A. Diana

Tegundahópur 9: 2. sæti

RW-13 ISCh ITCh ROMCh Cinecitta'
Casa Dolce Casa IS18331/13
Malteser
Eigandi: Hulda Einarsdóttir
Ræktandi: Prosperí Franco

Tegundahópur 9: 3. sæti

RW-13 ISCh Ljúflings Dýri IS14630/10
Cavalier king charles spaniel
Eigandi: María Tómasdóttir
Ræktandi: María Tómasdóttir

Tegundahópur 9: 4. sæti

Paradise Passion Chris Rene IS16758/12
Shih tzu
Eigandi: Ingibjörg Jafetsdóttir
Ræktandi: Elísabet Kristjánsdóttir

Tegundahópur 10: 1. sæti

C.I.B. ISCh Alphaville's Stand
By Me IS11487/08
Afghanhound
Eigandi: Sunniva Hrunn Snorradóttir
Ræktandi: Yvonne Ljungkvist & Tommy Karlsson

Tegundahópur 10: 2. sæti

ISCh Gehela's Badiéh Malikah IS14690/10
Saluki, fringed
Eigandi: Guðmunda Magnea Friðriksdóttir
Ræktandi: Heidi Veronica Larsen

Tegundahópur 10: 3. sæti

Tylko Ty (FCI) Planeta Venus IS18332/13
Whippet
Eigandi: Gunnur Sif Sigurgeirsdóttir
Ræktandi: Justyna Szopa

Besti hvolpur sýningar lau. 4-6 mán 1. sæti

Leynigarðs Hugur IS18751/13
Labrador retriever
Eigandi: Katrín Halldórsdóttir
Ræktandi: Guðlaug Gísladóttir

Besti hvolpur sýningar lau. 4-6 mán 2. sæti

Siggu Jónu Benedikt Búálfur IS18665/13
Enskur cocker spaniel
Eigandi: Edda Janette Sigurðsson
Ræktandi: Sigurbjörg Traustadóttir

Besti hvolpur sýningar lau. 4-6 mán 3. sæti

Múla Ice White Thunder
"Tindur" IS18735/13
Siberian husky
Eigandi: Jill Anette Syrstad
Ræktandi: Steindór V. Sigurjónsson

Besti hvolpur sýningar lau. 4-6 mán 4. sæti

Svarthóða Iron Man IS18726/13
Dvergshnauzer, hvítur
Eigandi: Anna Dagbjört Hermannsdóttir
Ræktandi: Anna Dagbjört Hermannsdóttir

Besti hvolpur sýningar lau. 6-9 mán 1. sæti

Raq Na Rock's Hrafnkatla IS18513/13
Siberian husky
Eigandi: Kolbrún Arna Sigurðardóttir
Ræktandi: Kolbrún Arna Sigurðardóttir

Besti hvolpur sýningar lau. 6-9 mán 2. sæti

Icenice Kojo IS18465/13
Dvergshnauzer, pipar & salt
Eigandi: Raket Rán Guðjónsdóttir
Ræktandi: Raket Rán Guðjónsdóttir

Besti hvolpur sýningar lau. 6-9 mán 3. sæti

Sólstorms One Last Breath IS18548/13
Labrador retriever
Eigandi: Eva Hildur Kristjánsdóttir
Ræktandi: Sólrún Dröfn Helgadóttir

Besti hvolpur sýningar lau. 6-9 mán 4. sæti

Freixenet's Ironman IS18815/13
Amerískur cocker spaniel
Eigandi: Ingibjörg Svana
Runólfsdóttir, Kristjana Ólöf
Fannberg & Svava Arnórsdóttir
Ræktandi: Birgitta Bergsköld Gregestam

Besti hvolpur sýningar sun. 4-6 mán 1. sæti

Gjósku Rósant IS18713/13
Schäfer, snögghærður
Eigandi: Arna Rúnarsdóttir
Ræktandi: Arna Rúnarsdóttir

Besti hvolpur sýningar sun. 4-6 mán 2. sæti

Leifturs Harpa IS18839/13
Whippet
Eigandi: Gunnur Sif Sigurgeirsdóttir
Ræktandi: Gunnur Sif Sigurgeirsdóttir

Besti hvolpur sýningar sun. 4-6 mán 3. sæti

Paint it black IS18753/13
Franskur bulldog
Eigandi: Kristín Sigfríður Garðarsdóttir
Ræktandi: Rannveig Júníusdóttir

Besti hvolpur sýningar sun. 4-6 mán 4. sæti

Himna Fálki IS18681/13
Chihuahua, síðhærður
Eigandi: Sigurbjörg Vignisdóttir
Ræktandi: Sigurbjörg Vignisdóttir

Besti hvolpur sýningar sun. 6-9 mán 1. sæti

Dare To Be Drunk on
Wednesday IS18825/13
Chinese crested
Eigandi: Kristjana Margrét Svansdóttir
Ræktandi: Kristjana Margrét Svansdóttir

Besti hvolpur sýningar sun. 6-9 mán 2. sæti

Uniquepugs A Hard Day's Night IS18431/13
Pug
Eigandi: Stefania Sunna Ragnarsdóttir
Ræktandi: Stefania Sunna Ragnarsdóttir

Besti hvolpur sýningar sun. 6-9 mán 3. sæti

Heimsenda Morgun Dögg IS18591/13
Australian shepherd
Eigandi: Ástriður Magnúsdóttir
Ræktandi: Lára Birgisdóttir

Besti hvolpur sýningar sun. 6-9 mán 4. sæti

Supernova Stars Amazing Wing IS18567/13
Havanese
Eigandi: Emillía Sturludóttir
Ræktandi: Birgitta Sigþórsdóttir

Besti ræktunarhópur sýningar lau. 1. Sæti

St. Bernharðs síðh.
Sankti-Ice
Ræktandi: Guðný Vala Tryggvadóttir
Besti ræktunarhópur sýningar lau. 2. Sæti
Siberian husky
Miðnætur
Ræktandi: Stefán Arnarson

Besti ræktunarhópur sýningar lau. 3. Sæti

Amerískur cocker spaniel
Eldhuga
Ræktandi: Bryndís Pétursdóttir
& Guðmundur Bjarnason
Besti ræktunarhópur sýningar lau. 4. Sæti
Dvergshnauzer, svart&silfur
Helguhlíðar
Ræktandi: Margrét Kjartansdóttir

Besti afkvæmahópur sýningar lau. 1. Sæti

Siberian husky
C.I.B. ISCh Anyka Bootylicious
Babe & afkvæmi

Besti ræktunarhópur sýningar sun. 1. Sæti

Tibet spaniel
Tíbráar Tinda
Ræktandi: Auður Valgeirsdóttir

Besti ræktunarhópur sýningar sun. 2. Sæti

Weimaraner
Huldu
Ræktandi: Hulda Jónasdóttir

Besti ræktunarhópur sýningar sun. 3. Sæti

Australian shepherd
Heimsenda
Ræktandi: Lára Birgisdóttir & Björn Ólafsson

Besti ræktunarhópur sýningar sun. 4. Sæti

Briard
Heydalur
Ræktandi: Stella Sif Gísladóttir

Besti afkvæmahópur sýningar sun. 1. Sæti

Schäfer, snögghærður
RW-13 C.I.B. ISCh Welincha's
Yasko & afkvæmi

Besti afkvæmahópur sýningar sun. 2. Sæti

Papillon
Hálsakots Desiree Le Grande & afkvæmi
Besti afkvæmahópur sýningar sun. 3. Sæti
Weimaraner
RW-13 C.I.E. ISShCh AMCH
Kasamar Antares & afkvæmi

Besti afkvæmahópur sýningar sun. 4. Sæti

Briard
C.I.B. RW-13 ISCh Trésor De Brie
Ila Fauve AF HIT & afkvæmi
Ungir sýnendur

Yngri flokkur:

1. Glódís Rún Sigurðardóttir
2. Agatha Elín Steinþórsdóttir
3. Sigrún Sandra Valdimarsdóttir
4. Aldís Jóna Björgvinsdóttir

Eldri flokkur:

1. Theodóra Röbertsdóttir
2. Jóhanna Líf Halldórsdóttir
3. Hilda Björk Friðriksdóttir
4. Helga Þóll Guðjónsdóttir

Stigahæstu HUNDAR ÖLDUNGAR RÆKTENDUR

ársins 2013

Stigahæstu hundar ársins 2013

- 1.-2. RW-13 ISCh Ryslip Celtic Tiger at Craigygor - Welsh corgi pembroke 32 stig
- 1.-2. RW-13 Sundsdal's Wee Kind Of Magic - Dachshund, miniature, snögghærður 32 stig
3. RW-13 Miðnætur Rum Tum Tugger - Siberian husky 22 stig
- 4.-5. ISShCh Buckholt Cecil - Labrador retriever 21 stig
- 4.-5. RW-13 ISCh Bayero's Magic Dream - St. Bernharðshundur snöggh. 21 stig
6. ISCh Snætinda Ísafold - Íslenskur fjárhundur 18 stig
7. RW-13 ISCh Sub Terram Apple Jack - Border terrier 17 stig
8. RW-13 Enigma Dreams Fire Down Below - Afghan hound 16 stig
9. RW-13 ISCh Rosetopps Icran - Yorkshire terrier 15 stig
- 10.-11. RW-13 Kolgrímu Dee Hólm - Schäfer, snögghærður 12 stig
- 10.-11. RW-13 Sankti-Ice How Much Wood Would a Woodchuck Chuck - St. Bernharðshundur síðh. 12 stig

Stigahæstu ræktendur ársins 2013

1. Heimsenda-ræktun, Lára Birgisdóttir/ Björn Ólafsson 64 stig
2. Sankti-Ice-ræktun, Guðný Vala Tryggvadóttir 49 stig
3. Miðnætur-ræktun, Stefán Arnarson 47 stig
4. Tíbráar Tinda-ræktun, Auður Valgeirsdóttir 40 stig
- 5.- 6. Bjarkeyjar-ræktun, Inga Björk Gunnarsdóttir 36 stig
- 5.- 6. Svartwalds-ræktun, María Björg Tamimi 36 stig
7. Himna-ræktun, Sigurbjörg Vignisdóttir 33 stig
- 8.- 9. Helguhlíðar-ræktun, Margrét Kjartansdóttir 31 stig
- 8.- 9. Huldu-ræktun, Hulda Jónasdóttir 31 stig
10. Eldhuga-ræktun, Bryndís Pétursdóttir/ Guðmundur Bjarnason 27 stig

Stigahæstu öldungar ársins 2013

1. C.I.B. ISCh Anyka Bootylicious Babe - Siberian husky 47 stig
2. RW-13 C.I.B. ISCh Silenzio's Theresia - Papillon 22 stig
- 3.-4. C.I.E. ISShCh Cararua Aristocrat - Írskur setter 19 stig
- 3.-4. RW-13 C.I.B. ISCh Arnarstaða Romsa - Íslenskur fjárhundur 9 stig
5. C.I.E. ISShCh Lizabett Forest Dazzler HIT - Briard 12 stig
6. ISCh Gerplu Dala Drífa - Íslenskur fjárhundur 11 stig
- 7.-8. RW-13 C.I.B. ISCh Himna Sól - Chihuahua, síðhærður 10 stig
- 7.-8. Talimar Mallorns Storm Warning - Labrador retriever 10 stig
- 9.-10. C.I.B. ISCh Heimsenda Indjána Fjöður - Australian shepherd 9 stig
- 9.-10. ISCh Perluskins Cairo Paolo Chihuahua, snögghærður 9 stig



Gleðileg jól




ROYAL CANIN

Nýir meistarar

Alþjóðlegir meistarar (C.I.B.)



Tíbet spaniel

C.I.B. ISCh Tíbráar Tinda Monastery's Guardian
Eigendur: Auður Valgeirsdóttir/Rannveig Rúna Viggósdóttir
Ræktandi: Auður Valgeirsdóttir



Tíbet spaniel

C.I.B. Tíbráar Tinda Tibet's Pride N Glory
Eigandi/ræktandi: Auður Valgeirsdóttir

Alþjóðlegur sýningameistari (C.I.E.)



Briard

C.I.E. ISShCh Lizabett Forest Dazzler HIT
Eigandi: Elín Lára Sigurðardóttir
Ræktandi: Mrs V E Jennings

Íslenskir meistarar (ISCh)



Íslenskur fjárhundur

ISCh RW-13 OB1 Stefstells Skróður
Eigandi: Vigdís Elma Cates
Ræktandi: Stefania Sigurðardóttir



Bicon frisé

ISCh Royal Frise Dolly Doll
Eigandi: Sigrún Vilbergsdóttir
Ræktandi: Lazar A. Diana
Ljós. Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir



Shetland sheepdog

ISCh Robba Dan Isadora
Eigandi: Guðmunda Haraldsdóttir
Ræktandi: Róbert Daniel Jónsson



Shih tzu

ISCh Paradise Passion Chris Rene
Eigandi: Ingibjörg Jafetsdóttir
Ræktandi: Elísabet Kristjánsdóttir/
Jónína Guðný Elísabetardóttir



Cavalier king charles spaniel

ISCh Hrísnis Krummi Nói
Eigandi: Guðbjörg Björnsdóttir
Ræktandi: Þuríður Hilmarsdóttir



Maltese

ISCh Eyrarrósar Mona Lisa
Eigandi: Þórunn Aldís Pétursdóttir
Ræktandi: Súsanna Erla Oddsdóttir



Papillon

ISCh Englakots Dancing Queen

Eigandi: Ásdís Bjarnadóttir / Erling Erlingsson

Ræktandi: Ásdís Bjarnadóttir / Erling Erlingsson

Íslenskir sýningameistarar (ISShCh)



Labrador retriever

ISShCh Musical's The Hostage

Eigandi: Jóninna Hjartardóttir

Ræktandi: Susanne Rehlin



Labrador retriever

ISShCh Leynigarðs Loki

Eigandi: Guðlaug Gísladóttir / Sigrún R.

Guðlaugardóttir

Ræktandi: Guðlaug Gísladóttir /

Sigrún R. Guðlaugardóttir




Boxer

ISShCh Bjarkeyjar Ísold

Eigandi: Pröstur Ólafsson

Ræktandi: Inga Björk Gunnarsdóttir



Dobermann

ISShCh RW-13 Odyn Powislanski Dwór

Eigandi: Jónas K. Jóhannsson

Ræktandi: Ryszard Wysocki

Íslenskir veiðimeistarar (ISFtCh)



Labrador retriever

ISFtCh Táta

Eigandi: Ívar Guðmundsson

Ræktandi: Ragnheiður Dóra Ásgeirsdóttir



Labrador retriever

ISFtCh Kolkuós Jara

Eigandi: Elmar Björgvin Einarsson

Ræktandi: Sigurmon Marvin Hreinsson



Soffía og shih tzu-tíkin, ISCh Santosha Angeldust sem bíður staðfestingar á alþjóðlegum titli frá FCI (C.I.B.).

Hundaræktandinn

Höfundur: Inga Björk Gunnarsdóttir

Soffíu Kwaszenko þekka flestir hundeigendur. Allt sem viðkemur hundum er henni kært og hefur hún frá því hún fékk sinn fyrsta hund alltaf verið virk í hundaheiminum og starfað á sýningum HRFÍ. Auk þess að reka fyrirtækið Dýrheima ehf. rættar hún shih tzu-hunda undir ræktunarnafninu Íseldar.

Hvenær og hvernig vaknaði áhugi þinn á hundum og hundaræktun og af hverju heillast þú að þinni tegund?

Ég held að áhugi minn á hundum hafi alla tíð verið til staðar. Ég ólst upp með greyhound-hundi að nafni Bruno. Hann var skemmtilegur hundur sem sótti mig í skólann, tók upp á því að fara einn í bæinn í strætó og helsta áhugamálið hjá honum var að elta hjólandi lögreglumenn. Hann var yndislegur hundur sem var besti vinur minn í bernsku.

Áhugi á hundaræktun vaknaði fyrir mörgum árum þegar ég kynntist HRFÍ og starfsemi þess í gegnum Þórhildi Bjartmarz og hundaskólann á Bala í Garðabæ. Mér fannst þau málefni sem HRFÍ stóð fyrir standa mér nærri. Ég kynntist shih tzu-tegundinni þegar

ég var stundum að hjálpa til við þýðingar á tegundum fyrir sýningar HRFÍ hér áður fyrr en þá var yfirleitt þulur sem las upp helstu einkenni hverrar hundategundar fyrir sig. Í þá daga var ekki mikið úrval af smáhundategundum hér á landi.

Shih tzu var ekki til héra þannig að ég las mér til um tegundina og hafði samband við erlenda ræktendur og talaði við erlenda dómara. Því meira sem ég lærði um tegundina því heillaðri varð ég, svo mikið að eftir fjögurra ára þælingar ákvað ég að hafa samband við David og Sue Crossley hjá Santosha-ræktun í Bretlandi. Við náðum góðu sambandi og úr varð að fyrstu shih tzu-hundarnir komu til landsins í ágúst 1994. Ég ætlaði í upphafi bara að flytja inn einn hund en þar sem



Íseldar-ræktun, besti ræktunarahópur sýningar.

Sue og David voru ekki tilbúin að senda hvolp einan í 8 vikna einangrun ákvað ég að taka rakka og tík.

Hvernig

varð ræktunarnafn þitt til?

Fyrsta ræktunarnafnið mitt var Kristals og var ég með það þangað til HRFÍ gekk í FCI en þá fékk ég þau skilaboð að ég yrði að skipta um ræktunarnafn vegna þess að þetta ræktunarnafn var tekið frá í Hollandi 1950. Ég fékk smá áfall, hvað átti ég að gera? Ég var algjörlega hugmyndasnaud en vildi að ræktunarnafnið nýja yrði íslenskt því ég taldi að lítil hætta væri á að það væri frátekið. Meðan ég var að hugleiða nýtt ræktunarnafn var okkur hjónunum boðið í veislu og þá sá ég flösku af nýrri tegund af íslenskum vodka, Eldur-ís. Mér fannst flaskan rosalega flott, einföld án krúsíduúllna og innihaldið tært. Ekki það að ég sé mikið fyrir vín en upp frá þessu var ég alltaf að spá í þessa flösku og mér fannst nafnið frábært, var alltaf að velta því fyrir mér. Þá kveiknaði á ljósaperu: „Hey! Íseldar“. Upp frá því hefur það verið ræktunarnafnið mitt og ég er stolt af því.

Hverjir hafa haft mest áhrif á þig og aðstoðað þig mest í hundaræktuninni?

Í upphafi get ég talið upp Þórhildi Bjartmarz, Emilíu Sigursteinsdóttur heitna og Guðrúnu Guðjohnsen. Þessar frábæru konur vöktu mig virkilega til umhugsunar um hunda og hundarækt og hvert við stefndum með því að rækta hunda.

Í sjálfri hundaræktuninni eru það Jenny Miller, með Feorlig-ræktun, David og Sue Crossley með Santosha-ræktun og síðast en ekki síst, Kati Makela með Camelle-ræktun í Finlandi. Þessir aðilar hafa allir alið upp í mér mikla ábyrgð gagnvart því sem ég er að gera í minni ræktun.

Á hvað leggur þú mesta áherslu í ræktuninni?

Heilbrigði, skapgerð og síðast en ekki síst útlit.

Hvaða einkenni hefur þér fundist erfiðast að rækta í tegundinni?

Að halda réttu undirbiti.

Hvað hefur þú ræktað marga íslenska og alþjóðlega meistara?

Það eru ekki margir sem halda feldhirðunni við fram yfir feldskipti, það er yfirleitt á þeim tímamarki sem hvolpanir eru klipptir niður svo að auðveldara verði að hugsa um þá. Því miður hafa því ekki margir hundar úr minni ræktun verið sýndir, mig minnr að þeir séu um það bil tíu. En af þeim sem hafa verið sýndir eru sex íslenskir meistara og þrír sem vantar bara eitt CACIB til að verða alþjóðlegir meistara. Úr minni ræktun er einn alþjóðlegur meistari.

Hvaða hundur eða hundar úr þinni ræktun finnst þér bera af öðrum?

C.I.B. ISCh Íseldar Ya-s-mín og ISCh Íseldar Mán-a-Gull koma mér fyrst til hugar. Ya-s-mín var meðal annars valin besti hundur sýningar, besti öldungur sýningar og stigahæsti öldungur ársins. Mán-a-Gull var valinn 2. besti hundur sýningar. Þessi tvö voru alveg einstök. Í dag þá eru það ISCh Íseldar Orka og ISCh Íseldar Eir. Það er varla hægt að gera upp á milli þessara systra, þær eru báðar mjög vel byggðar, með einstakt skap og hafa mikið til að bera sem þær geta gefið áfram.

Hvaða hundur eða hundar hafa, að þínu áliti, haft mest áhrif á stofninn hér á Íslandi?

ISCh Tangse Lo-wee-sa og C.I.B. ISCh Santosha Jumping Jack Flash, ISCh Tibets Pride Drop Dead Beautiful og C.I.B. ISCh Íseldar Ya-s-mín.

Eftir hverju ferðu aðallega þegar þú ákveður að para saman hund og tík? Skipta ættirnar mestu máli, útlit hundanna, heilbrigði, geðslag eða ...?

Heilbrigði og geðslag skipta að sjálfsögðu mestu máli en það þarf að taka bæði útlit og ættir með í dæmið. Ég átti til dæmis tík sem náði aldrei meira en annarri einkunn á sýningum en hún ól af sér þann shih tzu-hund sem hefur náð lengst á sýningum hér á landi, C.I.B. ISCh Íseldar Ya-s-mín. Enn er langt í land að aðrir hundar nái þeim árangri sem hún náði.

Hvernig velur þú hvolp til áframhaldandi ræktunar?

Ég er svo mikil tilfinningavera að hjartað ræður í flestum tilvikum hjá mér. En yfirleitt finnst mér sá hvolpur sem vekur fyrst eftirtekt mína vera sá sem hentar í ræktunina hjá mér. Þetta er yfirleitt sá hvolpur sem hefur flesta þá kosti sem maður er að leita eftir.



C.I.B. ISCh Íseldar Ya-s-mín var sigursæl á sínum sýningarárum.



Systkinin Mango, Þór og Morgana. Þess má geta að Þór (í miðjunni) er dvergschnauzer en dvergschnauzer-tíkin, Þruma, tók Mango og Morgönu að sér eftir að móðir þeirra dó frá þeim.

Hefur þú lent í einhverjum leiðinlegum atburðum með got? Ef svo er, hvernig tókstu á við það?

Já, það hef ég svo sannarlegt fengið að reyna. En versta tilfellið var fyrir stuttu þegar ég missti tik sem var besta vinkona mín, hjartað mitt, mjög svo óvænt í annarri viku eftir got. Þetta er skelfileg lífsreynsla sem ég myndi ekki einu sinni óska verstu óvinum mínum.

Gotið gekk sem skyldi og hvolpanir tveir voru hraustir og sterklegir en einhverra hluta vegna var ég ekki sátt við andardráttinn hjá tíkinni og við fórum með hana til dýralæknis. Ekkert fannst að en þar sem hún var með niðurgang fékk hún meðhöndlun við honum. Mér fannst hún vera skárri næstu daga á eftir en samt ekki ennþá sátt við andardráttinn. Ég talaði því aftur við dýralækninn og hún fór í allsherjarskoðun á 13. degi eftir got. Hjarta og lungun voru hlustuð, hún ómskoðuð og blóðprufa tekin. Ekkert fannst að henni við skoðunina en þegar farið var yfir blóðprufuna var örlítill hækking á einu enzými sem gæti bent til að einhvers staðar væru bólgur. Eftir því sem leið á daginn fannst mér virkilega draga af henni og andardrátturinn verða þyngri. Við fórum því aftur um kvöldið til dýralæknisins og dó tíkin mín eiginlega um leið og við gengum inn um dyrnar hjá dýralækninum.

Hvað átti ég að taka til bragðs með tvo hvolpa, rétt tveggja vikna gamla, sem

vildu ekki taka pela og létu öllum illum látum þegar ég var að reyna að koma mjólk í þá? Þeir höfðu misst töluverða þyngd á þeim 16 tímum sem voru liðnir frá því að móðir þeirra dó og ég gat ekki með nokkru móti komið næringu í þá þrátt fyrir alla mína reynslu.

En nú kemur við sögu tæknin. Vinkona mín, Stella Sif Gísladóttir, var í sambandi við mig á Facebook og bauðstilað auglýsa eftir mjólkandi tík handa hvolpunum. Mér fannst vonlaust að spá í það en hún setti auglýsingu á síðu sem er eingöngu ætluð ræktendum á Facebook. Það leið ekki langur tími þangað til Líney Björk Ívarsdóttir, með Kolskeggs-ræktunina, hafði samband við hana. Líney var með schnauzer-tík sem var nýbúin að eignast einn hvolp. Við komum okkur saman um að hittast og prófa hvort að tíkin hennar tæki við hvolpunum frá mér.

Þegar ég kom til Líneyjar þá tók hún hvolpana og prufaði að setja þá hjá tíkinni, Þrumu. Þetta gekk eins og í sögu, Þruma tók þeim eins og sínum eigin og hvolpurinn hennar, Þór, eignaðist allt í einu systkini. Í dag eru hvolpanir bráðum 8 vikna og fæ ég þá í aðlögun annað slagið og reikna með að taka þau alfarið til mín á milli 8 og 9 vikna.

Þakka má þessum konum, Stellu Sif og Líney Björk, og tíkinni Þrumu að hvolpanir héldu lífi. Ég verð þeim ævinlega þakklát svo og þessum frábæra miðli sem kom

okkur saman, Facebook. Ég hef oft hugsað um hvernig hefði farið ef þessi miðill hefði ekki verið til staðar.

Talað var um að láta kryfja tíkina mína til að fá úr því skorið hvað það var sem olli þessu, mér fannst það sjálfsgagt en þegar ég komst að því að ég fengi hana ekki afhenta til mín frá Keldum að krufningu lokinni gat ég ekki hugsað mér að gera þetta. Seinna var mér sagt að Dýralæknarnir í Garðabæ bjóðast til að sækja dýr eftir krufningu og setja það í brennslu. Hefði ég vitað af þessu þá, hefði ég farið þá leið.

Áttu einhver góð ráð til annarra ræktenda?

Til þeirra sem eru reyndir í ræktun segi ég: Deilið þekkingu ykkar, það skiptir öllu fyrir þá sem eru að byrja í ræktun! Til þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref í ræktun þá segi ég: Aflið ykkur þekkingar frá þeim sem eru eldri og hafa meiri reynslu. Tínið svo úr það sem hentar ykkur best. Lærið að þekka dýrin ykkar, bæði kosti og galla áður en þið hefjið ræktun.

Hvernig hefur þér tekist að samræma hundahaldið daglegu lífi í þéttbýlinu?

Það hefur gengið mjög vel, enda erum við hjónin mjög samhent og styðjum hvort við annað í einu og öllu. Ég bý einnig við þau forréttindi að geta unnið við það sem mér finnst skemmtilegast, það er hunda og allt sem þeim viðkemur.

Finnst þér ríkja í þéttbýlinu skilningur og umburðarlyndi gagnvart þeim sem eiga nokkra hunda og þeim sem rækta hunda?

Nei, það finnst mér ekki, við búum við frekar kúgaða hundamenningu. Þekkingarleysi stjórnvalda er gífurlegt og þau gera sér ekki ennþá grein fyrir því að hundar geta verið til hagsbóta fyrir þjóðfélagið, bæði í vinnu og leik.

Ertu ánægð með þróun ræktunar á þinni tegund eða finnst þér að ræktendur mættu huga betur að einhverjum atriðum varðandi hana?

Mér finnst allir shih tzu-hundar fallegir en tegundarlýsing þeirra leyfir svo breiða línu að þeir eru mjög misjafnir hér, bæði að stærð og lögun. Ræktendur hafa svo misjafnan smekk á útliti shih tzu og það er ekki alltaf í samræmi við tegundarlýsinguna. Dómarar þyrftu að taka fastar á þessu. Bitið er til dæmis almennt ekki sérlega gott og kjálkinn

þarf að vera breiður. Shih tzu á að vera með „teapot“-skott sem er hátt sett og í háum boga yfir bakið. Það eru ekki margir með þannig skott í dag en komast samt sem áður í verðlaunasæti alls staðar í heiminum. Þeir eru einnig að verða lengri sem getur valdið stoðkerfisvandamálum.

Sumar línur höfða til mín og aðrar ekki en mér finnst að það mætti huga meira að heilsufarinu. Shih tzu eru almennt mjög heilsuhraustir hundar en við megum ekki missa þá í slæma líkamsbyggingu, of stutt trýni eða of mikið undirbit. Shih tzu á að geta hreyft sig og sýnt góða afturfótaspyrnu, eins og til dæmis amerískur cocker spaniel.

Áttu einhverjar óuppfylltar óskir um framtíð ræktunar þinnar eða tegundarinnar í heild?

Ég vildi óska þess að ameríska shih tzu-týpan, sem er allt öðruvísi, yrði skráð sem sér tegund. Þeir eru mjög fallegir en með allt aðra líkamsbyggingu,

svona rétt eins og enskur og amerískur cocker spaniel. Það er sorglegt að sjá hvað þeir eru að ryðja sér til rúms í Suður- og Austur-Evrópu því það eru ýmis heilsufarsvandamál sem fylgja þeim.

Framþróun er ekki alltaf til góðs, hún getur haft ýmsa fylgifiska sem erfitt getur verið að losna við. Shih tzu, eins og við þekkjum hann, er mjög gömul tegund og hefur verið ræktuð í gegnum tíðina sem félagi, mjög heilsuhraust og án arfgengra sjúkdóma og mikilvægt að við reynum að halda því þannig áfram.

Að lokum, hvernig myndir þú vilja að fólk minnst þín sem hundaræktanda?

Að ég hafi stuðlað að heilbrigðum, skapgóðum einstaklingum sem eru og verða stofninum til sóma um ókomna framtíð.

Framundan er tími sem getur verið erfiður fyrir dýrin okkar!

Kíktu á heimasíðuna okkar www.dyrheimar.is og fáðu frekari upplýsingar um PET REMEDY sem er 100% náttúrlegt efni sem getur hjálpað þínu gæludýri um jólin og áramótin



Að venja hund á

yfirveggun

Ein góð skipun getur breytt mörgu til hins betra

Höfundur: Heiðrún Villa

Mig langar að kenna þér, lesandi góður, eina af mínum uppáhaldsskipunum og áherslum tengdum henni. Þessi skipun minnkar stress og getur hjálpað til við að skapa meiri ró og yfirveggun hjá hundinum þínum og þar með aukið lífsgæði hans. Ekki er verra að þessi skipun getur fyrirbyggt og hjálpað til við að leysa algeng hegðunarvandamál hjá hundum í dag.

Mörg vandamál koma fram vegna stress, kvíða eða óöryggis innra með hundinum. Sem hundaatferlisfræðingur hef ég alltaf viljað tækla rót vandans í stað þess að eiga einungis við hegðunina sem er yfirleitt afleiðing hins raunverulega vandamáls.

Rót vandans er mjög oft stress og óöryggi eða jafnvel uppsöfnuð streita sem skapar síðan neikvæð viðbrögð í ákveðnum aðstæðum.

Ástæða þess að mér finnst þessi hlið hundaatferlis áhugaverð er sú að sjálf hef ég leitað ýmissa leiða til að eiga við mitt eigið stress, kvíða og óöryggi sem ég bar með mér frá æsku. Síðustu ár hef loksins fundið leið að meiri ró. Ég skil það sjálf hvað maður getur brugðist illa við, uppfullur af streitu eða óöryggi. Ég skil líka, eftir mikinn lærdóm, hvað það er að finna ró og yfirveggun og hvað það gefur manni mikið og þeim sem eru í kringum mann. Með vinnu minni er ég farin að hjálpa hundum að komast af þeim stað sem veldur hegðunarvandamálunum og öðlast meiri lífgæði sem skilar sér svo í góðri hegðun og ánægðum hundeiganda. Það sem er svo áhugavert er að það er

alls ekkert svo ólíkt hvernig ég hef náð tökum á minni streitu og hvernig ég næ árangri með hunda sem koma til mín. Þeir eru oft á mörkum þess að sýna mjög slæma hegðun vegna stress, óöryggis og uppsafnaðrar streitu í líkamanum. Ég þarf að fara mjög varlega með hunda sem eru til dæmis byrjaðir að venja sig á glefs eða bit sem beinist annaðhvort að fólki eða öðrum hundum. Stundum er bara ekki hægt að hafa samskipti við hund vegna þess að hann er uppfullur af þessari neikvæðu orku sem hann ræður ekki við. En það er ekki þar með sagt að ekki sé hægt að hjálpa honum að komast í betri líðan.

Formúlan að meiri ró og yfirveggun hefur nokkra hluta sem spila allir saman. Það er mikilvægt að átta sig á því að ef við manngerum hundana okkar á þann hátt að túlka þeirra líkamstjáningu samkvæmt okkar tilfinningum getum við lent í vandræðum.

Til að mynda eru ofsaglaður, rosa kátur og fjörugur orð sem sýna að við höfum manngert hunda sem eru með stöðugt adrenalínflæði. Sumir hundar verða jafnvel adrenalínfíklar vegna þess að með

adrenalíni kemur vellíðunarhormónið dópamín. Margir hundar fara að hylja stressið og óöryggið með stöðugum æsingi sem skapar svo langvarandi streitu. Adrenalín er ekki gert til þess að vera langvarandi í líkamanum heldur tengist það þeim viðbrögðum að flýja eða berjast.

Æsingur getur verið hluti af ýmsum verkefnum sem hundur á að leysa en mikilvægt er að hann geti róað sig niður þegar þörf er á. Það er því gott að átta sig á því að stór hluti af hamingju hunda felst í yfirveggun. Yfirveggun sem sést í öllum öðrum dýrum en hundarnir okkar eiga það til að týna í samskiptum við okkur. Það er staðreynd og á ekki bara við um hunda en því fjær yfirveggun og jafnvægi sem hugurinn er því erfiðara er að taka góðar ákvarðanir og bregðast rétt við.

Skipunin sem um ræðir má hafa hvaða nafn sem er en sjálf nota ég bíða mjög mikið því það hentar bæði innan- og utandyra. Aðaláherslan við þessa skipun er að hundurinn má ekki koma úr skipun nema heyra nafnið sitt. Það er í raun mikilvægasti parturinn af skipuninni og alls ekkert svo flókið að kenna.

Í fyrsta lagi þarf að finna stað sem hentar fyrir hundinn að slaka á þannig að hann sé nálægt eiganda sínum. Þetta getur verið stofa eða vinnu/tölvuherbergi til dæmis. Gott er að setja bæli, teppi eða annað sem afmarkar þennan stað. Margir nota taum fyrst til að auðvelda kennsluna en það er um að gera að spila það eftir aðstæðum hvernig skipunin er kennd.

Hundurinn er fenginn á staðinn með þeim hætti sem eigandi vill nota, hvort sem það er með taumi, nammi eða leiðbeiningum og skipunin er sögð. Síðan er séð til þess að hundurinn fari ekki af staðnum og því gott að vera nálægt honum og sýna honum, með þolinmæði og yfirveggun, að hann eigi að vera þarna í smá stund. Síðan þegar hundurinn hefur sæst á skipunina fær hann að heyra nafnið sitt og fær þá að koma.

D-in þrjú

Það sem þarf að leggja áherslu á varðandi þessa skipun eru, á ensku, D-in þrjú; duration (lengd), distraction (áreiti) og distance (fjarlægð).

Lengd

Hundurinn er vaninn á að vera alltaf lengur og lengur í skipuninni og það er um að gera að setja þessa skipun inn í daglegt líf. Til dæmis má færa teppi inn í eldhús meðan eldað er og setja hundinn í bíða-skipun þar. 20-60 mínútur daglega geta gert kraftaverk.

Áreiti

Áreiti er líka æft meðan hundurinn er í skipuninni og það er í raun bara hluti af daglegu lífi, til dæmis matur dettur á gólfíð, fjölskyldumeðlimur kemur inn eða bankað er á útidyrhurðina. Ef hundurinn brýtur skipunina er hann einfaldlega leiðrétur yfirvegað með nei og sendur aftur í skipun. Gott er að muna að mistök eru oftast bestu kennararnir og því óþarfi að reiðast hundinum ef hann brýtur skipun. Leiðrétting þýðir í mínum huga bara að vera ósammála hegðun á yfirvegaðan hátt og beina hundinum aftur í rétta hegðun. Nafn hundsins er svo sagt skýrt þegar hann má koma úr skipuninni svo hann átti sig á til hvers er ætlast af honum. Að vera staðfastur og skýr er það sem skiptir höfuðmáli.

Fjarlægð

Með fjarlægð er átt við að með æfingunni á að vera hægt að ganga úr einu herbergi í annað og jafnvel út í garð til ná í þvott án þess að hundurinn brjóti skipun. Þetta kemur allt með æfingunni.

Þegar hundurinn hefur áttað sig á að nafnið hans er það eina sem kemur honum úr skipuninni fara góðir hlutir að gerast. Hundurinn fer að æfa yfirvegum í skipuninni þar sem hann hefur það eina hlutverk í þessari skipun að slaka á. Þar sem vani spilar stórt hlutverk í lífi hunds fer hundur að venja sig á yfirvegum frekar en eirðarleysi, sífelldar



ákvarðanatökur og stress. Yfirvegum fer að hafa áhrif á líf hans í heildina og hann verður almennt yfirvegaðri í daglegu amstri og hjálpar þetta við ýmsa aðra þætti.

Dæmisaga

Til er góð dæmisaga um hjónin sem höfðu lent í slæmu slysi. Maðurinn jafnaði sig ágætlega en konan var full af stressi og kvíða þrátt fyrir að langt var síðan slysið átt sér stað. Eiginmaðurinn var orðinn þreyttur á stressaðri eiginkonu sinni og vildi hjálpa henni. Hann ákvað að senda hana í hugleiðslu í klukkutíma í senn nokkrum sinnum í viku. Í fyrstu fussaði eiginkonan og vildi ekki fara enda hugleiðsla tabú fyrir henni. En hún lét segjast og fór í hugleiðslu sem var í raun bara æfing í að róa hugann. Eftir nokkur skipti fór konan ekki bara að finna stóran mun á sér heldur fór hún að sækjast sjálf í að fara í hugleiðslu eftir að hafa fundið áhrifin. Hún fann meiri ró og lét krefjandi aðstæður ekki stressa sig eins mikið og áður. Maðurinn var mjög ánægður með árangurinn, samskipti þeirra urðu betri og samband þeirra einnig. Þetta er nákvæmlega það sem bíða-skipun gerir fyrir hunda.

Margir spyrja hvort ég sjálf noti nammi við þessa skipun en að mínu mati getur nammi orðið til þess að yfirvegum truflist eða að hundurinn verði óvart verðlaunaður fyrir rangt hugarástand. En það er hægt að meta það eftir hundi og aðstæðum. Fyrir mér er þetta góð húsregla sem hundurinn á að fara eftir alveg eins og sú fasta regla sem börnin mín þurfa að fara eftir þegar þau fara að sofa. Verðlaunin þeirra fyrir að fara að sofa á réttum tíma er að vera ekki þreytt vegna svefnleysis daginn eftir. Verðlaun hunds fyrir að gegna bíða-skipun er að öðlast meiri ró innra með sér. Reglur eru hluti af uppeldi og skapa öryggi og ró og ánægða einstaklinga og mér finnst mikilvægt að hafa húsreglur sem skipta máli og gera heimilishald gott og yfirvegað fyrir alla aðila.

Undaneldisrakkinn (e. stud dog)

Höfundur: Guðrún Margrét Baldursdóttir

Ég ætla að byrja þessa umfjöllun um undaneldisrakka með því að kvarta yfir því að það er ekkert virkilega gott orð í íslensku sem er notað yfir þessa mikilvægu hunda. Við tölum um stóðhesta eða graðhesta og erum yfirleitt nokkuð örugg um hvað felst í þeim hugtökum en yfirleitt er ekki talað um stóðhund; hvað þá graðhund, enda þætti það líklega frekar gróf orðanotkun! Ég verð því að sætta mig við hugtakið „undaneldisrakki“ en í þessari grein er ekki gengið út frá því að það eigi við um sérhvern ógeldan karlhund þótt þeir geti flestir getið af sér afkvæmi. Ég nota hugtakið í skilningi hundaræktandans og velti fyrir mér hvaða eiginleika rakki þurfi að hafa til að falla í flokk þeirra hunda sem augljóslega eiga erindi í ræktun og jafnframt hvort meðhöndla þurfi þessa, oft og tíðum, dýrmætu hunda á einhvern annan veg en venjulega heimilis- og sýningarhunda.

Hvaða eiginleika þarf undaneldisrakkinn að hafa?

Flestir sem hafa fylgst með hundasýningum eða öðrum atburðum þar sem hreinræktaðir hundar koma fram hafa eflaust upplifað tilfinninguna sem fylgir því að sjá hund sem heillar mann algerlega. Hann grípur augað í hópnum og maður finnur hvernig gæsaúðin sprettur fram af því að sjá hundinn stilla sér upp og hreyfa sig. Þetta tengist ekki endilega tegund heldur fremur einstaklingnum; þetta er hinn frægi „X-faktor“ sem flestum þeim er haslað hafa sér völl í heimi hreinræktaðra hunda ber saman um að hinn dæmigerði undaneldisrakki þurfi að hafa til að bera í ríkum mæli.

Ég ætla að vitna í Judy De Casembroot, sem var þekktur ræktandi og dómari í Bretlandi um miðja síðustu öld, þar sem hún talar um hvað það er sem sannur undaneldisrakki (stud dog) þarf til að bera.

Undaneldisrakkinn verður að hafa eitthvað alveg sérstakt við sig sem gerir það að verkum að hann grípur augað þegar hann kemur inn í hringinn. Án þessa hefur hundurinn einfaldlega ekki það sem til þarf. Þetta sérstaka atriði getur falist í útgeisluninni og hreyfingunum sem bera vott um skapgæði og óbilandi sjálfstraust; það getur verið að hundurinn sé aðeins stærri en hinir hundarnir eða með sérstaklega langan háls; jafnvel ótrúlega falllegt höfuð. Eitthvað hefur hann við sig sem veldur því að athygli þín beinist að honum og sama máli gildir um dómarann og hina sýnendurna. Allir frábæru ættfeðurnir hafa haft eitthvað sérstakt til að bera sem olli því að þeir skáru sig úr hópnum á þennan hátt.

Ég hef lesið mjög svipaða lýsingu hjá hinum finnska, Juha Kares (Chic Choix), en hann hefur verið mjög farsæll í sinni ræktun og hefur sterkar skoðanir á öllu er varðar hundarækt. Hann talaði um að glæsilegur undaneldisrakki þurfi að grípa augað úr fjarlægð þannig að það sé eitthvað við heildarmyndina sem heillar frekar en summa einstakra atriða; eitthvað sem ekki er endilega hægt að koma í orð. Óhætt er að slá því föstu að flestir hinna svokölluðu



Ungverski vizslu-rakkinn, Ch. Hungargunn Bear It 'N Mind, var valinn besti hundur sýningar á Crufts 2010. Hann þótti hafa „X-factorinn“ í mjög miklu magni og höfðu margir dómarar það á orði.

matadora hafi haft þessa eiginleika í ríkum mæli. Þeir hundar sem ná svo miklum vinsældum hafa yfirleitt ekki bara X-faktorinn sem einstaklingar heldur þann einstaka kost að skila honum áfram til sinna afkvæma. Þann varnagla verður að slá að fleira þarf til en heillandi útlit og framgöngu til að vera góður undaneldisrakki því að góð skapgerð og heilbrigði (ásamt sterkum taugum, sbr. pistil Juha Kares í þessu blaði) eru ekki síður nauðsynlegir kostir sem vilja stundum gleymast þegar horft er á flotta rakkann sýna sig í hringnum.

Hin hástemmda lýsing hér áður á ekki við um nema hluta af þeim hundum sem notaðir eru til undaneldis og tikurnar eru að sjálfsögðu ekki síður mikilvægar. Mikilvægi rakkanna felst þó í því að nái þeir vinsældum geta þeir gefið af sér mun fleiri afkvæmi en tik og þar með haft mikil áhrif innan tegundarinnar og þar sem stofnarnir eru litlir, eins og hér á landi, getur einn rakki náð ráðandi stöðu með örfáum gotum. Smæðin gerir það að verkum að ræktendur verða að reyna að feta leiðina á milli þess að gæta að erfðafjölbreytileika eins og hægt er en jafnframt reyna að nota

eingöngu það góða rakka að þeir hafi jákvæð áhrif á stofninn. Gallar í heilbrigði eða skapgerð geta verið dýrkeyptir í ræktun svo að hinn væntanlegi rakkannotandi skyldi alltaf hafa heildarmyndina í huga. Nýlega las ég frásögn bandaríska ræktandans, Bonnie Threlfall, af því að í hennar tegund, enskum cocker spaniel, hefðu eineistungar lengi verið viðvarandi vandamál. Þetta er rakið til þess að mörgum áratugum áður höfðu þrír rakkar verið fluttir inn frá heimalandi tegundarinnar, Bretlandi, og voru þeir allir eineistungar. Þeir voru ótæpilega notaðir í ræktun, enda flottir rakkar, og afleiðingarnar eru ennþá að gera ræktendum í Bandaríkjunum lífið leitt!

Umhirða undaneldisrakkans

Góður undaneldisrakki er ómetanlegur fyrir tegund og getur einnig verið verðmætur fyrir eiganda sinn. Mikilvægt er að vel sé hugað að þeim þáttum í daglegu lífi hans sem áhrif geta haft á frjósemi hans og aðra þá þætti sem gera honum kleift að sinna sínu hlutverki vel og lengi. Frjósemi minnkar yfirleitt hjá hundum með aldrinum en með góðri umhirðu og varkárni á hundurinn að geta haldið góðri frjósemi fram á efri ár.

Ekki er nóg að gæta að frjósemi hjá hundi sem nota á til undaneldis heldur er einnig nauðsynlegt að gæta að andlegu hliðinni; rakkinn þarf að hafa getu og vilja til að para tíkur til þess að hann geti sinnt sínum skyldum og atriði í uppeldi og samskiptum við aðra hunda geta skipt miklu máli í því efni.

Myra Savant Harris hefur tekið saman nokkur atriði sem gæta þarf að þegar maður á rakka sem notaður er eða ætlunin er að nota í ræktun.

- Til að frjósemi sé eins góð og hægt er hjá hundinum er mikilvægt að hann fái næga hreyfingu og þjálfun undir beru lofti. Þetta er mikilvægt fyrir hundinn bæði andlega og líkamlega og D-vítamínið úr sólarljósi er einnig mikilvægt fyrir frjósemina.

- Effleiri en einn rakki er á heimilinu er nauðsynlegt að passa upp á að eldri og ráðandi rakki kúgi ekki þann yngri. Ef yngri rakkinn elst upp við það að annar rakkinn „eigi“ allar tíkurnar getur það haft þær afleiðingar að hann fái ekki til að para þegar nota á hann á tík. Einnig getur haft slæm áhrif á sjálfstraust ungs rakka að vera í mjög sterkum tíkahópi. Ef samskiptin eru þannig að ástæða er til að ætla að þau hafi mikil og neikvæð áhrif á sjálfstraust rakkans er betra að reyna að finna honum annað heimili.

- Þegar ungi rakkinn kemst á kynþroskaaldur er mikilvægt að hann öðlist jákvæða reynslu af því er tengist hans framtíðarhlutverki. Ekki skamma hann ótæpilega þótt hann sýni tíkum óbilandi áhuga og gott er að leyfa honum að öðlast reynslu af því að vera í samvistum við lóða-tíkur, undir eftirliti að sjálfsögðu, þótt ekki sé ætlunin að para. Með því fær hann tækifæri til að þjálfa hæfni sína til að meta hvenær tík er tilbúin til þörunar, sem er svo nauðsynlegt hjá góðum undaneldisrakka.

- Ekki bíða of lengi með að nota rakkann á tík. Ef hann er orðinn nokkurra ára gamall án þess að hafa nokkurn tíma verið paraður er hættu á því að hann fái ekki til þess þegar tíminn kemur og það getur einnig haft neikvæð áhrif á frjósemi. Ef rakkinn er notaður ungur er einnig nægur tími til að skoða afkvæmi hans til

að meta hvort hann sé vel til þess fallinn að rækta undan.

- Nauðsynlegt getur verið að venja rakka við að tæmt sé úr þeim sæði án þörunar. Þær aðstæður geta alltaf komið upp að nauðsynlegt sé að sæða og einnig er heppilegt að „tæma“ hundinn nokkrum sinnum áður en hann er settur á tík ef langur tími er liðinn frá síðustu þörun. Þannig er tryggt að gæði sæðisins verði sem mest.

- Góð **tannhirða** er mikilvæg fyrir alla hunda en fyrir undaneldisrakkann er hún mikilvæg vegna frjóseminnar. Brotinn tönn sem sýking kemst í getur haft óbætanlegar afleiðingar fyrir hundinn hvað þetta varðar.

- **Hiti** hefur mjög slæm áhrif á frjósemi karlhunda. Þetta er mjög mikilvægt að hafa í huga ef hundurinn er sýningarhundur eða feldhundur, sem baðaður er og blásinn á nokkurra daga fresti. Aldrei skyldi baða hundinn úr of heitu vatni og þegar verið er að blása feldinn er öruggast að halda hendinni fyrir eistunum á hundinum svo að heitur blásturinn komist ekki að þeim. Ef ekki er vel passað upp á þetta geta afleiðingarnar verið óbætanlegar og mörg dæmi eru þekkt um rakka erlendis er hafa orðið ófrjófir eftir tímabil þar sem stanslaust var verið að baða og blása fyrir sýningar. Hér á landi þarf ekki að óttast að sýningarnar séu svo margar en margar tegundir feldhunda þarf samt sem áður að baða og blása einu sinni í viku til að halda feldinum í góðu ástandi. Þröngir gallar eða samfestingar, sem ætlaðir eru til að halda feldi sléttum, geta einnig haft slæm áhrif á frjósemi ef þeir halda eistum hundsins þétt upp við líkamann.

Við framangreint má bæta að gott mataræði er að sjálfsögðu mikilvægt fyrir undaneldisrakka, eins og fyrir alla hunda. Rétt samsetning fæðunnar og nauðsynleg bætiefni tryggja gott líkamlegt ástand og eru nauðsynlegu fyrir frjósemina. Rakkar hætta oft að borða þegar verið er að para eða þegar þeir eru nálægt lóða-tíkum og mikilvægt er að gæta þess að ekki verði of miklar sveiflur í holdafari rakkans þannig að það hafi áhrif á vöðvauppbyggingu. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir unga rakkann sem ennþá er að taka út líkamlegan þroska.

Að lokum vil ég benda á eitt atriði sem mér finnst afar mikilvægt fyrir undaneldisrakka. Það er að hann hafi sterka kynhvöt og mikinn vilja og getu til að para tíkur þegar til er ætlast. Auðvitað er alltaf hægt að grípa til þess að sæða og vissulega er sú aðferð algeng, sérstaklega innan sumra tegunda. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að grípa þurfi til sæðingar; hjá einstaka tegundum er það nauðsynlegt vegna þess hvernig þær hafa þróast líkamlega og einnig getur verið um klaufaskap hjá ungum rakka að ræða. Þetta er hins vegar undantekning en ekki regla og í flestum tegundum er það neikvætt fyrir almenna frjósemi að mikið sé verið að notast við rakka í ræktun sem þarf að sæða undan vegna þess að þeir vilja ekki para tíkur eða ekki gengur að para af öðrum ástæðum. Myra Savant Harris bendir á að ef það er tilfellið sé ástæða til að velta fyrir sér hvort rakkinn henti yfirleitt í þetta hlutverk, jafnvel þótt hann hafi ýmsa kosti til að bera. Í reglum HRFÍ er enda mælt til þess að notaðir séu hundar sem geti fjölgað sér á eðlilegan hátt og er full ástæða fyrir ræktendur að hafa þetta í huga.

Heimildir:

Judy De Casebroot, *The Merry Cocker* (Rockliff Publishing: London, 1956)

Myra Savant Harris R.N., *Advanced Canine Reproduction and Puppy Care* (Dogwise Publishing: Wenatchee, WA, 2011)

Pekka Hannula, Marjo Nygård, *Keys to Top Breeding* (Cotton Mark: Finland, 2011)

Tegundarkynning Weimaraner

Weimaraner er meðalstór, grár og ljósegður hundur. Liturinn getur verið silfurgrár, grá-brúnieitur eða músargrá. Höfuð og eyru eru aðeins ljósari að lit. A myndinni er Huldu Lennox of Weimar sem var valinn 3. besti hundur sýningar á alþjóðlegri hundasýningu HRFI í nóvember síðastliðnum. Ljós. Pétur Alan Guðmundsson.



Uppruni

Weimaraner dregur nafn sitt frá hirðinni við Weimar í Þýskalandi. Talið er að Karl August, stórhertogi af Weimar og hirð hans hafi fyrst beitt sér fyrir hreinræktun tegundarinnar en Karl August þessi var mikill veiðimaður. Önnur saga segir að Prins Esterhazy hafi kynnt Karl August fyrir tegundinni á búi sínu í Bohemiu og að hertoginn hafi flutt inn gráu hundana frá „landi Wenzels Krone“ sem er gamalt orð yfir Bohemiu.



C.I.E AmCh ISShCh RW-13 Kasamar Antares „Tasó“ í sækjiprófi Fuglahundadeildar 2012. Ljós. Pétur Alan Guðmundsson.

Ræktunarmarkmið fyrir tegundina litu dagsins ljós á síðari hluta 18. aldar og í byrjun 19. aldar. Weimaraner varð mjög vinsæl tegund í Bandaríkjunum og Bretlandi á árunum 1900-1950.

Weimaraner var upphaflega notaður við veiðar á stórum dýrum eins og dádýrum, úlfum, hjörtum og villisvínum. Þá var algengt að veiðimenn væru á hestum

Höfundar: Kristín og Hulda Jónasdætur

Gáfur og silfurlitaður feldur eru aðaleinkenni weimaranerhunda. Weimaraner er glaðlegur, gáfaður alhliða-veiðihundur sem sinnir vel hverju því hlutverki sem honum er falið. Hann þarf góðan og uppbyggilegan aga og er fljótur að læra. Nauðsynlegt er að eigandi hans hafi skopskyn, þar sem weimaraner getur verið uppátækjasamur á uppvaxtarárunum. Weimaraner er vökull og forvitinn og almennt hljóðlát tegund en gerir þó viðvart um óvenjulegar mannaferðir. Hann hentar vel sem fjölskylduhundur og myndar sterk tengsl við fjölskyldu sína. Hann er vinnuglaður og vill þóknast eigendum sínum og gleðja.

og er weimaraner því vanur að vinna í nálægð við veiðimanninn.

Önnur nöfn sem tegundin þekkt undir eru silfurhundur, silfri, weimarhundur og grey ghost.


Eiginleikar

Tegundin tilheyrir tegundahópi 7 fyrir standandi fuglahunda.

Heimaland tegundarinnar er Þýskaland.

Í dag er hann ræktaður sem alhliða-veiðihundur sem bendir á bráð og sækir eftir skot, hvort sem er á landi eða í vatni. Weimaraner hentar vel hvort sem er í rjúpná-, gæsa-, anda-, héra-, minnka- eða refaveiði.

Hann er mjög vinnuglaður og hefur því komið vel út sem vinnuhundur og er talsvert notaður sem sporleitarhundur erlendis. Í Þýskalandi eru ræktunardýr skylduð til að standast



C.I.B. ISCh Vinarminnis Visir í rjúpnaprófi. Ljós. Pétur Alan Guðmundsson.



Árangur weimaraner í sækjiprófum fyrir standandi fuglahunda hefur verið framúrskarandi. Á myndinni má sjá Huldu Lennox of Weimar á æfingu fyrir sækjipróf Vorstehdeildar. Ljós. Pétur Alan Guðmundsson.

vinnupróf VJP (Verbandsjugendprüfung) sem er eiginleikapróf fyrir unghunda og HZP (Herbstzuchtprüfung) sem er eiginleikapróf fyrir opin flokk. Jafnframt er til annað mun erfiðara próf sem framúrskarandi hundar fara í gegnum sem skammstafað er VGP (Verbandsgebrauchsprüfung).

Þó weimaraner hafi mikið veiðieðli er hann jafnframt fjölskylduhundur sem unir sér vel heima við. Það er mjög auðvelt að kenna honum og hefur hann verið vinsæll keppnishundur í hundafimi. Hann er hlýðinn, hefur mikla persónutöfra og er einstaklega húsbóndahollur.

Útlit

Sérkennilegt og tignarlegt útlit weimaraner hundsins hefur heillað fólk um árabil. Hvolparnir eru með himinblá augu en við um það bil sex mánaða aldur breytist augnlitur þeirra yfir í gulan, gulgrænan eða móbrúnan lit. Weimaraner verður meðalstór, grár og ljóseygður hundur. Liturinn getur verið silfurgrár, grá-brúnleitur eða músargrár. Höfuð og eyru eru aðeins ljósari að lit. Hvítir flekkir eru leyfilegir á bringu og tám. Feldurinn er stuttur, þéttur og getur verið með eða án undirhára. Stærð rakka er um 59-70 cm á herðakamb og tíka 57-65 cm.

Feldhirða er mjög einföld; létt burstun stöku sinnum og síðan þarf að fylgjast með eyrum og klippa klær.

Weimaraner á Íslandi

Á Íslandi eru 30 hundar á lífi á aldrinum 15 mánaða til 12 ára. Á undanförunum árum hafa verið fluttir inn sjö nýir hundar og frosið sæði til að styrkja stofninn; einn hundur frá Svíþjóð, einn frá Danmörku, fjórir hundar frá Bandaríkjunum og einn

frá Bretlandi. Góð samstaða hefur náðst um ræktun tegundarinnar. Við eigum afar lítinn stofn en mjög sterkan, þetta er stofn sem kemur úr mjög góðum ræktunarlínum þar sem passað hefur verið upp á að halda inni heilbrigði, vinnueiginleikum, skapgerð og útliti tegundarinnar samkvæmt ræktunarmarkmiðum. Við stöndum í mikilli þakkarskuld við vel þekktan og virtan ræktanda, Virginíu Alexander, sem hjálpaði okkur að byggja upp nýjan stofn hér á landi.

Weimaranerinn hefur verið sigursæll á sýningum HRFÍ og í dag eigum við á lífi sex alþjóðlega og níu íslenska meistara en helmingur stofnsins er mjög ungir hundar.

Ánægjulegt er að geta þess að árangur weimaraner í sækisprófum fyrir standandi fuglahunda hefur verið framúrskarandi. Við eigum marga góða hunda á þessu sviði en má þar helst nefna margfaldan besta hund prófs, Bláskjár Skugga Jr. Einnig hefur tegundin náð árangri í rjúpnaprófum.



C.I.E AmCh ISShCh RW-13 Kasamar Antares „Tasó“ og afkvæmi hans voru valin besta afkvæmahópur dagsins á alþjóðlegri sýningu HRFÍ í september síðastliðnum. Ljós. Ágúst Ágústsson.

Weimaraner er uppátækjasamur hundur. Einn alþjóðlegi meistarinn okkar brá sér dag einn inn í næsta hús þegar húsráðandi var önnur kafinn. Næsta sem hann sér er grár hundur á leiðinni út úr húsinu með smjörstykki í kjaftinum og smjörhnífinn standandi upp úr. Sami hundur sást á hlaupum í sumar- bústaðarhverfi með fulla grautarskál sem nágranninn hafði sett út til kælingar. Þrátt fyrir uppátæki sín er weimaraner frábær félagi og fjölskylduhundur.



Guðrún Hauksdóttir og Bláskjárs-hvolpar sem fæddust 2. janúar 2009. Ljós. Gunnar Þór Gíslason.



© Rakel Ósk Sigurðardóttir

Vinarminnis Váli og Rafael Ísar. Ljós. Rakel Ósk Sigurðardóttir.

Hundasvæði

Höfundur: Heiðrún Villa

Ljósmyndir: Shutterstock

Hundasvæði getur verið afbragðs staður fyrir hunda og eigendur að koma á en svæðunum hefur fjölgað á landinu og virðist brýn þörf á að bæta við fleirum. En eru hundasvæði góð fyrir alla?

Oft hafa orðið leiðinleg óhöpp á hundasvæðum og slys á hundum. Einnig hafa hundar og eigendur lent í slæmri reynslu sem hefur haft áhrif á félagshæfni hundsins. Það er mikilvægt fyrir hundaeigendur að hafa ákveðnar reglur bakvið eyrað ætli þeir með hundinn sinn á hundasvæði svo að reynslan verði jákvæð og þroskandi bæði fyrir hunda og menn.



10 góðar reglur

- 1.** Hundasvæði eru oft notuð sem hreyfing og útrás fyrir hunda sem hafa kannski hangið inni allan daginn. Það getur komið sér vel en gallinn er sá að hundur fullur af orku er líklegri til þess að valda usla í hundahóp heldur en hundur sem hefur fengið útrás áður en hann kom á svæðið. Hundar sem hafa fengið útrás eru kurteisari og auðveldari í umgengni en þeir hundar sem spóla orkunni út í kringum aðra hunda.
- 2.** Ekki hanga við innganginn. Þar sem gengið er inn á svæðið er oftast mesta spennan í gangi. Þar koma hundar inn, oftast en ekki mjög spenntir, og miklar líkur á einhverjum ryskingum við innganginn. Haltu þig því frá innganginum til þess að forðast óþarfa árekstra vegna spennu í þeim hundi sem er að koma.
- 3.** Vertu á hreyfingu. Ef margir hundar eru á svæðinu er mjög gott að vera á hreyfingu, oft myndast spenna á milli hunda þegar stoppað er. Með því að vera á hreyfingu eykur þú líkurnar á að allt gangi vel og að óþarfa spenna myndist milli hunda, til dæmis af sama kyni.
- 4.** Gerðu þér grein fyrir viðeigandi hegðun. Þó að hundur urri, sýni tennur eða glefsi snögg t í átt að öðrum hundi þýðir það ekki að hann sé grimmur, hann er einfaldlega að gefa skilaboð um að honum finnst nálgun hins hundsins óþægileg og vilji hann frá sér. Oftast en ekki eru það æstu hundarnir sem fá rólegri hunda til að glefsa frá sér vegna þess að þeir þola illa æsinginn. Oft kemur það fyrir að rólegi hundurinn er sakaður um að valda usla, því hann sýnir tennur eða glefsar, þegar raunin er sú að sá æsti er sá sem í raun veldur uslanum.
- 5.** Yfirvegun skapar sátt og samlyndi. Þegar hundar eru ungir er algengt að það séu læti í þeim og þeir leiki mikið við aðra hunda. Þegar hundar eldast þá ætti markmiðið hjá hundaeigenda frekar að vera að hundurinn geti verið í kringum aðra hunda án vandamála þó hann vilji kannski ekki leika eins og þegar hann var yngri.
- 6.** Þú átt að styðja hundinn þinn á hundasvæðinu. Það þýðir að ef honum finnst einhver hundur óþægilegur og gefur jafnvel merki um að hann vilji hann frá sér, hjálpar þú honum og sýnir honum þannig að þið eruð í þessu saman og hann þurfi ekki að bregðast illa við. Þú þarft að styðja hann í þeim aðstæðum sem honum finnst ekki nægilega góðar, eins og til dæmis þegar hundur, sem honum líkar ekki, kemur þétt upp að honum. Ef þinn hundur gefur merki um að vilja ekki hafa samskipti við hundinn sem kom að, þarft þú að sjá til þess að sá hundur fari áður en þinn þarf að gera eitthvað í málunum. Þú þekkir þinn hund, vísaðu jafnvel strax hundum frá sem koma að ykkur og þú veist að hundurinn þinn mun ekki taka vel í, eins og til dæmis mjög æstir hundar eða hundar með ógnandi líkamstjáningu. Það eru miklar kröfur gerðar til hunds ef hann á að vera vinur allra. Hvolpar og ungir hundar eru oft þannig en svo á það til að breytast eftir því sem hundurinn eldist. Ef þú ert með mjög æstan hund ekki leyfa honum að vera ókurteis við aðra hunda. Það getur orðið til þess að einhver taki honum mjög illa.
- 7.** Hundasvæði er tími til þjálfunar. Ekki hanga og slaka á meðan hundurinn þinn leikur lausum hala. Æfðu hann í innkalli og alls kyns skemmtilegum skipunum og æfðu hann líka að fara frá hundum sem sýna neikvætt viðmót við hann. Skipun eins og „farðu frá“ fær hundinn þinn til að fara í burt frá þeim hundi sem hann er að atast í og getur gert mjög góða hluti og komið í veg fyrir óþarfa óhöpp.
- 8.** Litlir hundar þurfa að vera á sér svæði. Margir stórir hundar átta sig ekki á stærðarmun og geta meitt litla hunda. Því er gott að hafa sér svæði fyrir litla hunda þar sem þeir eru öruggir. Alltaf er þó gott að bæta félagshæfni lítilla hunda með stórum og öfugt en það þarf að gerast með hundum sem eigendur þekkja og treysta.
- 9.** Fáðu vin með þér á hundasvæðið. Það er afskaplega gott að búa til góða reynslu með því að fara á hundasvæði með vin sem á hund sem þekkir þinn hund og ekki gleyma að taka upp eftir hundinn þinn til að halda svæðinu snyrtilegu.
- 10.** Leitaðu aðstoðar ef hundurinn þinn sýnir óæskilega hegðun við aðra hunda. Allir hundar geta lært að umgangast aðra hunda en mikilvægt er að leita sér aðstoðar hjá fagmanni til þess að meta hvernig vinnu þarf að leggja í hundinn og hvort hann sé hæfur að fara á hundasvæði. Þar spilar eigandinn einnig stórt hlutverk. Ekkj láta hunda útkljá sín mál sjálfa. Ef það er vaninn sem þú vilt halda þig við getur þú lent í vandræðum.



Blómadropar fyrir hunda(I-P)

Höfundur: Inga Björk Gunnarsdóttir

Í þessu tölublaði Sáms verður áfram fjallað um notkun blómadropa fyrir hunda. Dropana má nota við margs konar kvillum en lang algengast er að þeir séu gefnir við andlegu ójafnvægi en stundum þó líka við líkamlegum einkennum. Ef einhver óvissa er um ástand hundsins er vitaskuld skylda hvers hundeiganda að hafa samband við dýralækni.

Í 2. tbl. Sáms 2012 var fjallað mjög stuttlega um tilurð blómadropanna, framleiðsluhátt, blöndun og hvernig á að gefa þá og er vísað í það blað til viðbótar þessari grein. Ef fólk vill kynna sér efnið enn ítarlegar eru til fjölmargar bækur um þetta efni sem og fræðsluefni á netinu.

Impatiens

Impatiens blómadroparnir styrkja samstarfsvilja og yfirvegund en draga úr skapstýggð og ópolinmæði. Droparnir eru góðir fyrir hunda sem hafa endalausa orku og virðast aldrei fá nógu mikla hreyfingu.

- ◇ Fyrir hunda sem verða auðveldlega æstir við þjálfun, flýta sér mikið og gera því mistök. Gott fyrir hunda sem geta alls ekki gengið afslappaðir við hæl.
- ◇ Þessir hundar geta ekki beðið eftir að komast út að ganga og inn aftur, geta ekki beðið eftir matnum og haga sér á allan hátt eins og þeir séu ofvirkir.
- ◇ Fyrir æsta hunda sem erfitt er að ná holdum á.
- ◇ Fyrir hunda sem verða æstir og eirðarlausir ef þeir fá ekki nógu mikla athygli eða vinnu.

Þessa dropa er líka gott að hafa í huga fyrir hunda með ofangreind einkenni og eru með viðvarandi niðurgang eða

uppköst sem virðist ekki vera í neinu sambandi við það sem þeir borða. Droparnir geta líka virkað á vöðvakrampa og húðvandamál, svo sem kláða og exem.

Impatiens droparnir hafa verið notaðir til að róa greyhound fyrir hlaup, smalahunda sem verða óþolinmóðir þegar hjörðin fer ekki nógu hratt, sleðahunda sem verða óþolinmóðir þegar einn hundurinn heldur illa í við hina og þekingese með öndunarörðugleika.

Alltaf skal hafa í huga að þyngdartap, skapvonska og ergelsi hjá hundum geta verið vegna líkamlegra kvilla. Því skal hafa samband við dýralækni ef eiganda grunar að um slíkt gæti verið að ræða, til dæmis gigt, mjaðmalos eða vöðvaáverkar.

Larch

Larch blómadroparnir bæta skort á sjálfsöryggi. Þeir eru góðir fyrir fólk sem lifir í stanslausum ótta við að mistakast og er hikandi í allri sinni framkomu og gerðum. Fyrir hunda eru droparnir gagnlegir ef þeir eru mjög feimnir og undirgefnir en einnig við hvers konar aðstæður þar sem öryggi þeirra hefur verið ógnað.

- ◊ Fyrir hunda sem hafa verið beittir ofbeldi eða lifað við ótta í einhvern tíma, droparnir hjálpa þeim að ná aftur sjálfsöryggi.
- ◊ Fyrir hunda sem þarf að dekstra.
- ◊ Fyrir hunda sem veita litla mótspyrnu við sjúkdómum.
- ◊ Fyrir hunda sem koðna niður á hundasýningum eða við aðrar aðstæður þar sem vænst er góðrar frammistöðu af þeim.

Droparnir eru notadrjúgir fyrir hunda sem eru nýkomnir í hundaathvarf (til dæmis einangrunarstöð), hunda sem hafa verið veikir um langa hríð og tapað við það fyrri valdastöðu sinni meðal annarra hunda og fyrir hunda sem eru mjög undirgefnir og lúffa fyrir hvölpum.

Ef hundurinn er tvístígandi yfir skipunum og ekki viss um til hvers er ætlast af honum gætu droparnir hjálpað til við að ná kjarki til að taka sjálfstæða ákvörðun.

Larch droparnir eru góðir fyrir hundeigendur sem skortir sjálfstraust og eru óframfærnir í framkomu, til dæmis að vilja ekki sýna hundinn sinn eða þjálfa hann vegna ótta við að mistakast. Larch og Mimulus er oft blandað saman þegar meðhöndla á skort á sjálfsöryggi.

Mimulus

Mimulus droparnir taka á ótta við þekkta hluti, feimni og hugleysi – þeir stuðla að kjarki. Þeir henta vel hundum sem eru óttaslegnir og taugaveiklaðir.

- ◊ Fyrir hunda sem eru hræddir við myrkur, vatn, hávæer hljóð, bílaumferð, ryksugu, byssuskot, flugelda, önnur dýr, fólk og fleira.
- ◊ Góðir fyrir hunda sem eru hræddir við að láta

bursta feldinn, baða sig eða klippa klær.

- ◊ Einkenni hræðslunnar geta birst sem óróleiki, froða í munni, væl, hundurinn leggur eyrun aftur, titrar og másar.
- ◊ Fyrir hunda sem eru hræddir á hundasýningum.
- ◊ Fyrir hunda sem bíta vegna ótta en ekki grimmdar.

Mimulus og Rock Rose blómadropablanda er gagnleg til að róa hunda á gamlárskvöld. Einnig er blandan góð fyrir hunda sem eru að ferðast með farartækjum sem þeir eru ekki vanir, til dæmis lestum og flugvélum. Mimulus er hægt að nota á börn sem eru hrædd við hunda og önnur dýr.

Mustard

Getur hjálpað til við að létta þunglyndi sem virðist koma án nokkurrar sýnilegrar ástæðu. Mustard droparnir koma á friðsæld og aflétta þeim drunga sem virðist hvíla yfir hundinum.

- ◊ Fyrir hunda sem eru niðurdregnir og virðast vanta lífsneista og orku.
- ◊ Fyrir hunda sem ekki er vitað hvað er að en öll hegðun þeirra gefur til kynna að eitthvað alvarlegt sé að.
- ◊ Fyrir hunda sem hafa enga matarlyst, eru alltaf þreytulegir, með skottið á milli lappana og bera eyrun aftur.

Mustard blómadroparnir eru ekki oft gefnir hundum því yfirleitt liggur ástæðan fyrir depurð þeirra ljós fyrir og því eru aðrir blómadropar betur viðeigandi. Ef óútskýranlegur drungi fer að hrjá hundinn er mikilvægt að leita til dýralæknis því ástæðan fyrir depurðinni gæti verið undirliggjandi sjúkdómur, til dæmis krabbamein eða hormónaójafnvægi.

Oak

Hundar sem þurfa Oak-blómadropa eru venjulega mjög harðir af sér og ganga oft nærri sér. Þegar þeir hins vegar hafa gengið of nærri sér og eru að niðurlotum komnir stuðla Oak-blómadroparnir að þrautseigju, innri ró og hæfileikanum til að ná sér fljótt eftir veikindi eða erfiðleika.

- ◊ Fyrir hunda sem venjulega eru sterkir og kjarkmiklir en geta ekki lengur barist við sjúkdóm eða mótlæti. Droparnir veita styrk og orku.
- ◊ Fyrir hunda sem aldrei kvarta, gefast aldrei upp, kunna sér ekki mörk og halda áfram þrátt fyrir að líkamleg geta sé ekki lengur til staðar. Hundurinn leynir þreytueinkennum og líkamlegum kvillum.
- ◊ Fyrir hunda sem þurfa alltaf að hafa eitthvað að gera og sýna þráhyggjukennda hegðun.

Oak droparnir eru gagnlegir fyrir hunda sem hlaupa þangað til þeir örmagnast, til dæmis saluki-hundar og aðrar hundategundir sem hlaupa á eftir beitu eða bráð tímunum saman. Oak eru gagnlegir dropar fyrir hunda sem hætta ekki að hlaupa þrátt fyrir meiðsli eða gamla hunda sem eru gigtveikir en halda samt áfram að gera það sem þeir eru vanir, þeir eru sem sagt ófærir um að hvíla sig þrátt fyrir þörf fyrir það.

Í sumum tilfellum getur verið erfitt að greina á milli hvaða dropa á að gefa. Hundar sem þarfnast Oak-dropanna geta sýnt svipaða hegðun og þeir sem þurfa á Impatiens að halda. Til að greina á milli er gott að hafa í huga að í grunninn eru hundar sem þarfnast Oak rólegir og yfirvegaðir en ekki æstir og taugastrekkir eins og hundar sem þurfa á Impatiens að halda.

Olive

Þessir blómadropar virka vel á algjöra örmögnun, líkamlega og andlega. Þeir veita styrk og koma á getu til að endurnýja það sem skaðast hefur í líkamanum, til dæmis skaddaða vefi. Viðkomandi er algjörlega tæmdur, það er enginn orka eftir til að halda áfram.

- ◇ Fyrir veikburða, veika og líkamlega örmagna hunda.
- ◇ Fyrir hunda með blóðskort og til að flýta fyrir bata eftir uppskurð.
- ◇ Fyrir hunda sem eru örmagna eftir flogakast.
- ◇ Fyrir hunda sem hafa verið „brothættir“ frá fæðingu.
- ◇ Til að hressa við gamla hunda.
- ◇ Fyrir hunda sem þurfa að keppa og leggja sig alla fram í marga daga í röð.

Gott að gefa veiðihundum í lok veiðitímabilsins eða sýningarhundum sem eru nokkra daga í röð á sýningum. Olive er hægt að gefa í drykkjarvatnið áður en hvers konar álagstímabil hefst til að koma í veg fyrir örmögnun. Olive er oft blandað saman við Hornbeam-blómadropana (sjá 1. tbl. 2013).

Pine

Þessir blómadropar hjálpa til við að yfirvinna sektarkennd og iðrun og koma á jákvæðu viðhorfi.

Þar sem þessir blómadropar eru mest viðeigandi þegar sektarkennd hrellir viðkomandi þá er í raun ólíklegt að hundar þurfi þessa dropa, því það er ósennilegt að hundar burðist með þá tilfinningu. Hins vegar geta þeir sýnt einkenni til benda til þess að þeir séu fullir sektarkenndar, til dæmis þegar þeir hafa gert eitthvað af sér og vita að þeir verða skammaðir, en sennilega er líkamstjáningin sprottin af hræðslu og undirgefni og því ættu Mimulus droparnir frekar við.

Heimildir:

Bach Flower Remedies for Animals eftir Helen Graham & Gregory Vlamis, 1999.

Bach Flower Remedies for Animal eftir Stefan Ball & Judy Howard, 1999.

**Við þóssum hundinn þinn
eins lengi og þér hentar!**

Hlýleg og góð þjónusta
Náttúrulegt umhverfi í sveit
Inni- og útistífa fyrir hvern hund
Staðsett 4 km. frá Selfossi

**HUNDAGÆSLUHEIMILIÐ
ARNARSTÖÐUM**

Sími: 482 1030 og 482 1031
GSM: 894 0485 og 864 1943
www.simnet.is/hundahotel



Færð þú í magann?



Úrval náttúrulegra bætiefna með flórubætandi gerlum.
Henta einstaklega vel fyrir hunda undir álagi, við sýklalyfjagjöf
og við óróleika í maga.

Fæst hjá dýralæknum um land allt.

Protexin[®]
dýraheilbrigði

 **vistor**

Hörgatúni 2, 210 Garðabæ
Sími 535 7000, fax 565 6485
www.vistor.is



Stigahæsti ungi sýnandi ársins 2013 í eldri flokki Theodóra Róbertsdóttir

Höfundur: Erna Sigríður Ómarsdóttir

Theodóra Róbertsdóttir er 17 ára gömul og býr í Árbænum. Theodóra er stigahæsti ungi sýnandi ársins í eldri flokki árið 2013 en hún var einnig stigahæst árið 2010. Nú er ferli hennar í ungum sýnendum á Íslandi lokið enda hefur hún náð hámarksaldri sem leyfður er í keppninni. Hún mun keppa fyrir Íslands hönd í Norðurlandakeppni ungra sýnenda í Helsinki í desember, ásamt þremur öðrum sem skipa lið Íslands. Síðasta sýningin hennar í ungum sýnendum verður í mars á næsta ári þegar hún verður fulltrúi Íslands í alþjóðlegri keppni ungra sýnenda á Crufts en hún tók einnig þátt í þeirri keppni árið 2011.

Ferillinn

Theodóra hefur sýnt á öllum sýningum HRFÍ síðan hún fékk aldur til, eða alls 29 sýningum. Af þessum 29 hefur hún verið í úrslitum meðal fjögurra efstu á 26 sýningum. Hún náði þeim frábæra árangri að vera tvisvar sinnum stigahæsti ungi sýnandi ársins í yngri flokki og tvisvar sinnum í eldri flokki. Hún hefur fimm sinnum verið fulltrúi Íslands í erlendum keppnum og mun sýna í alþjóðlegri keppni ungra sýnenda á Crufts í mars 2014. Hún hefur einnig verið fulltrúi í íslenska landsliðinu í ungum sýnendum síðustu 5 ár sem er oftast en nokkur annar keppandi á Norðurlöndunum.

Hvað varstu gömul þegar þú byrjaðir að fara á hundasýningar og sýna sjálf?

Ég byrjaði að fara á hundasýningar mjög ung og fór á mína fyrstu sýningu erlendis 4 ára gömul. Ég byrjaði að mæta á allar æfingar um leið og ég mátti, eða strax á níunda ári og keppti á minni fyrstu sýningu í mars 2006 með írsku setter-tíkina, Alönu.



Theodóra og Reese (Thornapple Seduction) í 1. sæti á nóvembersýningu HRFÍ 2013. Ljós. Ágúst Ágústsson.

Hvernig kom áhuginn?

Ég var mikil ömmustelpa þegar ég var yngri og var hún í hundunum og sýndi hundana sína mikið. Ég átti svo góða fyrirmynd sem sýndi fyrir ömmu, hana Auði Sif, sem ég leit mjög mikið upp til.

Hvernig hunda áttu?

Ég á pug sem heitir Pétur og er 6 ára. Ég er svo meðeigandi ásamt Víkur-ræktun að aussie sem heitir Marley og er 20 mánaða. Svo finnst mér ég nú eiga smá í írsku setterunum hennar ömmu.

Hvaða tegundir finnst þér skemmtilegast að þjálfa og vinna með og af hverju?

Mér þykir skemmtilegast að þjálfa og vinna með aussie. Vinnugleðin og áhuginn hjá þeim er gífurlegur en stríðhærði vorsteh-hundurinn, Arkó, sem ég sýni, kemur mér sífellt á óvart á hverri æfingu.

Hvernig þjálfar þú hundana og hvað finnst þér mikilvægast í þjálfun?

Ég legg mikið upp úr virðingu og samstarfi við hundinn þegar ég þjálfa. Ég vil hafa æfingarnar fjölbreyttar og hrósa stöðugt fyrir rétta hegðun en leiðrétti þegar við gerum rangt. Ég er líka á því að alla hunda ætti að sýna í slökum taum, að minnsta kosti þær tegundir sem hlaupa, þar af leiðandi er taumsamband og samvinna mjög mikilvæg. Í lokin, eftir æfingar, finnst mér mjög mikilvægt að gera alltaf eitthvað skemmtilegt með hundinum.

Einhver lokaorð?

Við eigum öll að vera nærgætin og vanda orð okkar í garð annarra. Að styðja alla sem við getum í þessu áhugamáli, hvort sem það eru reyndir ræktendur eða ungir nýgræðingar, að hjálpa öllum sem við getum og sýna stuðning og samgleðjast hvert öðru.

Ég vil þakka öllum fyrir ómetanlegan stuðning og traust þessi ár mín og fyrir að hafa lánað mér hunda í keppnir og á æfingar fyrir mót erlendis. En sérstaklega vil ég þakka ömmu minni, mömmu, Auði Sif, Þorbjörgu, Rannveigu Gauju, Sóleyju Höllu að ógleymdum þeim Maríönnu og Óla með Víkur-ræktun fyrir ómetanlegan stuðning sem ég hefði ekki getað verið án. Að lokum vil ég þakka Soffíu Kwaszenko og þeim sem stutt hafa Unglingadeild undanfarin ár sérstaklega! Án ykkar væri þessi deild ekki starfandi og án ykkar værum við ekki að hvetja unga fólkið áfram í þessu áhugamáli. Takk!



Theodóra og Shannon á útisýningu í Írlandi árið 2009.

Stigahæsti ungi sýnandi ársins 2013 í yngri flokki

Sigrún Sandra Valdimarsdóttir

Höfundur: Brynja Kristín Magnúsdóttir

Sigrún Sandra er 12 ára efnilegur ungur sýnandi sem á framtíðina fyrir sér. Hún endaði feril sinn í yngri flokki sem stigahæsti ungi sýnandinn ársins. Sigrún byrjaði ung að sýna og hefur brennandi áhuga á hundum og öllu sem tengist þeim.

Hvernig kviknaði áhuginn á að sýna og hvað varstu gömul þegar þú byrjaðir?

Ég var 10 ára gömul þegar ég byrjaði að sýna í ungum sýnendum en töluvert yngri þegar ég fór á mína fyrstu sýningu. Ég byrjaði af því að ég hafði mjög mikinn áhuga á hundum og öllu sem tengist þeim, draumurinn er að fara út á hundasýningu!

Átt þú sjálf hund?

Ég á chihuahua-hundinn, Theus sem er að verða 11 ára og amerísku cocker spaniel-mæðgurnar, Blíðu og Ronju.

Hver er draumategundin þín?

Það eru nokkrar; papillon, írskur úlfhundur, amerískur cocker spaniel og bedlington terrier.

Áttu þér fleiri áhugamál fyrir utan hundana?

Ég hef áhuga á öllum dýrum og svo er ég líka í kór.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gærir með hundunum þínum?

Að sýna þá og auðvitað kúra með þeim líka.

Hvernig þjálfar þú bæði þig og hundinn fyrir sýningar?

Ég fer fyrst og fremst á sýningaþjálfanir.

Hvað langar þig að verða í framtíðinni?


Dýralæknir!



Sigrún Sandra með papillon í ungum sýnendum.
Ljós. Guðný Stefanía Tryggvadóttir.

Gæða fóður fyrir góðan vin

Josera gæludýrafóðrið er framleitt úr hágæða hráefnum og er án litar- bragð og rotvarnarefna.



Amazing Gold Beauty By Amazing Gold (Zita)

Hlaut verðlaunin besta tík sinnar tegundar og varð einnig alþjóðlegur meistari á sýningu HRFÍ sem haldin var í nóvember 2013. Zita er að sjálfsögðu fóðruð á Josera fóðri.



Amazing Gold Hamingju Perla

Perla hlaut verðlaunin besti hvolpur sinnar tegundar á sýningu HRFÍ sem haldin var í nóvember 2013. Perla er að sjálfsögðu fóðruð á Josera fóðri.

DLG vottað gæludýrafóður



- Josera er fyrsti framleiðandi af gæludýrafóðri til að hljóta hið viðurkennda DLG vottorð.
- DLG testservice GmbH er leiðandi þjónustuaðili á sviði gæða trygginga á vínun, drykkjarvörum, matvælum og gæludýrafóðri.
- **Þeir hlutir sem skoðaðir eru:**
 - Mat á öllu framleiðsluferlinu
 - Eftirlit með hráefni
 - Greining á öllum fullunnum vörum
 - Staðfesting á gæðum með staðfestingar prófi
- **Ávinningur af DLG vottun**
 - Tryggir viðskiptavinum traust í gæðum
 - Tryggir stefnumörkun í gæðastjórnun
 - Tryggir gæði frá hráefni til fullunninnar vöru



Josera.

Útsölustaðir:

Landstólpi, Gunnbjarnarholti
Vélaval, Varmahlíð
Byko, Selfossi

Landstólpi, Egilsstöðum
Fákasport, Akureyri
Netverslun:
hundaverold.com

Umboðsaðili Josera í Íslandi er:



Gunnbjarnarholti - 801 Selfoss
480 5600 - landstolpi.is



Ræktun á ekki að snúast einungis um að ná fram ákveðnu útliti. Þættir eins og sterkar taugar eru mjög mikilvægir í daglegu lífi hunds og ætti ekki að hunda í ræktun. Ljósmynd. Petr Studenik.

Ekki gera málamiðlanir varðandi taugakerfi hundsins

Höfundur: Juha Kares, Chic Choix-ræktun

Þýðing: Guðrún Margrét Baldursdóttir

Það er leyfilegt að gera málamiðlanir í hundarækt og raunar er ómögulegt að komast hjá því í sinni ræktun öðru hvoru. Það er þó eitt atriði sem ég tel að góður ræktandi megi aldrei gera málamiðlun um og það er taugakerfi hundsins. Með því á ég ekki við skapgerðina eingöngu heldur það hvort hundurinn hefur svokallaðar sterkar taugar eða ekki. Mín reynsla er sú að ef slakað er á varðandi þetta atriði í ræktunarstefnunni getur það haft áhrif í margar kynslóðir á eftir. Ég tel að of margir ræktendur í of mörgum tegundum hafi gert hræðileg mistök með því að huga ekki að taugakerfi ræktunardýra sinna. Afleiðingin af kæruleysinu eru margar taugaveiklaðar tegundir og einstaklingar innan þeirra sem eru slæmir á taugum. Hvers vegna ætti aldrei líta á þetta mikilvæga atriði sem léttvægt?

Þegar ég skipulegg mína ræktun þá hef ég fjögur meginatriði í huga:

- 1) almennt líkamlegt heilbrigði
- 2) skapgerð
- 3) taugar og
- 4) hvernig einstaklingarnir líta út.

En hvar liggur munurinn á skapgerð og taugakerfi?

Ef ræktandinn hugsar um skapgerð og taugar sem tvö ólík atriði í sinni ræktun þá „tvöfaldar“ hann áhrifin af þeim þáttum er varða geðheilbrigði einstaklinganna innan sinnar ræktunar. Þetta tel ég að sé afar heppilegt þar sem skapgerð og geðheilsa hundins eru einna mikilvægust í hundarækt sem stunduð er af einhverri alvöru. Skapgerð getur falið í sér marga þætti, meðal annars umhverfis- og uppeldisþætti sem ræktandi og eigandi geta haft mikil áhrif á hjá hvolpi og fullorðnum hundi. Eiginleikar eins og vinnusemi og leikgleði er eitthvað sem ræktandi getur haft áhrif á í sínum línunum með því að velja einstaklinga sem hafa þessa eiginleika í ríku mæli. Verið getur að öðru hvoru fæðist einstaklingar sem ræktandanum finnst of „mjúkir“ í skapi en það á ekki að þurfa að vera vandamál heldur eitthvað sem tiltölulega auðvelt á að vera að breyta með framtíðarkynslóðir í huga og þessir einstaklingar geta átt góða ævi ef þeirra takmarkanir eru virtar.

Aftur á móti getur það verið alvarlegt vandamál hjá hundi ef taugakerfi hans er í molum, með öðrum orðum, ef hann er slæmur á taugum. Taugakerfið er nokkuð sem afar erfitt er að breyta í ræktun. Ef hundur er slæmur á taugum getur það birst með ýmsum hætti. Skjálfti, uppköst, tilhneyging til að fá niðurgang og almenn taugaspenna og streita getur haft slæm áhrif á lífsgæði hunds á svo marga vegu við ólíkar kringumstæður.

Eftir því sem meiri hraði er í lífi hundsins þeim mun erfiðara verður það fyrir hann að þola við. Í ræktun eru þetta alls ekki góðir einstaklingar. Ef hundur er slæmur á taugum í daglegu lífi ætti alls ekki að nota hann í ræktun - alveg sama hversu fallegur hann er eða heilsuhausstur að öðru leyti. Þetta er mín bjargfasta trú sem ræktanda.

Ég hef allt of oft séð taugaveiklaða hunda notaða í ræktun í krafti útlits þeirra eða vegna þess að ræktandinn telur þá uppfylla heilsufarskröfur. Ef hundur er taugaveiklaður liður honum yfirleitt illa og eigandinn þarf iðulega að aðlaga líf sitt þessari veiklun hundsins. Stundum verður fólk hreinlega blint á slæmar taugar eða ódæmigerða skapgerð hundsins og fer að líta á hann sem góðan fulltrúa tegundar sinnar. Þess háttar „ræktunarblinda“ er skelfileg og mér finnst að í sumum tegundum sé fólk hætt að skilja almennilega hver sé munurinn á því sem er dæmigert fyrir tegundina og hvað sé merki um slæmt taugakerfi. Fólk fer að sætta sig við feimna, taugaveiklaða og skjálfandi hunda og telur jafnvel að þetta séu einhvers konar einkenni á tegundinni. Þetta getur leitt til allsherjar blindu gagnvart því hvert skal stefna í ræktun á hundategund.

Munið eftir því að leggja áherslu á sterkar taugar í ræktunarmarkmiði ykkar án þess að sætta ykkur við neinar málamiðlanir í því efni. Ég hef séð í minni eigin ræktun hvernig ein tilslökun mörgum kynslóðum fyrr kemur fram í afkomendunum kynslóð eftir kynslóð. Að mínu áliti getur maður verið nokkuð öruggur

ef fimm kynslóðir eru lausar við taugaveiklaða einstaklinga. Ein undantekning í þessum fimm kynslóðum og ræktandinn gæti lent í vandræðum við að losna aftur við slæmar taugar í sínum línunum.

Ekki gleyma að í þessu sambandi er mikilvægt að kynnst vel rökkunum sem þú notar í ræktunina. Ef rakkinn kemur annars staðar frá þá skaltu reyna að hafa hann á heimilinu í einhvern tíma. Þetta geri ég vegna þess að ég vil þekkja rakkana sem ég nota í minni ræktun. Hundur getur verið sýningarstjarna en samt verið slæmur á taugum. Eigandi eða sýnandi getur leynt slíkum galla en gallarnir koma alltaf fram í erfðunum; maður platar ekki genin svo að aldrei skyldi líta á taugarnar sem léttvægan hlut.

Ég tel að eitt af stærstu leyndarmálum minnar ræktunnar sé sú staðreynd að í tvo áratugi hef ég leitast við að byggja upp sterkara taugakerfi í hundunum mínum. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Hundar sem eru taugasterkir eru heilsugóðir og hamingjusamir hundar. Það er mun auðveldara að hafa þá á heimili og auðveldara að sýna þá og rækta undan þeim. Hafið hugfast að möguleikarnir verða miklu fleiri með hunda sem eru sterkir á taugum og ekki gleyma að þeim líður vel.

Þegar allt kemur til alls verður líf ræktandans einnig auðveldara með hundum sem eru heilbrigðir og sterkir á taugum. Þetta er svo mikilvægt í ræktuninni að aldrei skyldi gera málamiðlanir varðandi þetta atriði.





Frá Hundaræktarfélagi Íslands

www.hrfi.is – hrfi@hrfi.is

Opnunartími skrifstofu er sem hér segir: Mánudag til föstudag frá kl.10.00-15.00

Áður en hundur er augnskoðaður, mjaðma- og/eða olnbogamyndaður skal hann örmerktur. Auk þess skulu hundar sem taka þátt í viðburðum á vegum félagsins, t.d. sýningum, veiði, hlýðni og sporaprófum svo og skapgerðarmati, einnig vera örmerktir. Þetta ákvæði gildir fyrir alla hunda, óháð fæðingardegi. Sé þessi regla ekki uppfyllt, hefur hundurinn ekki rétt til þátttöku.

Mjaðma- og/eða olnbogamyndir er núna hægt að senda til aflestrar til SKK (sænska hundaræktarfélagsins). SKK lofar niðurstöðu innan við 10 daga frá því að myndir berast þeim. Dýralæknar sjá um að senda myndirnar til SKK en greitt er fyrir aflesturinn á skrifstofu HRFÍ. Sjá nánari upplýsingar á vefsíðu félagsins, www.hrfi.is.

Að gefnu tilefni telur stjórn HRFÍ áriðandi að ítreka það að ræktendur noti ekki til undaneldis þá hunda sem uppfylla ekki þau heilsufarspróf (t.d. augnskoðun, mjaðmamyndun og/eða olnbogamyndir) sem gilda fyrir tegundina.

Á skrifstofu félagsins eru ýmsar vörur til sölu, t.d. peysur, bolir, barmmerki, rósettur og hundamöppur og bendum við sérstaklega á nýjar gerðir af rósettum, en núna er hægt að kaupa sér-rósettu fyrir 1.sæti, meistaraefni, heiðursverðlaun, besta hvolp tegundar og besta öldung tegundar.

Þeir sem hafa áhuga á að starfa að sýningum félagsins eru beðnir að setja sig í samband við skrifstofu. Alltaf er þörf á góðu fólki sem tilbúið er að leggja hönd á plóg við uppbyggingu á starfsemi félagsins.

Boðið er upp á sýningarþjálfun í umsjón ræktunardeilda og Unglingadeildar fyrir sýningar Hundaræktarfélagsins. Nánar auglýst á vefsíðunni.

Til að tryggja að innfluttir hundar komist á sýningu þurfa gögn þess efnis, þ.e. frumrit ættbókarskírteinis, staðfesting á eiganda hunds og staðfesting á veru hundsins í einangrunarstöð, að hafa borist skrifstofu tveimur vikum fyrir síðasta skráningardag. Sama gildir um skráningu gota.

Augnskoðun hunda með ættbók frá HRFÍ er fyrir virka félagsmenn. Hundaeigendur, sem ekki eru félagsmenn í HRFÍ en með hunda í ættbók HRFÍ, geta skráð sig í augnskoðun gegn hærra gjaldi. Hundar virkra félagsmanna ganga fyrir í augnskoðun. Vegna smithættu hvolpa er eigendum nýgotinna tíka vinsamlegast bent á að koma ekki með þær í augnskoðun. Augnskoðun hunda er ekki endurgreidd nema viðkomandi boði forföll tímanlega

Vinsamlegast tilkynnið til skrifstofu félagsins breytingar á heimilisfangi, símanúmeri, póst- og netfangi einnig ef ættbókafærður hundur í ykkar eigu deyr.

Á döfinni

Hvolpasýning 25. janúar 2014

Gæludýr.is Korputorgi
Skráningarfrestur rennur út föstudaginn 10. janúar
Dómarar: Tilkynntir síðar

Alþjóðleg hundasýning 22.- 23. febrúar 2014

Klettagörðum Reykjavík
Skráningarfrestur rennur út föstudaginn 24. janúar
Dómarar: Arne Foss (Noregur), Francesco Cochetti (Ítalía), Kurt Nilsson (Svíþjóð), Benny Blid (Svíþjóð), Kenneth Edh (Svíþjóð) og Branislav Rajić (Slóvenía)

Tvöföld afmælisýning 21. – 22. júní 2014

Víðidal Reykjavík
Reykjavík Winner á laugardag og alþjóðleg sýning á sunnudag.
Skráningarfrestur rennur út föstudaginn 23. maí
Dómarar: Gunnar Nymann (Danmörk), Malgorzata Supronowicz (Pólland), Tomasz Borkowski (Pólland), Birgitta Svarstad (Svíþjóð), Péter Harsányi (Ungverjaland), Eivind Mjaerum (Noregur) og fl.

Hundaskóli HRFÍ býður upp á fjölbreytt námskeið fyrir hundaeigendur. Hundanámskeið eru í fullum gangi og eru opin öllum hundum. Skráning og upplýsingar er á vefsíðu HRFÍ.

Vinnupróf og æfingar á vegum Vinnuhundadeildar eru auglýst á vefsíðu deildarinnar.

Veiðipróf fyrir retriever- og standandi fuglahunda eru auglýst á vefsíðum deildanna.

Augnskoðun verður næst helgina 22.-23. febrúar í tengslum við hundasýninguna, staðsetning auglýst síðar. Tímappantánir fara fram á skrifstofu. Gefa skal upp ættbókarnúmer hunds og ganga frá greiðslu um leið og hundur er skráður.

Babydog milk

1st age milk



- ÖRUGG MELTING
- AUÐVELT AÐ ÚTBÚA
- ENDURBÆTT MEÐ DHA
- SAMFELLDUR VÖXTUR



Cavalierdeild



BOB og BOS á nóvembersýningunni með dómáranum, Tatjónu Urek.

28 cavalierar voru skráðir á septembersýningu HRFÍ, þar af 4 hvolpar. Svein Helgesen frá Noregi dæmdi cavalierana og Hans Van den Berg frá Hollandi tegundahóp 9. Rauðu borðarnir voru í góðum meirihluta, en 17 cavalierar fengu excellent, 6 very good og 1 good. 11 fengu meistarefnisborða. Segja má að það hafi verið góð uppskera á þessari sýningu, þar sem við eignuðumst 2 alþjóðlega meistara og 1 íslenskan.

BOB var RW-13 ISCh Ljúflings Dýri sem fékk sitt fjórða cacib-stig og verður því alþjóðlegur meistari eftir staðfestingu FCI. Annar besti rakki, Hrísnes Krummi Nói fékk meistarastig og vara-cacib og var þetta þriðja stigið hans og er hann því íslenskur meistari. BOS var Ljúflings Hetja, sem fékk sitt fyrsta meistarastig, en þar sem hún var of ung til að vinna cacib-stigið kom það í hlut ISCh Sandasels Kviku sem var önnur besta tik og var það fjórða stigið hennar. Hún verður því einnig alþjóðlegur meistari eftir staðfestingu FCI. Eigandi og ræktandi Ljúflings Dýra og Ljúflings Hetju er María Tómasdóttir, eigandi Hrísnes Krumma Nóa er Guðbjörg Björnsdóttir og ræktandi Þuríður Hilmarsdóttir. Eigandi og ræktandi ISCh Sandasels Kviku er Kolbrún Þórlindsdóttir. Ljúflings Dýri keppti í tegundahópi 9 og náði þar 4. sætinu.

Besti hvolpur 4–6 mánaða var Drauma Embla, eigandi og ræktandi, Ingibjörg E.Halldórsdóttir og besti hvolpur 6–9 mánaða Yndisauka Heimasæta, eigandi og ræktandi, Berglind Ásta Jónsdóttir.

Á nóvembersýningu félagsins 16.–17. nóvember voru 35 cavalierar skráðir, þar af 7 hvolpar. Mikill samdráttur miðað við sömu sýningu í fyrra en þá voru 50 skráðir, þar af 16 hvolpar. Færri hvolpar hafa fæðst þetta árið heldur en undanfarin ár og er það sennilega skýringin að hluta til. Dómari var Tatjana Urek frá Slóveníu sem einnig dæmdi tegundahóp 9. 17 cavalierar fengu excellent, 4 very good og 4 good, 10 fengu meistaraefnisborða.

BOB var RW-13 ISCh Ljúflings Dýri

og BOS Ljúflings Hetja. Bæði fengu cacib-stig og Hetja sitt annað meistarastig. Annar besti rakki, Bjargar Kaldi, hlaut meistarastig og vara-cacib. Eigandi hans er Guðrún Birna Jörgensen og ræktandi Ásta Björg Sigurðardóttir. Önnur besta tik var ISCh Sandasels Kvika með vara-cacib. Ljúflings Dýri sótti í sig veðrið og náði 3. sætinu í tegundahópi 9.

Besti hvolpur 4–6 mánaða var Litlu-Giljúr Vaskur Þokki, eigandi og ræktandi, Gerður Steinarsdóttir og besti hvolpur 6–9 mánaða Tröllatungu Máni, eigandi og ræktandi, Sigríður Elsa Oddsdóttir.

Nánari sýningarúrslit eru á heimasíðu deildarinnar www.cavalier.is – undir sýningar - úrslit.

Um 80 cavalierhvolpar hafa komið í heiminn á tímabilinu janúar–október og ekki útlit fyrir að margir bætist við úr þessu en undanfarin ár hafa 120–135 hvolpar bæst við stofninn árlega. Ræktendur hafa því brugðist á réttan hátt við minnkandi eftirspurn.

Tveir cavalierar hafa verið fluttir inn á árinu: Loranka's Edge Of Glory, blenheim rakki frá Englandi, eigandi hans er María Tómasdóttir og Russmic Mordrid, black and tan rakki, einnig frá Englandi. Eigandi hans er Edda Hlín Hallsdóttir.

Tvær gönguferðir voru á vegum deildarinnar í haust og var mjög góð þátttaka í þeim. Árdalsgangang var 15. september og mættu þar 35–40 cavalierhundar ásamt eigendum sínum þó veðurguðinir væru í sérdeilis ROK- og rigingaruðu. Þrátt fyrir veðrið var þetta fin ganga þó flestir yrðu ansi blautir, bæði hundar og menn. Í október fórum við í göngu um efri hluta Elliðaárdals og þá lék veðrið svo sannarlega við okkur. Mæting var með besta móti 37 cavaliereigendur með 34 hunda. Við tókum líka þátt í Laugavegsgöngu HRFÍ en þar mættu aðeins 15 cavalierar með eigendum sínum. Í nóvember var áætlað að ganga kringum Vífilstaðavatn en sú ganga féll niður vegna, vægast sagt, mjög óhagstæðra veðurskilyrða. Þó cavaliereigendur láti veðrið sjaldan stoppa sig var þetta einum of mikið af því góða. Við hvetjum nýja og gamla cavaliereigendur til að taka þátt í þessum skemmtilegu göngum, ekki síst hundanna vegna. Göngudagskráin er birt á heimasíðunni www.cavalier.is.

Deildin óskar ykkur öllum gleðilegrar hátíðar og þakkar fyrir árið sem er að líða.

F.h.stjórnar,
María Tómasdóttir.

Chihuahuedeild



Lítið hefur borið að góma hjá deildinni þetta haustið. Ekkert varð úr haustgöngunni, sem fyrirhuguð var, vegna látlausra rigninga en vonandi getum við farið af stað með hækandi sól.

Við höldum okkar sýningaþjálfanir fyrir haust- og vetrarsýningarnar og var virkilega vel mætt

á þær. Komum við til með að halda þeim áfram. Einnig vorum við með okkar rómaða hlaðborð á báðum þessum sýningum og er stefna okkar að halda því áfram.

Fyrirhugað er að halda hvolpadag í febrúar/mars 2014 og verður hann auglýstur þegar nær dregur. Á nýju ári er á döfnni að vera með eitthvað skemmtilegt fræðslufni.

Haustsýning 7. september 2013

Dómari: Hans van den Berg Snöggir

BOB: Himna Simbi sem varð einnig BIG 1

BOS: ISCh RW-13 Vindsvala Kreppa

BÖT: ISCh Perluskins Cairo Paolo

Besti ræktunarhópur

tegundar: Himna-ræktun HP

Síðhærðir

BOB: ISCh Rosalago MM's Xavier

BOS: ISCh Himna Lotta Skotta

B.hv.t. 1: Hrímnis Ísing

B.hv.t. 2: Himna Pruma

B.ð.t.: ISCh C.I.B. RW-13 Himna Sól

Vetrarsýning 17. nóvember 2013

Dómari: Ásta María

Guðbergsdóttir

Snöggir

BOB: RW-13 Himna Huginn

BOS: ISCh RW-13

Vindsvala Kreppa

Besti ræktunarhópur

tegundar 1: Vindsvala-ræktun HP

Besti ræktunarhópur

tegundar 2: Himna-ræktun HP

Síðhærðir

BOB: ISCh Vindsvala Gróði

BOS: ISCh Vindsvala Góa

Hvolpar 4-6 mánaða

B.hv.t. 1: Himna Fálki

B.hv.t. 2: Himna Lóa

BÖT: C.I.B. ISCh RW-13 Himna Sól

Besti ræktunarhópur

tegundar 1: Vindsvala-ræktun HP

Besti ræktunarhópur


tegundar 2: Himna-ræktun HP

Að lokum hvetjum við félagsmenn til að fylgjast með starfi deildarinnar á heimasíðu hennar, www.chihuahuahrfi.is og einnig á Fésbókinni því að margt spennandi er á döfnni.

Einnig viljum við minna ræktendur á að skrá hvolpakaupendur á póstlista deildarinnar, hrfichihuahua@gmail.com

Kveðja, stjórinn.

Mjöhundadeild



Whippet í leik.

Stjórn Mjöhundadeildar eftir ársfund 2013:

Magnea Friðriksdóttir formaður, Eyrún Steinsson gjaldkeri, Selma Olsen ritari, Friðrik Helgason meðstjórnandi og Drifa Örvarsdóttir meðstjórnandi.

Beituhlaup

Beituhlaupsnefndin hefur staðið fyrir reglulegum beituhlaupsæfingum í sumar. Mikill áhugi er fyrir þessu sporti og hafa 18 hundar klárað 3 licensehlaup og 11 aðrir hundar hafa tekið 1-2 licensehlaup.

Sýningaþjálfun

Deildin hefur staðið fyrir sýningaþjálfunum sem hafa verið mjög vinsælar. Deildin vill þakka þeim stelpum sem hafa komið og hjálpað til við þjálfanirnar, það hefur verið alveg ómetanlegt.

Alþjóðleg sýning HRFÍ

7.-8. september 2013.

Dómarar: Frank Kane og Laurent Pichard.

Afghan Hound

Dómari: Frank Kane

C.I.B. ISCh Alphaville's Stand By Me – BOB, BIG 1

ISCh Enigma Dreams Final Fantasy – CACIB, BOS

Saluki

Dómari: Frank Kane
ISCh Gehela's Badih Malikh – CACIB, BOB, BIG 2 (fékk sitt 4. CACIB)

ISCh Chisobee's Jared – CACIB, BOS

Whippet

Dómari: Laurent Pichard

Zen-Zero's Amazing Don't Ya Think – BOB hvolpur 6-9 mánaða

Leifturs Skúta - meistarastig, CACIB, BOB, BIG 3

C.I.B. ISCh Siprex Dante – BOS

Alþjóðleg hundasýning HRFÍ 16.-17. nóvember 2013.

Dómari: Gerard Jipping.

Afghan Hound

C.I.B. ISCh Alphavilles Stand By Me – BOB, BIG 1

Glitnir Skuld – meistarastig, CACIB, BOB

Saluki

C.I.B. ISCh Gehela's Badieh Malihak – CACIB, BOB, BIG 2

ISCh Chisobees Jared – CACIB, BOS (fékk sitt 4. CACIB)

Whippet

Leifturs Harpa- BOB hvolpur 4-6 mánaða, BIS 2

Leifturs Taktur - BOS hvolpur 4-6 mánaða

Zen-Zero's Awesome As Always - BOB hvolpur 6-9 mánaða

Tylko Ty Planeta Wenus – meistarastig, BOB, BIG 3 (of ung fyrir CACIB)

Springeldens Dolce Ranocchio – meistarastig, CACIB, BOS

Það er von okkar sem stöndum að deildinni að hægt verði að efla starf hennar enn frekar og ekki er ólíklegt að það takist. Töluverð frjósemi hefur verið í deildinni og hundum því fjölgað aðeins og því fylgir nýtt áhugasamt fólk sem er vonandi tilbúið til þátttöku. Nokkur pláss losna í stjórn deildarinnar á næsta ári og hvetjum við áhugasama, sem tilbúnir eru að taka þátt í starfi deildarinnar, að kynna sér málið. Það er meðal annars hægt með því að senda póst á netfang deildarinnar, mjohundar@gmail.com

Kær kveðja
stjórn Mjóhundadeildar.

Papillon- og phaléneideild



Royal Ice Poseidon BOB og Englakots Dancing Queen BOS. Ljósmyndari Sóley R. Ragnarsdóttir.

Úrslit síðustu sýningar

Á sýningunni 7. september voru úrslitin þessi:

Papillon

BOB ISCh Hálsakots Flamin' Hot 'N' Gorgeous

BOS C.I.B. ISCh Silenzio's Theresia BÖT C.I.B. ISCh Silenzio's Theresia, 2. sæti í úrslitum

B.HV.T. 4-6 mánaða Kastala Wonderful RockStar, 3. sæti í úrslitum

B.HV.T. 6-9 mánaða Butterfly's Kisses Rudolph The Red Nosed Reindeer, 2. sæti í úrslitum

Besti ræktunarhópur frá Hálsakots-ræktun, 3. sæti í úrslitum

Phaléne

BOB Hálsakots Petit Parfait

Haldin var sérsýning á vegum deildarinnar þann 19. október.

Dómari var

Ásta María Guðbergsdóttir sem útskrifaðist sem dómari í vor. Úrslit voru þessi:

BOB Royal Ice Poseidon
BOS Englakots Dancing Queen
BÖT Höfðaborgar Myrri
Besti ræktunarhópur frá Höfðaborgar-ræktun

Veitt voru aukaverðlaun í þessum flokkum:

Hlíðar Draumur vann flokkinn „geldir og klipptir“.
Englakots Dancing Queen var með fallegustu eyrnahárin og fallegustu hreyfingarnar.
Hlíðar Sindri var með fallegasta svipinn.

Að lokum var happdrætti sem vakti mikla lukku. Bestu þakkir til styrktaraðila sýningarinnar.

Úrslit af sýningunni 17. nóvember:

Papillon

BOB Hálsakots Something Is Burning

BOS Butterfly's Kisses Chiquitita B.HV.T. 6-9 mánaða Aiming High "Team" Dash Of Class

Besti ræktunarhópur frá Butterfly's Kisses-ræktun.

Besti afkvæmahópur undan Hálsakots Desiree Le Grande, 2. sæti í úrslitum

Phaléne

BOB C.I.B. RW-13 ISCh Hálsakots Better Be Something Good

Hundar sem hlutu íslenskan meistaratitil á árinu voru Hálsakots Dream A Little Dream, Hálsakots Love Me Like You Do og Englakots Dancing Queen. Alþjóðlegan meistaratitil hlaut C.I.B. RW-13 ISCh Hálsakots Better Be Something Good.

Það hefur margt verið gert til gamans á þessu ári innan deildarinnar. Síðasti viðburður ársins, Fiðrildajólin, voru þann 24. nóvember. Við þökkum kærlega fyrir árið sem er að líða.

Minum á vefsíðu deildarinnar www.papillonideild.is

og tölvupóstlista papillonideild@gmail.com

Fyrir hönd stjórnar,
Guðný Stefánía
Tryggvadóttir, ritari.

Retrierverdeild



Suðurlhara Atlas hlaut Retrierverbikarinn fyrir að vera besti hundur seinni daginn á Hunkubakkaprófinu í ár. Eigandi er Heiðar Sveinsson.

Enn eitt sumarið að baki þar sem aðsókn að veiðiprófum og viðburðum Retrierverdeildar HRFÍ sló öll met. Frá því að skrifað var í síðasta blað hafa verið haldin þrjú veiðipróf og tvær sýningar á vegum HRFÍ.

Sýningar

7. og 8. september síðastliðinn var haldin sýning á vegum HRFÍ, þátt tóku 54 labrador, 24 golden og 2 flat coated. Alls voru 720 hundar skráðir, retriever hundar eru því nú sem fyrr rúmlega 10% af skráðum hundum. Helstu úrslit:

Golden: Besti hvolpur 4-6 mánaða: Amazing Gold Hamingju Perla (jafnframt besti hvolpur sýningar), besti hvolpur 6-9 mánaða: Perlugull Aska, BOB: ISShCh Great North Golden Sunrise Glacier, BOS: C.I.E. ISShCh Allways on My Mind of Famous Family.

Labrador: Besti hvolpur 4-6 mánaða: Sólstorms What's This Life, besti hvolpur 6-9 mánaða: Stekkjardals Gaius, BOB: ISShCh Buckholt Cecil, BOS: Freyvangs Dimma.

Flat Coated: BOB: Almanza Too Soon To Panic.

Nóvembersýning fór fram 17.-18. nóvember. Þátt tóku 52 labrador og 21 golden. Alls voru rúmlega 800 hundar skráðir. Helstu úrslit:

Golden: Besti hvolpur 6-9 mánaða: Amazing Gold Hamingju Perla, BOB: C.I.E. ISShCh Allways On My Mind of Famous Family, BOS: ISShCh Amazing Gold Beauty of Amazing Gold. Labrador: Besti hvolpur 4-6 mánaða: Leynigarðs Huginn, besti hvolpur 6-9 mánaða: Sólstorms One Last Breath, BOB: ISShCh Mánasteins Birta, BOS: Hólabergs Famous Sport.

ISSHCH Musical's The Hostage í eigu Jóninnu Hjartardóttur og ISShCh Leinigarðs Loki í eigu Sigrúnar R. Guðlaugardóttur náðu því að verða íslenskir sýningar-meistarar á septembersýningunni.

Það er ekki hægt að skilja við sýningar án þess að geta öflugs starfs hjá félagmönnum í sýningarþjálfun og voru þessi námskeið mjög vel sótt og kennarar lögðu mikinn metnað í þetta starf.

Veiðipróf

Þrjú próf hafa verið haldin frá síðasta blaði. Árlegt tveggja daga próf var nú haldið í og við Hunkubakka eftir tveggja ára hlé 10. og 11. ágúst. Þátttaka var mjög góð og fullur dagur báða daga. Dómari var Morten Kjelland frá Noregi. Besti hundur seinni daginn í ÚFL-B fékk Retrierverbikarinn og hlutskarpastur í ár var Heiðar Sveinsson með Suðurlhara Atlas. Deildarmeðlimir fjölmenntu austur og var stemning mjög góð. Lokapróf ársins var síðan 14. september við Draugatjörn og var góð þátttaka og luku 11 hundar próf.

ISFtCh Tåta í eigu Ívars Guðmundssonar og ISFtCh Kolkúós Jara í eigu Elmars Björgvins Einarssonar náðu árangri til íslensks veiðimeistara síðan síðasta blað kom út.

Stigahæsti hundur á veiðiprófum 2013 er: ISFtCh Ljósavíkur Assa, eigandi Jens Magnús Jakobsson.

Skemmti- og göngunefnd

Þetta sumar og reyndar árið allt hefur nefndin haldið úti skemmtilegum viðburðum og kemur jafnframt að flestu sem aðrar nefndir skipuleggja. Þetta hefur þjappað hópnum vel saman og dómara sem hafa komið hingað hafa lofað samhug og jákvæðni í starfinu. Það er ljóst að allir koma þar að en ekki er hlutur skemmti- og göngunefndar þar ofmetinn. Staðið hefur verið fyrir alls konar uppákomum, skemmtikvöldum, bingó, gönguferðum og fleiru.

Enn sem fyrr bjóðum við alla nýja

hvolpaeigendur velkomna og er þetta gróskumikla starf sem nefndir og félagsmenn standa að hvati fyrir nýja hvolpaeigendur að kynna sér starfið. Þið sem hugið að hvolpakaupum ekki hika við að hafa samband við félagsmenn, hvort sem er beint eða í gegnum Facebook-síðu deildarinnar. <http://www.facebook.com/groups/retrieverdeild.hrfi/>

Að lokum þakkar stjórn öllum sem hafa komið að starfinu hjá okkur fyrir frábært ár og hlakkar til að takast á við nýja tíma.

F.h. stjórnar Retrieverdeildar, Heiðar Sveinsson

Schäferdeild



Flottur hópur í haustgöngu Schäferdeildarinnar sem fram fór í Hafnarfirði.

Þann 24. ágúst hlaut ISCh OB 1 Kolgrímu Blaze Hólm titilinn ISTRCh (Icelandic Tracking champion) með því að klára spor 3. Schäfer-tíkin Kolgrímu Blaze Hólm er fyrsti hundur á Íslandi til að hljóta sporameistaratitilinn. Til að hljóta titilinn þarf að klára sporapróf 1, 2 og 3. Stjórn Schäferdeildarinnar óskar eiganda og stjórnanda Blaze, Sírý Höllu, innilega til hamingju með þennan frábæra árangur. Það er von okkar að Sírý hafi nú rutt brautina og að Blaze sé bara fyrsti af mörgum sporameisturum í tegundinni á komandi árum.

Alþjóðleg hundasýning HRFÍ fór fram helgina 7.-8. september. Að þessu sinni voru skráðir 29 snögghærðir schäfer-hundur og fjórir síðhærðir. Besti hundur tegundar hjá snögghærðum schäfer varð Gjósku Osbourne-Tyson og besti hundur af gagnstæðu kyni varð RW-13 ISCh Kolgrímu Dee Hólm. Gjósku Osbourne-Tyson endaði í öðru sæti í tegundahópi 1. Besti hundur hjá síðhærðum schäfer varð Kolgrímu Flash Back Hólm og besti hundur af gagnstæðu kyni varð Kolgrímu Gypsy Woman Hólm.

Nóvembersýning HRFÍ fór fram helgina 16.-17. nóvember. Að þessu sinni voru skráðir 42 snögghærðir schäfer-hundur og 10 síðhærðir. Hjá snögghærðum schäfer varð besti hundur tegundar Gjósku Mylla en besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni varð Gjósku Olli. Gjósku Mylla endaði svo í þriðja sæti í tegundahópi 1. Gjósku Rósant varð besti hvolpur tegundar 4-6 mánaða og endaði

sem besti hvolpur sýningar. Þá varð RW-13 C.I.B ISCh Welincha's Yasko með afkvæmum, besti afkvæmahópur dagsins. Besti hundur tegundar hjá síðhærðum schäfer varð Svarthamars Garpur og besti hundur tegundar af gagnstæðu kyni varð Kolgrímu Gypsy Woman Hólm. Besti hvolpur tegundar varð Gjósku Rosi-Loki.

Tveir hundar hafa hlotið titilinn íslenskur meistari (ISCh) nýverið. C.I.B. NORD SE NO DK UCh ISCh DKW-09 NW-09 KBHW-09&10 SCHH3 BH AD Xen Av Quantos. Eigandi hans er Gísli V. Gunnarsson og ISCh RW-13 Kolgrímu Dee Hólm. Eigendur hennar eru Sírý Halla Stefánsdóttir og Leif Vidar Belgen. Hamingjuóskir til eigenda.

Komin er hefð fyrir því að félagsmenn Schäferdeildarinnar hittist í desember á hverju ári og fari yfir árangur ársins á sýningum og í vinnu. Heiðraðir voru stigahæstu hundar og stigahæstu ræktendur Schäferdeildarinnar á sýningum. Þar gildir samanlagður árangur á sýningum ársins samkvæmt reglum deildarinnar. Stigahæstu hundar í vinnuþrófum ársins voru einnig heiðraðir. Tveir ræktendur deildu með sér titilinum stigahæsti ræktandi deildarinnar 2013, með nákvæmlega jafnmörg stig. Það voru þær Arna Rúnarsdóttir (Gjóskuræktun) og Sírý Halla Stefánsdóttir (Kolgrímuræktun). Stigahæsti hundur í snögghærðum Schäfer varð stigahæsta snögghærða tik ársins, RW-13 ISCh Kolgrímu Dee Hólm. Stigahæsti snögghærði rakki ársins varð RW-13 C.I.B. ISCh Welincha's Yasko. Stigahæsti síðhærði rakki ársins varð Svarthamars Garpur og stigahæsta síðhærða tik ársins varð Kolgrímu Gypsy Woman Hólm. Rakkinn og tíkin enduðu með jafn mörg stig eru því bæði stigahæsti síðhærði Schäfer ársins. ISCh ISTRCh OB 1 Kolgrímu Blaze Hólm fékk sérstök heiðursverðlaun frá deildinni fyrir þann frábæra árangur að vera fyrsti íslenski sporameistarinn. Kolgrímu Díva Hólm var heiðruð fyrir að vera stigahæst í hlýðni-brons á árinu. Innilegar hamingjuóskir til ræktenda ársins sem og eigenda og ræktenda þessara glæsilegu hunda fyrir framúrskarandi árangur á árinu.

Kveðja,

Shih tzu deild

Úrslit sýninga á árinu:

Febrúar 2013

BOB Paradise Passion Chris Rene
BOS Ta Maria Wot a Bee

Sumarsýning:

BOB RW-13 ISCh Perluskins
Everyones Fantasy
BOS Ta Maria Wot a Bee

Haustsýning

BOB RW-13 ISCh Perluskins
Everyone's Fantasy
BOS ISCh Santosha Angeldust
B.HV.T. Teresajo Bingo

Nóvember 2013

BOB Paradise Passion Chris Rene
BOS Gin Gin von Savaredo
B.HV.T. Aran Leo

Alþjóðlegir meistarar á árinu:
C.I.B. ISCh Santosha Angeldust
C.I.B. ISCh Perluskins
Everyones Fantasy

Íslenskir meistarar á árinu:
ISCh Ta Maria Wot a Bee
ISCh Paradise Passion
Chris Rene

Innfluttir hundar á árinu:
Ta Maria Boombastic Beat
Santosha Dark Angel
Gin Gin von Savaredo

Það fjölgaði heldur betur í hópnum en á árinu fæddust 14 rakkar og 6 tikur.

Kveðja,
stjórn Shih tzu deildar.

Siberian husky deild



Sýningar

Septembersýning

Besta ungvíði 4-6 mánaða og BPIS-2: Raq Na Rock's Hrafnkatla
Besti hvolpur 6-9 mánaða og BPIS-1: Eyberg Ice Drogon
BOB og BIG-2: RW-13 ISCh Miðnætur Rum Tum Tugger
BOS: C.I.B ISCh Anyka Bootylicios Babe
BOB öldungur og BIS öldungur: C.I.B ISCh Anyka Bootylicios Babe

C.I.B ISCh Anyka Bootylicios Babe og afkvæmi voru besti afkvæmahópur laugardags. Miðnætur-ræktun átti besta ræktunarhóp laugardags.

Nóvembersýning

Besta ungvíði 4-6 mánaða og BPIS-3: Múla Ice White Thunder

„Tindur“

Besti hvolpur 6-9 mánaða og BPIS-1: Raq Na Rock's Hrafnkatla
BOB og BIG-1: ISCh Múla Hríma
BOS: DKCh ISCh Múla Blanco Islandur
BOB öldungur og BIS 2 öldungur: C.I.B ISCh Anyka Bootylicios Babe

C.I.B ISCh Anyka Bootylicios Babe og afkvæmi voru besti afkvæmahópur laugardags.

Miðnætur-ræktun átti annan besta ræktunarhóp laugardags.

Got

Alls hafa verið 4 got á árinu, samtals 21 hvolpur.

Stigahæstu hundar

Stigahæsti öldungur tegundar og HRFÍ yfir alla tegundir:

1. C.I.B. ISCh Anyka Bootylicios Babe

Stigahæstu hundar:

1. RW-13 ISCh Miðnætur Rum Tum Tugger
2. ISCh Múla Hríma
3. ISCh Miðnætur Colorful Iris
4. RW-13 Miðnætur Glamorouz Grizabella
5. C.I.B. ISCh Anyka Bootylicios Babe

Við viljum minna á augnskoðun á næsta ári og hvetja alla siberian husky-eigendur til að láta skoða augun á hundunum sínum.

Á döfinni

Við stefnum á að hittast á Reykjavíkurtjórninni kl. 12 á gamlársdag og eiga góðan dag saman.

Aðalfundur deildarinnar verður haldin í mars á næsta ári, dagsetning verður auglýst þegar nær dregur. Við viljum benda félagsmönnum á að það losna sæti í stjórn og viljum við eindregið mæla með að fólk bjóði sig fram.

Við viljum þakka Gæludýr.is fyrir frábæra styrki á liðnu ári á verðlaunagripum og hlökkum til að hitta ykkur öll á komandi ári.

F.h. Stjórnar Siberian husky deildar, Alexandra Björg Eyþórsdóttir, ritari.

Sankti bernhards deild



Sankti-Ice Home Of The Brave (Birta). Eigandi: Halla Harpa.

Frábæru sýningarári er lokið hjá tegundinni. Árið 2014 verður spennandi. Væntanlegt got og nýir hundar eru á leið til landsins.

Tegundin sýnir mörg merki þess að sterkur hópur fólks, eigenda og fjölskyldur þeirra beri hag tegundarinnar hátt. Árangur okkar kemur fram í velgengi á sýningum, vöndun á gotum og vali á undaneldishundum, sem og í niðurstöðum á heilsufari.

Stjórn Sankti bernhards deildar sendir bestu óskir um gleðileg jól og gott og farsælt komandi ár.

Svæðafélag HRFÍ á Norðurlandi



Veidihundabjálfun nýtur mikilla vinsælda fyrir norðan. Hér má sjá Stekkjarhvamms Garp einbeittan í sóknarvinnu.

Starfsemi Svæðafélags HRFÍ á Norðurlandi var með hefðbundnu sniði þetta árið. Dagskráin var fjölbreytt og yfirleitt vel sótt af félagsmönnum og öðru hundaáhugafólki.

Aðalfundur félagsins var haldin 5. mars. Líkt og árið áður var dræm mæting á fundinn. Stjórn gaf kost á sér áfram og komu engin mótfarboð og hélst stjórn því óbreytt.

Í mars framkvæmdi Jens Knudsen **augnskoðun** í Dýralæknaþjónustu Eyjafjarðar, Dýrey. Svæðafélagið kann þeim í Dýrey bestu þakkir fyrir veitta aðstoð í gegnum árin.

Hlýðnihittingar félagsins hafa staðið yfir í sex ár. Æfingarnar fara fram vikulega yfir vetrartímann og standa öllum til boða, óháð félagsaðild að HRFÍ. Mikil aðsókn hefur verið á æfingarnar sem fara ávallt fram utandyra í öllum veðrum.

Tvö hlýðninámskeið fóru fram á árinu sem voru vel sótt. Áhuginn á hlýðniþjálfun endurspeglast svo í góðri þátttöku í hinu árlega **hlýðniþrófi** Svæðafélagsins og Vinnuhundadeildar sem í ár var tvöfalt og fór fram helgina 19.-20. október. Dómari var Albert Steingrímsson. Alls tóku sjö hundar þátt í prófunum. Fyrri daginn voru skráði þrír í brons, þar af hlutu tveir bronsmerki og fjórir voru skráðir í hlýðni 1 og hlaut enginn 1. einkunn. Seinni daginn tók einn hundur þátt í bronsi og fimm í hlýðni 1. Að þessu sinni var bronsmerki ekki veitt en fjórir hundar hlutu 1. einkunn í hlýðni 1. Mikil og góð stemning myndast alltaf í prófunum og telur Svæðafélagið óhætt að stefna að öðru tvöföldu prófi að ári.

Góð þátttaka var einnig á **veiðiþrófi** Retrierverdeildar á Melgerðismelum í Eyjafjarðarsveit sem fór fram helgina 22.-23. júní. Óhætt er að fullyrða að hin gríðarlega aukning sem hefur orðið á sportinu eigi einnig við um retrievereigendur á Norðurlandi sem má merkja í skipulögðum æfingum og þátttöku í veiðiþrófum.

Líkt og fyrri ár stóð Svæðafélagið fyrir **sýningarþjálfunum** fyrir allar sýningar HRFÍ. Mikið hefur dregið úr aðsókn á æfingarnar þetta árið í samburði við fyrri ár. Þó er ákveðinn kjarni sem sækir hêðan reglulega sýningar en þeim gafst tvívégis tækifæri á sýningarnámskeiðum frá reyndum sýnendum frá Reykjavík og var vel af þeim látið.

Á heimasíðu Svæðafélagsins, <https://nordurhundar.wordpress.com> er að finna upplýsingar um stjórn félagsins og viðburði. Hægt er að skrá sig á póstlista félagsins á netfanginu nordurhundar@gmail.com. Einnig er félagið á Fésbókinni undir heitinu Norðurhundar.

Stjórn Svæðafélagsins sendir félögum sínum um land allt bestu kveðjur og óskir um gleðileg jól og heillaríkt nýtt ár og þakkar fyrir starfsárið sem er að líða.

Fyrir hönd Norðurhunda, Gunnhildur Jakobsdóttir.

D.Í.F



Afrekshundur ársins 2013 RW-13 ISCh OB-1 Stefsstells Skrúður og Elsa Lind

Alþjóðleg sýning 8. september 2013

Dómari Svein Helesen
BOB BIG1 BIS3: ISCh Snætinda Ísafold
BOS: Snætinda Loki ljúflingur
BÖT & BÖS4:
RW-13 C.I.B. ISCh Arnarstaða Romsa
Besta ungvíði teg. & 4. besti hvolpur dagsins:
Laufeyjar Lappi
Besti hvolpur tegundar:
Fagrahvamms Rimmugýgur

Alþjóðleg sýning 16. nóvember 2013

Dómari: Gerard Jipping
BOB BIG3: Arnarstaða Nagli
BOS: ISCh Snætinda Ísafold
Besti hvolpur tegundar:
Fagrahvamms Rimmugýgur

Dagatalið 2014

Dagatal deildarinnar er nú komið út og hefur verið sent öllum meðlimum DÍF. Áhugasamir geta nálgast dagatalið hjá dagatalsnefnd, upplýsingar má finna á heimasíðu deildarinnar. www.dif.is

Opið hús

Deildin hefur haldið opið hús þar sem öllum er velkomið að kíkja við og hlusta á áhugaverða fyrirlestra og fá sér kaffi og meðlæti. Þann 17. október var Guðrún R. Guðjohnsen með fyrirlesturinn "Íslenski fjárhundurinn fyrr og nú" og 28. nóvember fræddi Þórhildur Bjartmarz okkur um hundalíf í sögu þjóðar.

Afrekshundur ársins 2013

RW-13 ISCh OB-1 Stefsstells Skrúður var valinn afrekshundur ársins 2013. Hann er mikill vinur Elsu Lindar, hún er 10 ára gömul stúlka með CP og ódæmigerða einhverfu. Eftir að Skrúður varð partur af þjálfun Elsu hefur hún tekið mjög miklum framförum.

Linda Björk Jónsdóttir, ritari

Enskur cocker spaniel



Bjarkeyjar Thank You For The Music BOB á nóvembersýningunni.

Septembersýning

Á haustsýningu HRFÍ, 7.-8. september 2013 voru 17 hundar skráðir. Dómi var Frank Kane frá Englandi.

Besti hundur tegundar varð RW-13 C.I.E. ISShCh Bjarkeyjar Take A Chance On Me og annar besti hundur tegundar varð Bjarkeyjar Sóllilja. Annar besti rakki var

GBShCh Travellers Joy of Malpas með íslenskt meistarastrig og vara-CACIB, í 3. sæti var Bjarkeyjar Thank You For The Music með meistaraefni og í 4. sæti ISShCh Backhill's Xtreme and Bold með meistaraefni

Í tíkum voru úrslitin þessi:

BT-1 Bjarkeyjar Sóllilja með íslenskt meistarastrig og CACIB

BT-2 ISShCh Bjarkeyjar Kolbrá Lilja með meistaraefni og vara-CACIB

BT-3 ISShCh Æsuborga Charming Chanel með meistaraefni

BT-4 Allert's Custom-Made með meistaraefni

Bjarkeyjar –ræktunarhópur fékk heiðursverðlaun.

Nóvembersýning

Á nóvember sýninguna voru 14 hundar skráðir til leiks. Dómari var Paula Heikkinen-Lehkonen.

Besti hundur tegundar var Bjarkeyjar Thank You For The Music.

Annar besti hundur tegundar var Bjarkeyjar Sóllilja.

Úrslit rakkar:

BH-1 Bjarkeyjar Thank You For The Music með íslenskt meistarastrig, CACIB og 4. sæti í gruppu 8.

BH-2 RW-13 C.I.E. ISShCh Bjarkeyjar Take A Chance On Me með meistaraefni og vara-CACIB

BH-3 Cockergold So You Think You Can Dance með meistaraefni

BH-4 ISShCh Backhill's Xtreme and Bold með meistaraefni

Úrslit tíkur:

BT-1 Bjarkeyjar Sóllilja með íslenskt meistarastrig og CACIB

BT-2 Hrísdals Engla Good Luck Charm með meistaraefni og vara- CACIB

BT-3 ISShCh Æsuborga Charming Chanel með meistaraefni

BT-4 Allert's Custom-made með meistaraefni

Besti hvolpur tegundar var Siggu Jónu Benedikt Búálfur með heiðursverðlaun og lenti hann í 2. sæti í úrslitum um besta hvolp sýningar 4.-6. mánaða.

Bjarkeyjar ræktunarhópur fékk heiðursverðlaun.

Stigahæstu hundar ársins 2013

Samkvæmt útreikningi eru þessi fimm hundar stigahæstu fjórir cocker-hundarnir yfir árið 2013. Bjarkeyjar Thank You For The Music og Siggu Jónu Alfinnur Álfakóngur eru jafnir að stigum í 4.-5. sæti.

RW-13 C.I.E. ISShCh Bjarkeyjar Take A Chance On Me	20 stig
Bjarkeyjar Sóllilja (Kara)	14 stig
ISShCh Æsuborga Charming Chanel (Chanel)	12 stig
Bjarkeyjar Thank You For The Music (Nói)	10 stig
Siggu Jónu Alfinnur Álfakóngur (Dúddi)	10 stig

Nýr meistari

Breski lánsrakkinn GBSHCH Travellers Joy of Malpas fékk íslenskt meistarastig á september sýningunni og hefur HRFÍ nú veitt honum titilinn íslenskur sýningarmeistari (ISShCh).

Got

Þrjú got voru á árinu, það nýjasta hjá Augnaryndis ræktun í september. Þar voru 2 tikur og 3 rakkar. Faðir hvolpanna er innflutti rakkinn ISShCh GBSHCH Travellers Joy of Malpas og móðirin Æsuborga Radiant Ruby.

Nokkur got eru plönuð á nýju ári og best er að fylgjast með fréttum af gotum á heimasíðu deildarinnar www.enskurcocker.123.is.

Göngur

Ætlunin er að hafa skipulagðar göngur áfram. Síðasta ganga ársins var sunnudaginn 15. desember og var farið í jólakaffi á eftir.

Fyrir hönd deildarinnar óskum við öllum gleðilegra jóla og heillaríks nýs árs.

Guðrún Margrét Baldursdóttir og Inga Björk Gunnarsdóttir

Boxerdeild



RW-13 ISShCh Bjarkeyjar Meant To Be, stigahæsti boxer ársins 2013.

Septembersýning

Dómari var Frank Kane, sýndir voru 10 hundar.

ISShCh Walkon Icelandic Issue varð besti hundur tegundar með CACIB, annar besti rakki var RW-13 Son of A Gun at Berwynfa JW með íslenskt meistarastig og vara-CACIB.

BOS varð RW-13 ISShCh Bjarkeyjar Meant To Be með CACIB en önnur besta tik varð Tjarnarbyggðar Artemis sem hlaut íslenskt meistarastig og vara-CACIB.

Nóvembersýning

Dómari var Harri Lehtonen, sýndir voru 9 hundar.

RW-13 ISShCh Bjarkeyjar Meant To Be varð besti hundur tegundar, með CACIB og í 2. sæti í tegundahópi 2. Önnur besta tik varð Bjarkeyjar Ísold sem fékk sitt þriðja íslenska meistarastig og vara-CACIB.

Besti rakki tegundar var Bjarkeyjar Ísar og hlaut hann sitt þriðja meistarastig og CACIB. Annar besti rakki var RW-13 Son of A Gun at Berwynfa JW með vara-CACIB.

Innflutningur

Til landsins er kominn rakki, Robinsteck Al Pacino, í eigu Ernu Hrefnu Sveinsdóttur, Rakelar Óskar Þrastardóttur og Bjarkeyjar-ræktunar. Hann kemur frá Robinsteck-ræktuninni í Englandi og er afi hans sá frægi hundur, Ch. Twinkle Star v. Eurozone.

Got

Got var hjá Hagalíns-ræktun. Fæddust sjö hvolpar þann 8. september. Got eru væntanleg hjá Hagalíns-ræktun og Bjarkeyjar-ræktun snemma á nýju ári.

Stigahæsti boxer ársins

RW-13 ISShCh Bjarkeyjar Meant To Be er stigahæsti boxer ársins með alls 24 stig. Annar stigahæsti boxer ársins er Bjarkeyjar Ísold með 16 stig. Stigahæsti rakkinn var Bjarkeyjar Ísar með 15 stig.

Fyrir hönd deildarinnar sendi ég hugheilar jólakveðjur með von um heillaríkt nýtt ár.

Inga Björk Gunnarsdóttir.

Tíbet spaniel deild



BOB og BOS á alþjóðlegri sýningu í nóvember ásamt dómranum, Ástu María Guðbergsdóttur.

Sýningar

Alþjóðleg sýning var haldin 7.-8. september sl. Alls tóku 18 tíbet spaniel þátt, þar af 1 hvolpur sem stóð sig vel og fékk heiðursverðlaun. Dómari fyrir okkar tegund var Agnes Ganami frá Ísrael. Dómari tegundahóps 9 var Hans Van den Berg frá Hollandi.

Úrslit urðu eftirfarandi:

BOB var valinn RW-13 C.I.B. ISCh. Tíbráar Tinda Prayer Wheel Spinner „Rúbín“. Hann fékk CACIB. Hann gerði svo enn betur og varð í 3. sæti í tegundahópi 9. Eigandi hans er Kolbrún Jónsdóttir. Ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

BR 2 var valinn Tíbráar Tinda Tiger's Eye „Tiger“. Hann fékk sitt 1. meistarastig. Eigandi og ræktandi hans er Auður Valgeirsdóttir.

BR 3 var valinn C.I.B. ISCh Tíbráar Tinda Monastery's Guardian „Buddha“. Hann fékk vara-CACIB. Eigendur hans eru Auður Valgeirsdóttir og Rannveig Rúna Viggósdóttir. Ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

BR 4 var valinn Toyway Tim-Bu „Timbú“. Eigandi hans er Kolbrún Jónsdóttir. Ræktandi Jouko Leiviskä.

BR 5 var valinn Perlu-Lindar Bjartur. Eigandi hans er Steinunn Þórisdóttir. Ræktandi Berglind Björk Jónsdóttir.

BOS var valin RW-13 Tíbráar Tinda Pink Lotus „Lotus“. Hún fékk sitt 6. meistarastig og þar með rétt til að sækja um ISCh meistartitil. Hún fékk sitt 2. CACIB. Eigandi og ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

BT 2 var valin Perlu-Lindar Salka Sól. Hún fékk vara-CACIB. Eigandi og ræktandi Berglind Björk Jónsdóttir.

BT 3 var valin Perlu-Lindar Freyja. Eigandi og ræktandi Berglind Björk Jónsdóttir.

Hvolpar 6-9 mánaða:

BOB hvolpur með HP var valin tikin Perlu-Lindar Sóla. Eigandi og ræktandi Berglind Björk Jónsdóttir.

BOB ræktunarhópur var valinn Tíbráar Tinda-ræktun. Hópurinn fékk heiðursverðlaun og endaði sem BIS 4 ræktunarhópur dagsins. Ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

Farandbikara fyrir BOB og BOS gaf Tölvutraust ehf. (Guðrún Helga og Stefán) Gjafabikara fyrir fullloðna gaf JRJ (Kolbrún Jónsdóttir) Gjafabikar fyrir hvolpinn gaf JRJ (Kolbrún Jónsdóttir)

Þökkum við þeim kærlega fyrir gjafmildina.

Alþjóðleg sýning var haldin 16.-17. nóvember sl. Alls voru 19 tíbet spaniel þátt en enginn hvolpur í þetta sinn. Dómari fyrir okkar tegund var Ásta María Guðbergsdóttir frá Íslandi og var þetta í fyrsta sinn sem hún dæmdi tíbet spaniel.

Úrslit urðu eftirfarandi:

BOB var valin RW-13 ISCh Tíbráar Tinda Pink Lotus „Lotus“. Hún fékk sitt 3. CACIB. Eigandi og ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

BT 2 var valin Tíbráar Tinda Tourmaline „Lotta“. Hún fékk sitt 1. meistarastig. Eigendur Auður Valgeirsdóttir og Kristín Elfa Guðnadóttir. Ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

BT 3 var valin ISCh Móna. Hún fékk vara-CACIB. Eigandi hennar er Guðrún Helga Harðardóttir. Ræktandi Tina Marie Johnson.

BOS var valinn RW-13 C.I.B. ISCh Tíbráar Tinda Prayer Wheel Spinner „Rúbín“. Hann fékk CACIB.

BR 2 var valinn Tíbráar Tinda Tiger's Eye „Tiger“. Hann fékk sitt 2. meistarastig. Eigandi og ræktandi hans er Auður Valgeirsdóttir.

BR 3 var valinn C.I.B. ISCh Tíbráar Tinda Monastery's Guardian „Buddha“. Hann fékk vara-CACIB. Eigendur hans eru Auður Valgeirsdóttir og Rannveig Rúna Viggósdóttir. Ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

BR 4 var valinn Tíbráar Tinda Red Snap Dragon „Dragon“. Eigandi og ræktandi hans er Auður Valgeirsdóttir.

Tveir aðrir rakkar þeir Ares „Eros“ (eigendur Stefán Þórarinnsson/ Jóhanna Þórarinnsdóttir, ræktandi Guðrún Helga Harðardóttir) og Toyway Tim-Bu „Timbú“ (eigandi Kolbrún Jónsdóttir, ræktandi Jouko Leiviskä) fengu meistarefni (CK) en ekki sæti í úrslitum um besta rakka tegundar.

BOB ræktunarhópur var valinn Tíbráar Tinda-ræktun. Hópurinn fékk heiðursverðlaun og endaði sem BIS 1 ræktunarhópur dagsins. Ræktandi Auður Valgeirsdóttir. Dómari fyrir BIS ræktunarhópa dagsins var Seamus Oates frá Írlandi.

Farandbikara fyrir BOB og BOS í minningu G. Eyrúnar Gunnarsdóttur F.11.01. 1985 Ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

-D.23.12. 2011 gaf „Buddha“ (C.I.B. ISCh Tíbráar Tinda Monastery's Guardian). Gjafabikara fyrir fullorðna gaf JRJ (Kolbrún Jónsdóttir).

Þökkum þeim kærlega fyrir gjafmildina.

Nýir ISCh og C.I.B. meistarar

Nýr íslenskur meistari hefur fengið staðfestingu frá HRFÍ. Það er tíkin

RW-13 ISCh Tíbráar Tinda Pink Lotus „Lotus“. Eigandi og ræktandi hennar er Auður Valgeirsdóttir.

Tveir nýir alþjóðlegir meistarar hafa fengið staðfestingu frá FCI. Það eru C.I.B. ISCh Tíbráar Tinda Monastery's Guardian „Buddha“, eigendur Auður Valgeirsdóttir og Rannveig Rúna Viggósdóttir, ræktandi Auður Valgeirsdóttir og C.I.B. Tíbráar Tinda Tibet's Pride N Glory „Glory“. Eigandi og ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

Þess má geta að þessi tvö eru systkini og fékk bróðir þeirra RW-13 C.I.B. ISCh Tíbráar Tinda Prayer Wheel Spinner „Rúbín“ staðfestingu fyrr á árinu. Í fyrsta sinn í sögu tibet spaniel á Íslandi hefur heilt got náð þeim árangri að hljóta titilinn „alþjóðlegur meistari“.

Stjórn deildarinnar óskar eigendum og ræktendum hjartanlega til hamingju með hundana sína.

Ræktun-Fjölgun

Frostrósar Salka og C.I.B. ISCh Tíbráar Tinda Monastery's Guardian „Buddha“ eignuðust 4 hvolpa, 2 tíkur og 2 rakka þann 27. ágúst sl. Þau hafa öll fengið góða eigendur. Ræktandi þeirra er Dagný Egilsdóttir.

Innflutningur

Von er á nokkrum nýjum tibet spaniel hundum frá útlöndum þannig að það verður gaman að fylgjast með nýjum hundum í deildinni okkar á nýju ári sem fjölgar jafnt og þétt.

DNA test fyrir PRA3

Frá því í júlí sl. hefur verið hægt að DNA-prófa tibet spaniel við augnsjúkdómnum PRA 3. Þess má geta að þessi sjúkdómur er einn af PRA sjúkdómunum sem finnast í tegundinni og er jafnframt sá sjúkdómur sem leggst á hundana mjög unga og verða þeir blindir mjög ungir. Allar upplýsingar um testið má lesa um á rannsóknarstofu The Animal Health Trust í Englandi sem er sú eina sem framkvæmir þetta DNA-próf. Slóðin er <http://www.aht.org.uk/> Einnig er velkomið að hafa samband undirritaða um prófið.

Þegar þetta er skrifað hafa 7 tibet spaniel hundar verið prófaðir og voru allir greindir fríir af sjúkdómnum. Þess má

geta að áfram er nauðsynlegt að halda áfram að láta augnskoða hundana því fleiri augnsjúkdómar finnast sem ekki er enn hægt að DNA-prófa fyrir.

Við viljum minna tibet spaniel-eigendur á að láta augnskoða hundana sína reglulega til að hægt sé að fylgjast með stofninum. Skráning og allar upplýsingar á skrifstofu HRFÍ. Þeir sem ætla að rækta undan tíkunum sínum og eigendur undaneldishunda verða að vera með gild augnvottorð þegar parað er og má vottorðið ekki vera eldra en 13 mánaða við þörun (sjá reglur um undaneldi á heimasíðu HRFÍ). Einnig er nauðsynlegt að undaneldisdýr séu með ræktunardóm á sýningum áður en þau eru notuð í ræktun. Ef ræktendur óska eftir ráðleggingum ræktunarstjórnar um val á undaneldishundum skal senda skriflega beiðni til stjórnar að minnsta kosti 2 mánuðum fyrir áætlað lóðari tíkar.

Heimasíðan okkar er undir stjórn Helgu Kolbeinsdóttur. Slóðin er tibetspaniel.weebly.com Deildin heldur líka úti Facebook-síðu með fréttum og tilkynningum undir nafninu „Tibetan spaniel á Íslandi innan HRFÍ.- Tibetan spaniel in Iceland“. Tölvupóstur er sendur til allra sem eru á póstlistanum okkar um þær uppkomur og tilkynningar sem deildin stendur fyrir. Endilega látið okkur vita ef þið fáið ekki tölvupóst frá okkur og einnig ef breytingar verða á netfangi. Endilega fylgist með síðunum okkar, þar er allt sett inn um starf deildarinnar og uppkomur, eins og göngur og fleira ásamt upplýsingum um tegundina.

Með bestu kveðju og ósk um gleðilega jólahátíð og farsæld á nýju ári til ykkar allra.

F.h. stjórnar Tibet spanieldeildar HRFÍ,

Auður Valgeirsdóttir formaður.

tibra@heimsnet.is eða
tibbadeild@gmail.com sími
557-5622 eftir kl.13.00 alla daga.



NÝTT

Gerðu ráð fyrir breytingum



DAGUR

1

88% hunda og katta léttust á tveimur mánuðum; heima hjá sér*



DAGUR

60

og um
ókominn
ár...

Loksins, þyngdarstjórnun sem sannanlega virkar

Í rannsókn sem dýralæknar leiddu, léttust 88% af 314 gæludýrum um 0,7% af líkamsþyngd að meðaltali á viku. Heima.

Ræddu málið við dýralækninn þinn.
Meira á HillsVet.com/Metabolic



* Sjá niðurstöður hjá Hill's Pet Nutrition, Inc.
™ Trademarks owned by Hill's Pet Nutrition, Inc. ©2012 Hill's Pet Nutrition, Inc.

Fáanlegt fyrir bæði hunda og ketti



JR er langflottastur...

JR var valinn "BIS - BEST IN SHOW" af 720 hundum á sýningu HRFÍ.
JR nærast mjög vel á Pedigree hundafóðri.

Adult healthy vitality



Pedigree® Adult Vitality er framleitt úr sérvöldum hráefnum sem fullnægja næringarþörf hundsins þíns í hverri máltíð.

www.pedigree.is



Enginn viðbættur sykur



Þráð af dýralæknum



Engin tilbúin bragðefni



Öll næring sem hundurinn þinn þarf:
Réttu blanda af næringarefnum sem heldur hundinum þínum heilbrigðum og fullum af orku.



Heilbrigð húð og glansandi feldur:
Réttu blanda af Omega 3 og 6 fitusýrum gagnast hundinum þánnig að honum líði vel og líti vel út.



Styrkir náttúrulegar varnir: Vítamín E, andoxunarefni og valin steinefni stuðla að verndun náttúrulegra mótefna hundsins þíns.



Sterkar tennur og heilbriggt tannhold:
Sérmótaðir stökkir bitar sem halda tönnunum sterkum. Án viðbættis sykurs.



Vöðvabygging:
Úrváls kjötprótein styrkir vöðva.

Pedigree hvetur alla hundeigendur til að virða lög og reglur um hundahald.